

MEKÓ



Skjal sótt af '000000000000' dags: 19.08.2026

2024 Menningarmálin í Kópavogi

- Ritstjóri
Soffía Karlsdóttir, forstöðumaður menningarmála
- Ábyrgðarmaður
Pálmi Þór Másson, bæjarlögmaður
- Samantekt og samræming
Vigdís Másdóttir, markaðs- og kynningarstjóri menningarmála
- Umbrot
Sigríður Rún

Forsíða: Leifur Wilberg Orrason

Útgefið: Janúar 2026

EFNISYFIRLIT

ÁVARP FORSTÖÐUMANNSS MENNINGARMÁLA	5
---------------------------------------	---

MENNING Í KÓPAVOGI	7
--------------------	---

LISTA- & MENNINGARRÁÐ	7
Menningarstefna Kópavogs	8
Bæjarlistamaður	8
Styrkir lista- og menningarráðs	9

REKSTUR & MANNAUÐSMÁL	10
Fjárhagsáætlun 2024	11
Mannauðsmál	12

SAMEIGINLEGIR VIÐBURÐIR, HÁTÍÐIR & FRÆÐSLA	13
Viðburðaraðir MEKÓ	13
Hátíðir	16
Lista- og menningarfræðsla	26
Kynningar- & markaðsmál Meko	28

STOFNANIR SVIÐSINS	
Bókasafn Kópavogs	28
Gerðarsafn	44
Náttúrufræðistofa Kópavogs	58
Salurinn	64

Skjal sótt af '000000000000' dags: 19.08 2026



ÁVARP FORSTÖÐUMANNNS MENNINGARMÁLA

Margir sigrar voru unnir á árinu 2024 sem starfsfólk menningarmála getur verið stolt yfir. Gestir menningarhúsanna kunnu líka sannarlega að meta það ríkulega framboð af menningarviðburðum sem í boði voru ef horft er á aðsóknartölur. Aðsókn í menningarhúsin hefur aldrei verið betri en heildargestafjöldinn nam 285.000, sem er 30% aukning frá fyrra ári. Þrátt fyrir það var barnadeild bókasafnsins og Náttúrufræðistofa lokuð í rúma fjóra mánuði af árinu.

Viðburðafjöldinn hefur heldur ekki verið eins mikill og fjölbreytilegur en hann jókst um tæpan helming úr 468 viðburðum í 670 viðburði. Aukninguna má meðal annars rekja til nýrra áherslna í menningarhúsunum sem buðu upp á úrval fjölmenningarlegra viðburða, en þeir námu um 10% af heildarviðburðafjölda á árinu. Viðtökur við þessum nýju áherslum ríma vel við menningarstefnu bæjarins og einsýnt að þeim verður viðhaldið, enda kærkomin viðbót ef marka má góða aðsókn á þá.

Margar ástæður liggja að baki aukningu á gestafjöldanum en helst ber þó að nefna það mikla framfararskref að endurskapa rými bókasafnsins og Náttúrufræðistofu, sem opnuð var með pomp og pragt á afmælisdegi bæjarins 11. maí. Auk þess má nefna að bæði Gerðarsafn og Salurinn tóku mikið aðsóknarstökk með nýjum áherslum og ferskum vindum. Þannig jókst aðsóknin í Salinn úr tæpum 17.000 gestum í um 27.000 og gestafjöldinn í Gerðarsafni fór úr 48.760 í 58.325.

Erfitt er að leggja mælistiku á menningar- og listviðburði út frá aðsóknartölum en þeir menningarviðburðir sem stóðu upp úr á, þó á engan aðra sé hallað, voru auk opunar á upplifunarrýminu, vígsla á nýjum skúlptúrgarði í Gerðarsafni sem lengi hefur verið beðið eftir, en á sama tíma var einnig opnuð stór sýning á verkum Gerðar Helgadóttur og merkilegt yfirlitsrit um listakonuna gefið út. Nýjar tónleikaraðir fóru af stað í Salnum undir

stjórn nýs forstöðumanns, sem fjallað er um hér síðar og bókasafnið opnaði, fyrst allra bókasafna á landinu, nýtt bókabox í Vallakór, sem sýnt hefur að full þörf var á. Hátíðir voru margar en hæst bar þó Hamraborg Festival með um 60 viðburði.

Menningarstarfsemi bæjarins nýtur almennt mikillar hylli og er orðinn snar þáttur í menningarlífi landans. Viðurkenning á starfseminni lýsir sér ekki síst í þeim fjölda styrkja sem menningarhúsin hafa sópað að sér á árinu 2024, en þeir námu um 24 milljónum króna. Bæði er um að ræða innlenda og alþjóðlega styrki, sem sannarlega gefa starfsfólki tækifæri til að stækka verkefni sem eru í bígerð og fara nýjar leiðir í starfseminni.

Starfsmannafjöldi innan málaflokksins á árinu 2024 var 57 þar af voru 35 fastráðnir og tímavinnufólk var 22.

Þetta er í sjöunda sinn sem ársskýrsla menningarmála og starfsáætlun er gefin út með þessu sniði. Tilgangur hennar er að gefa ítarlegt yfirlit yfir helstu rekstrarþætti í starfsemi menningarmála í Kópavogi eins og gestaheimsóknir, viðburði, fræðslu, fjármál, mannauðsmál, auk viðtæks yfirlits yfir starfsemi hvers menningarhúss fyrir sig. Skýrslan telur 76 blaðsíður og er skrifuð af forstöðumönnum húsanna, forstöðumanni og verkefnastjórum menningarmála. Vegna niðurlagningar á Héraðsskjalasafni Kópavogs á upphafsmánuðum ársins er ekki fjallað um starfsemi þess í þessari skýrslu.

Ég þakka samstarfsfólki mínu fyrir einstakt framlag til menningarupplifunar í bæjarfélaginu á síðasta ári, án þeirra væri menningar- og listalíf landsins öllu fátæklegra. Það er mikilvægt fyrir bæjarfélagið að viðhalda faglegu og metnaðarfullu menningarstarfi, þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi og á þeirri braut munum við taka á móti nýju ári full tilhlökkunar og bjóða upp á gnægstarborð af lista- og menningarupplifun. Verið öll hjartanlega velkomin.

Soffía Karlsdóttir
forstöðumaður menningarmála í Kópavogi

BREYTINGAR Í STARFSEMI MENNINGARHÚSANNA

Stærstu breytingarnar fólust í því að leggja Héraðsskjalasafn niður og færa starfsemi þess til Þjóðskjalasafns Íslands. Einnig var tekin ákvörðun um að stokka upp starfsemi Náttúrufræðistofu með því að leggja af vatnarannsóknir, sem voru snar þáttur í starfseminni, en leggja þess í stað ríkari áherslu á fræðslu, miðlun og sýningarhald. Við þessar breytingar var öllum starfsmönnum Náttúrufræðistofu sagt upp, forstöðumaður Gerðarsafns var settur forstöðumaður Náttúrufræðistofu en fyrrum forstöðumanni stofunnar boðið starf sérfræðings, sem hann þáði ekki. Bókasafninu var gert að fækka starfsmönnum um tæp tvö stöðugildi og samþykkt var að settur skyldi saman starfshópur til að taka út starfsemi Salarins. Ein víðamesta nýjungin í samþykktum bæjarstjórnar fólst í endursköpun á sameiginlegu upplifunar rými bókasafns og Náttúrufræðistofu þar sem áhersla skyldi lögð á sköpun, samveru og fræðslu fyrir börn og fjölskyldur.


Innleiðing breytinganna hófst strax eftir samþykkt þeirra. Arkitektinn Theresa Himmer var ráðinn til að hanna upplifunarrýmið og á sama tíma að koma með tillögur að hönnun útisvæðisins við menningarhúsin og á Hálsatorgi, eða menningarmiðjuna eins og vinnuheitið var. Arkitektinn skilaði inn tillögum sínum sem byggðust á hugarflugsfundi starfsmanna menningarhúsanna og lista- og menningarráðs, hugmyndasöfnum Kópavogsbúa á netinu og þátttöku barna og ungmenna með ýmsum hætti.

Verkefnið var sett á fjárhagsáætlun 2024 og verklegar framkvæmdir og stefnt að formlegri opnun á afmælisdegi Kópavogs 11. maí 2024.

Við árslok 2023 var þeim áföngum sem stefnt var að náð ef frá er talinn skipan starfshóps fyrir Salinn. Ábyrgð á niðurlagningu og flutningi Héraðsskjalasafns var færð yfir á bæjarritara. Með breytingum á starfsemi Náttúrufræðistofu voru ráðnir inn þrír starfsmenn. Uppsögnum í bókasafninu var fylgt eftir eins og kveðið var á um. Við breytingarnar var lögð áhersla á frekara samstarf menningarhúsanna sérstaklega á sviði viðburða, kynningar- og markaðsmála sem reynst hefur afar vel.

Eins og gefur að skilja reyndu þessar umfangsmiklu breytingar verulega á mannauðinn bæði þá sem þurftu frá að hverfa og þá sem eftir sátu. Með aðkomu frá mannauðsdeild bæjarins var reynt að styðja við starfsfólkið af fremsta megni og leiða það í gegnum breytingaferlið. Segja má að það hafi tekist vel og er aðallega að þakka þeirri miklu ástríðu og þeim mikla metnaði sem starfsfólk menningarmála hefur fyrir starfi sínu. Eru þeim færðar ómældar þakkir fyrir samstarfsviljann og þrautseigjuna til að ná þeim markmiðum sem við settum okkur.

MENNING Í KÓPAVOGI



LISTA- & MENNINGARRÁÐ

Lista- og menningarráð fer með og mótar menningarstefnu bæjarins, samkvæmt erindisbréfi. Ráðið er kosið af bæjarstjórn í upphafi kjörtímabils og veitir faglega ráðgjöf í málaflokknum. Ráðið sér jafnframt um árlega útnefningu bæjarlistamanns og heiðurslistamanns þegar það á við og úthlutar

styrkjum úr lista- og menningarsjóði samkvæmt þeim reglum sem það hefur sett sér og samþykktar hafa verið í bæjarstjórn. Fundir ráðsins árið 2024 voru tíu talsins. Starfsmaður ráðsins er Soffía Karlsdóttir forstöðumaður menningarmála.

KJÖRNIR

- D Elísabet Sveinsdóttir, formaður
B Helga Hauksdóttir
B Jónas Skúlason
C Elvar Helgason
Y Ísabella Leifsdóttir
S Margrét Tryggvadóttir, áheyrnarfulltrúi
P Árni Pétur Árnason, áheyrnarfulltrúi

TIL VARA

- D Kristín Hermannsdóttir
D Hanna Carla Jóhannsdóttir
B Sigrún Ingólfssdóttir
C Soumia I. Georgsdóttir
Y Kolbeinn Reginsson
S Þóra Marteinsdóttir, varaáheyrnarfulltrúi
P Margrét Ásta Arnarsdóttir, varaáheyrnarfulltrúi

- B Framsóknarflokkurinn
C Viðreisn
D Sjálfstæðisflokkurinn

- P Píratar
S Samfylkingin
Y Vinir Kópavogs

MENNINGARSTEFNA KÓPAVOGS

AÐGENGI – FAGMENNSKA – SAMSTARF

Lista- og menningarráð ber ábyrgð á menningarstefnu Kópavogsbæjar sem nær til alls lista- og menningarstarfs á vegum bæjarins. Menningarstefna bæjarins var samþykkt í bæjarstjórn 5. maí 2022. Menningarstefnan tekur mið af yfirmarkmiðum bæjarins sem meðal annars lúta að öfluglu mannlífi, framúrskarandi þjónustu við bæjarbúa og stuðningi við heilsu og velferð íbúa á öllum aldri. Menningarstefnan var unnin í samstarfi lista- og menningarráðs og starfsmanna menningarmála. Áður en stefnan var samþykkt fór hún í samráðsgátt fyrir íbúa sem höfðu þannig áhrif á þróun hennar.

Megintilgangur menningarstefnu Kópavogs lýtur að eflingu menningar, vísinda og lista með það að markmiði að stuðla að bættum lífsgæðum og menningarupplifun Kópavogsbúa á öllum aldri. Óflugt og fjölbreytt starf í menningu, listum og vísindum styrkir bæjarbrag, eykur víðsýni, örvar samfélagið í heild og styður við efnahagslega framþróun þess. Síðast en ekki síst viðheldur það jákvæðri mynd bæjarins og laðar að gesti og nýja íbúa.

Menningarstefnan felur í sér þrjár stefnuáherslur sem lúta í fyrsta lagi að jöfnu aðgengi allra að menningu, vísindum og listum, óháð m.a. aldri, uppruna, færni og efnahag. Í öðru lagi að sérstöðu og faglegu starfi menningarhúsa bæjarins og að endingu að víðtæku samstarfi.

Stefnuáhersla 1

Kópavogsbær leggur áherslu á að menningarstarf sé aðgengilegt öllum bæjarbúum.

Stefnuáhersla 2

Kópavogsbær stendur vörð um sérstöðu og faglegt starf menningarhúsa bæjarfélagsins.

Stefnuáhersla 3

Kópavogsbær leggur áherslu á víðtækt samstarf við bæjarbúa, svið og deildir bæjarins og lista-, fræði- og vísindamenn úr ólíkum áttum.



BÆJARLISTAMAÐUR

Slagverksleikarinn og tónskáldið Kristofer Rodríguez Svönuson var útnefndur bæjarlistamaður Kópavogs árið 2024 við hátíðlega athöfn í Salnum þann 24. maí. Elísabet Berglind Sveinsdóttir, formaður lista- og menningarráðs, tilkynnti valið og greindi frá einróma samþykkt ráðsins.

Kristofer er fæddur 1988 og ólst upp í Kópavogi þar sem hann býr enn. Eftir að hafa útskrifast úr FÍH árið 2014 hefur hann verið virkur á tónlistarsviðinu. Hann hefur einnig stundað nám í slagverki á Kúbu og í Kólumbíu undir leiðsögn þekktara slagverksleikara.

Kristofer hefur unnið með mörgu af helsta tónlistarfólki Íslands, þar á meðal Mugison, KK og Lay Low, og einnig er hann þekktur fyrir samstarf við erlenda listamenn eins og Jack Steadman (Bombay Bicycle Club) og Nightmares On Wax. Árið 2019 gaf hann út sína fyrstu plötu „Primo“, sem var tilnefnd sem plata ársins á íslensku tónlistarverðlaununum.

Á árinu hefur Kristofer komið fram á fjölda viðburða í Kópavogi og kynnt fyrir gestum fjölbreytta heimstónlist auk þess að halda námskeið og smíðjur þar sem hann kynnir slagverkshljóðfærið fyrir gestum.

STYRKIR LISTA- & MENNINGARRÁÐS

Ráðstöfunarsjóður lista- og menningarráðs árið 2024 nam 46.480.000 kr. og hækkaði um tæp 0,4% á milli ára.

Lista- og menningarráð úthlutaði 20 milljónum til 19 einstaklinga og félagasamtaka árið 2024, en styrkhafar veittu styrkjum viðtöku við hátíðlega athöfn sem fór fram á Bókasafni Kópavogs.

Hæsta styrkinn hlaut Hamraborg festival, átta milljónir króna. Hamraborg Festival er einn af hápunktum í menningarlífi Kópavogsbæjar og stærsta listahátíð sinnar tegundar á Íslandi. Hún verður haldin síðustu helgina í ágúst 2025.

Kraðak ehf. hlaut þrjár og hálfa milljón fyrir jóladagskrána *Jólalundur* sem fram fer í Guðmundarlundi í þriðja skiptið árið 2025. Þar er börnum og fjölskyldum boðið upp á ókeypis afar vandaða jóladagskrá fjóra sunnudaga á aðventunni.

Pétur Eggertsson hlaut 800.000 krónur fyrir nýja tónleikaröð sem nefnist *Kátt á línunni* og fer fram á Café Catalinu. Á tónleikunum er boðið upp á fjölbreytt úrval af rokk-, raf- og grasrótartónlist.

Anna Elísabet Sigurðardóttir og tónlistarhópurinn Negla hlaut 800.000 krónur, en hópurinn mun flytja og kynna klassíska tónlist víða um bæinn fyrir áheyrendur á öllum aldri.

Aðrir styrkhafar eru:

Leikfélag Kópavogs 500.000 kr. fyrir uppsetningu á leikritinu *Herbergi 213* eftir Jökul Jakobsson.

Margrét G. Thoroddsen 500.000 kr. fyrir sumartónleikaseríuna *Lautarferðin* þar sem boðið er upp á utandyra tónleika í nokkrum hverfum Kópavogs.

Gréta María Bergsdóttir 500.000 kr. vegna myndvinnslu við gerð bókar um listferil Guðrúnar Bergsdóttur.

Kvennakór Kópavogs 400.000 kr. til reksturs og áframhaldandi starfsemi.

Karлакór Kópavogs 400.000 kr. til reksturs og áframhaldandi starfsemi.

Samkór Kópavogs 400.000 kr. til reksturs og áframhaldandi starfsemi.

Þórdís Gerður Jónsdóttir og tónlistarhópurinn Cauda Collective kr. 400.000 vegna tónleika í Salnum, *Jólasagan* úr Messíasi eftir Händel.

Óratoríusveitin, Hljómeysi, einsöngvarar og einleikarar 400.000 kr. til að flytja *Petite Messe Solennelle* eftir Rossini í Salnum í Kópavogi.

Sögufélag Kópavogs 300.000 kr. fyrir myndgreiningasamkomum, fræðslu- og skemmtigöngum.

Jessica Anne Chambers 300.000 kr. til að standa að páskaeggjaleit og upptakum í Kópavogi með fjölmennningarlegri skírskotun.

Eva Rún Snorradóttir og Menningarfélagið Milla ehf. 300.000 kr. til að undirbúa og vinna að tvíæringnum *Queer Situations*, sem er hinsegin bókmenntahátíð sem fram fer í Salnum annað hvert ár.

Gunnsteinn Ólafsson 300.000 kr. til að semja verk fyrir Karлакór Kópavogs.

Haraldur Ægir Guðmundsson og fimm félagar hans 300.000 kr. en þeir flytja íslenska tónlist í suðuramerískum klæðum í Salnum.

Söngvinir, kór aldraðra í Kópavogi 200.000 kr. til tónleikahalds og menningarviðburða.

Myndlistarskóli Kópavogs 200.000 kr. vegna alþjóðlegrar ráðstefnu, vinnustofu og sýninga sem tengjast keramikfaginu.



REKSTUR & MANNAUÐSMÁL

Öflugur og hæfileikaríkur hópur starfar að menningarmálum í Kópavogi. Á árinu 2024 störfuðu 57 manns að menningarmálum í tæplega 34 stöðugildum.


Áhersla hefur verið lögð á að hlúa vel að mannauðinum og búa starfsfólki jákvætt og hvetjandi starfsumhverfi, sem gerir þeim kleift að njóta sín í starfi og styrkja sig í sessi með reglubundinni símenntun og fræðslu.

Veigamikill þáttur í góðri líðan starfsfólks er að byggja undir starfsanda sem einkennist af jákvæðum samskiptum, valdeflingu og viðurkenningu. Því hefur m.a. verið mætt með árvissum starfsmannasamtölum auk símenntunar- og fræðsludagskrár. Þá hefur mannauðsdeild Kópavogsbæjar stóreflt framboð á sérhæfðum námskeiðum fyrir starfsfólk sem þeim er gert að sækja eða þeim stendur til boða.

HEILDARGESTIR 2021 - 2024

	Fjöldi gesta 2021	Fjöldi gesta 2022	Fjöldi gesta 2023	Fjöldi gesta 2024
Bókasafn Kópavogs	114.184	180.242	201.582	203.468
Gerðarsafn	41.636	49.554	48.760	58.325
Náttúrufræðistofa	16.993	25.165	16.175	46.528
Salurinn	17.266	26.284	17.861	30.393
HEILDARFJÖLDI GESTA	190.394	281.840	284.690	295.101

HEILDARGESTIR 2021 - 2024



REKSTRARYFIRLIT EINSTAKRA MENNINGARSTOFNANA OG VERKEFNA


	Rekstrarniðurstaða 2024	Áætlun 2025	Rekstrarniðurstaða 2023	Rekstrarniðurstaða 2022
Menningarmál yfirstjórn	82.264.510	78.555.266	75.504.014	68.548.442
Bókasafn Kópavogs	250.988.790	243.292.717	248.980.576	239.205.290
Lindasafn	34.446.852	34.855.794	31.273.962	40.186.262
Héraðsskjalasafn	50.800.202	53.811.902	49.213.942	57.110.095
Gerðarsafn	177.666.917	170.012.120	160.300.014	148.204.021
Náttúrufræðistofa	74.082.080	73.011.675	109.549.358	77.850.129
Salurinn	86.408.090	77.362.038	0	60.950.838
Safnahús sameiginlegt	0	0	3.651.847	0
Listasafn kaffitería	-1.754.956	0	570.866	-88
Lista- og menningarráð	53.145.468	53.809.049	52.402.886	46.944.404
Leikfélög	6.628.530	8.097.715	6.566.218	6.326.370
17. júní	16.079.563	15.473.221	15.491.301	849.856
Sumarhátíðir	0	0	-150.000	12.267.177
Jól og áramót	4.651.706	6.788.000	36.910.452	33.701.660
REKSTRARNIÐURSTAÐA	835.407.752	815.069.497	790.265.436	792.144.456

FJÁRMÁL MENNINGARMÁLA 2024

	Rekstrarniðurstaða 2023	Rekstrarniðurstaða 2024	Áætlun 2023	Áætlun 2024	Áætlun 2025
Tekjur					
Rekstrartekjur	-309.240.812	-275.046.948	-196.178.037	-185.406.296	-189.214.466
Gjöld					
Laun og launatengd gjöld	474.311.769	437.175.648	447.215.047	427.282.031	483.150.820
Annar rekstrarkostnaður	699.651.217	673.279.052	586.125.363	573.193.762	598.550.440
Rekstrargjöld	1.173.962.986	1.110.454.700	1.033.340.410	1.000.475.793	1.081.701.260
REKSTRARNIÐURSTAÐA	864.722.174	835.407.752	837.162.373	815.069.497	892.486.794

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2025

	Áætlaðar tekjur 2025	Áætluð laun og launatengd gjöld 2025	Áætlaður annar rekstrarkostnaður 2025	Áætluð rekstrar- niðurstaða 2025
Menningar- og mannlífsnefnd		5.308.459		5.308.459
Menningarmál yfirstjórn	0	58.593.280	23.549.248	82.142.528
Bókasafn Kópavogs	-12.772.000	167.745.137	106.403.924	261.377.061
Lindasafn	-950.000	31.281.376	7.762.252	38.093.628
Héraðsskjalasafn	-855.000	48.742.044	24.024.576	71.911.620
Gerðarsafn	-8.575.000	64.314.988	124.804.326	180.544.314
Náttúrufræðistofa	-1.004.000	42.438.930	36.361.765	77.796.695
Salurinn	-34.301.772	64.376.606	62.939.684	93.014.518
Safnahús sameiginlegt	-130.756.694	350.000	130.406.694	0
Listasafn kaffitería	0	0	0	0
Lista- og menningarráð	0	0	50.734.000	50.734.000
Leikfélög	0	0	8.413.520	8.413.520
17. júní	0	0	16.033.251	16.033.251
Sumarhátíðir	0	0	0	0
Jól og áramót	0	0	7.117.200	7.117.200
REKSTRARNIÐURSTAÐA	-189.214.466	483.150.820	598.550.440	892.486.794



ÁÆTLUÐ SKIPTING GJALDA 2024

0.6%	Menningar- og mannlífsnefnd	0%	Safnahús sameiginlegt
9.2%	Menningarmál yfirstjórn	0%	Listasafn kaffitería
29.3%	Bókasafn	5.7%	Lista- og menningarráð
4.3%	Lindasafn	0.9%	Leikfélög
8.1%	Héraðsskjalasafn	1.8%	17. júní
20.2%	Gerðarsafn	0%	Sumarhátíðir
8.7%	Náttúrufræðistofa	0%	Jól og áramót
10.4%	Salurinn		



MANNAUÐSMÁL

Forstöðumenn og verkefnastjórar menningarmála funduðu að jafnaði einu sinni í viku á árinu 2024. Einnig fundaði forstöðumaður menningarmála einslega með forstöðumönnum menningarhúsanna og verkefnastjórum á hálfsmánaðar fresti. Sjö stórir starfsmannafundir voru haldnir á árinu þar sem starfsmenn nutu leiðsagnar hinna ýmsu sérfræðinga. Fundirnir voru eftirfarandi:

16. janúar
Heimsókn í Hörpu og pizza í Flatey.

15. apríl
Starfsdagur í Salnum.

17. maí
Aðalfundur starfsmannafélagsins Írisar.

25. september
Haustferð starfsfólks.

1. nóvember
Kynning og umræður um niðurstöður vinnustaðagreiningar.

13. desember
Jólagleði starfsfólks.

STARFSMENN OG STÖÐUGILDI 2024

	Stöðu- gildi	Fastir starfs- menn	Starfs- menn í tímavinnu
Bókasafn Kópavogs	12,55	14	8
Lindasafn	1,75	2	3
Héraðsskjalasafn	3	4	0
Náttúrufræðistofa	3	3	2
Gerðarsafn	3,75	6	4
Stjórn menningarmála	3	3	0
Salurinn	4	4	5
SAMTALS	31.05	36	22

SAMEIGINLEGIR VIÐBURÐIR, HÁTÍÐIR & FRÆÐSLA

Lista- og menningarráð Kópavogsbæjar styrkir sameiginlega viðburði, hátíðir og fræðsludagskrá menningarhúsanna. Sameiginlegir viðburðir eru Menning á miðvikudögum og Fjölskyldustundir á laugardögum. Hátíðirnar eru Ljóðstafur Jóns úr Vör, Vetrarhátíð/Safnanótt, Barnamenningarhátíð, og

Hausthátíð en að auki fara Aðventuhátíð og hluti 17. júní hátíðahalda fram í menningarhúsunum. Fræðslu- og menningardagskrá fer fram yfir árið þar sem grunnskólum er boðið á viðburði í húsunum. Ótal lista- og fræðimenn koma fram í þessari dagskrá sem er vinsæl og fjölsótt.

VIÐBURÐARÆÐIR MEKÓ

Menning á miðvikudögum (Mám) er viðburðaröð sem fram fer á miðvikudögum, milli 12.15 – 13.00 frá september fram í maí, á víxl í menningarhúsunum. Viðfangsefni eru fjölbreytt; fyrirlestrar, listamannaleiðsagnir, spjall og tónleikar, stundum í samstarfi við listahátíðir og félagasamtök. Sérían hefur fest sig í sessi sem metnaðarfull viðburðaröð en markmiðið er að fólk úr ólíkum áttum geti nært andann með tónlist, bókmenntum, myndlist og ólíkum fræðum.

Nokkur stef einkenndu viðburðaröðina á árinu og viðfangsefni í takt við sýningar og starf menningarhúsanna en alls fóru 33 viðburðir fram undir þessum hatti.

Áfram var haldið með Leslyndi á bókasafninu þar sem þjóðþekktir bókaunnendur fjalla um nokkrar eftirlætisbækur en sérían hóf göngu sína haustið 2023. Níu rithöfundar komu fram á árinu í röðinni, þau Einar Kárason, Auður Ava Ólafsdóttir, Bragi Ólafsson, Friða Ísberg, Lilja Sigurðardóttir, Gerður Kristný, Sigrún Eldjárn, Bergþóra Snæbjörnsdóttir og Hallgrímur Helgason. Viðburðaröðin hefur notið mikilla vinsælda og húsfullir hefur nær undantekningarlaust verið á viðburðunum.

Í Náttúrufræðistofu fór á árinu af stað sérían „Hvað er“ innan Mám. Þar er vísindafólk fengið til að varpa ljósi á ólík hugtök og fyrirbæri og skýra út á mannamáli. Erindin í þessari röð voru átta talsins árið 2024; Birgitta Stefánsdóttir fjallaði um grænþvott, Sigríður Kristjánsdóttir um starf náttúruvársérfræðinga, Birgir Urbancic Ásgeirsson

um loftmengun, Ólafur Arnalds um mold, Erla Guðrún Hafsteinsdóttir um jarðvegsmengun, Ragnhildur Guðmundsdóttir og Rannveig Magnúsdóttir um líffræðilega fjölbreytni, Birgir Vilhelm Óskarsson um jarðfræðirannsóknir í Surtsey og Hlynur Steinsson um garðfugla. Erindaröðin hefur gefið mjög góða raun og verður haldið áfram á nýju ári.

Í Gerðarsafni hverfðust viðburðir í Mám - alls átta talsins - um sýningar sem stóðu yfir í safninu hverju sinni. Guðbjörg R. Jóhannesdóttir og Rósa Ómarsdóttir ræddu um Moltu, Hallgerður Hallgrímsdóttir veitti sýningastjóraleiðsögn um Venjulega staði, Ívar Brynjólfsson brá ljósi á verk sín á þeirri sömu sýningu og Gunnþórunn Guðmundsdóttir fjallaði um sjálfsmyndir og minningar í tengslum við sýningu Sóleyjar Ragnarsdóttur, Hjartadrottningu. Kristófer Rodriguez Svónuson og Matthías M. D. Hemstock



sköpuðu lifandi hljóðmynd við sýninguna Hamskipti sem helguð var verkum Gerðar Helgadóttur, Ingunn Fjöla Ingbórsdóttir veitti leiðsögn um þá sömu sýningu, Þorgerður Ólafsdóttir og Gunndís Ýr Finnbogadóttir veittu listamannaleiðsögn um sýningu sína Óstöðugt land og Finnbogi Pétursson um sýningu sína Parabólu.

Í Salnum fóru fram fimm tónleikar á árinu undir merkjum Mám, þar af tvennir í samstarfi við tónlistarhátíðir. Stirni Ensemble flutti nýlega og glænýja tónlist eftir Egil Gunnarsson, Hafdís Bjarnadóttir og Kolbein Bjarnason á Myrkum músíkdögum og Bryndís Guðjónsdóttir, sópran og Eva Þyri Hilmarsdóttir píanóleikari fluttu lítt þekkt lög og ljóð eftir íslenskar konur á Óperudögum. Aðrir tónleikar voru spunatónleikar Skúla Sverrissonar og Davíðs Þórs Jónssonar, tónleikar með tónlist Jelenu Ciric í flutningi Jelenu, Karls Pestka og Margrétar Arnardóttur og tónleikar Nordic Effect sem hverfðust um hafið, þjóðlög og barokktónlist í bland.

Auk ofantalins var viðburður undir hatti Mám á bókasafninu í tilefni af Valentínusardegi þar sem þau Sigurður Skúlason, Sunna Dís Másdóttir og Jakub Stachowiak fluttu ástarljóð. Í samstarfi við umhverfisvið Kópavogsbæjar hélt Anna María Bogadóttir arkitekt svo fyrirlestur um byggðapróun á Kársnesinu. Doktor Gunni leiddi svo gesti um vögggu pönksins í pönkgöngu um Hamraborg.

FJÖLSKYLDUSTUNDIR Á LAUGARDÖGUM

Fjölskyldustundir fara fram á laugardögum, að öllu jöfnu milli 13 og 15 og á víxl í menningarhúsunum, Bókasafni Kópavogs (aðalsafni og Lindasafni), Gerðarsafni, Náttúrufræðistofu og af og til í Salnum.



Leitast er við að skapa nærandi og notalegar samverustundir fyrir börn og fjölskyldur með fjölbreytni og fjölmenningu að leiðarljósi. Smiðjurnar eru leiddar af þjálfuðu fagfólki og listamönnum. Viðburðirnir fara fram frá september fram í maí

Alls fóru 30 fjölskyldustundir fram á árinu. Fram eftir ári fóru langflestar smiðjur fram í Gerðarsafni og Lindasafni vegna framkvæmda á jarðhæð safnahússins við Hamraborg þar sem aðalsafn bókasafnsins og Náttúrufræðistofa eru til húsa.

Áfram var haldið samstarfi við hjálparsamtökin GETA (Get together) í Hafnarfirði um fjöltýngdar listsmiðjur í Gerðarsafni á árinu en samstarfið hefur verið afar gjöfult. Þær leiddi Ingunn Fjöla Ingbórsdóttir myndlistarmaður í samstarfi við listamenn úr ólíkum áttum sem eru ýmist búsettir á Íslandi eða hafa tengsl við landið, á þessu ári frá Póllandi, Palestínu, Ghana, Mið-Austurlöndum og Japan. Sjálfboðaliðar koma úr röðum GETA, þeir aðstoða við uppsetningu og niðurtekt og eru viðstaddir viðburðina til að liðka fyrir samskiptum og grípa ólíka bolta.

Alls voru smiðjurnar undir þessum hatti sjö á árinu. Weronika Balcerak og Lukas Bury kenndu pólsku útklippiaðferðina Wycinanka, Oroob AbuShawareb leiddi smiðju þar sem þátttakendur spreyttu sig á palestínsku útsaumshefðinni tatreez, Ahmed Fuseini kenndi aðferð til að prenta Adinkra-tákn á textíl í samræmi við hefðir Asante-fólksins í Ghana, Yara Zein hélt smiðju innblásna af arabískum leturtáknum, Yasuka Kawakami leiddi japanska origami-smiðju og Agata Mickiewicz og Styrmir Örn Guðmundsson héldu tvær pólskar brúðusmiðjur á árinu.

Hönnunarteymið ÞYKJÓ hélt fimm fjölskyldustundir á árinu sem fram fóru á bókasafni, (aðalsafni og Lindasafni), Náttúrufræðistofu





og Gerðarsafni. Óróagerð, skuggaleikhús, páskaeggjalitun, haustkransar og grímugerð voru viðfangsefni þessara vönduðu smiðja þar sem uppgötvun, forvitni og skapandi leikur eru í fyrirrúmi.

Sigrún Úa Gunnarsdóttir myndlistarkona og listgreinakennari leiddi vandaðar og fjölbreyttar fjölskyldusmiðjur á árinu í menningarhúsunum. Suður-amerísk töfratákn, aðventuskraut, friðardúfur, skordýr, kórónur, leikhúsgrímur og luktir voru viðfangsefni smiðjanna en margar þeirra tengdust alþjóðlegum tyllidögum og hátíðum.

Náttúrufræðistofa bauð upp á tvær leiðsagnir undir berum himni á árinu, fuglaleiðsögn með Sölva Rúnari Vignissyni um vorið og fléttufræðslu í Borgarholtinu að hausti en báðir viðburðir heppnuðust einstaklega vel. Vísindasmiðja Háskóla Íslands hélt einnig tvær fjölsóttar fjölskyldustundir á árinu.

Tónlistarviðburðir undir hatti fjölskyldustunda voru fimm á árinu. Reykjavíkurdætur buðu upp á rappsmiðju í tengslum við Daga ljóðsins í janúarlök og þau Ragnheiður Gröndal og

Guðmundur Pétursson fluttu íslensk ljóð og lög, einnig í tilefni af Dögum ljóðsins. Söngnemar frá Tónlistarskóla FÍH, þær Gunnur Arndís Halldórsdóttir, Ragnheiður Silja Kristjánsdóttir og Rán Ragnarsdóttir héldu jazzaða fjölskyldutónleika á Lindasafni að vori. Fjölskylduprógramið Jazz er hrekkur með Leifi Gunnarssyni, Ingibjörgu Fríðu Helgadóttur og Sunnu Gunnlaugsdóttur fór fram í Salnum í tengslum við hrekkjavöku og boðið var upp á söng- og ljóðasmiðjuna Ljóð fyrir loftslagið í samstarfi við Óperudaga en smiðjuna leiddu Vera Hjördís Matsdóttir og Bryndís Guðjónsdóttir.

Auk ofangreindra viðburða má nefna pappírssmiðju Önnu Henriksdóttur og kartöflustimplasmiðju Sigurlaugar Jónu Hannesdóttur í Lindasafni, ljósasmiðju Helgu Páleyjar í skammdeginu í Gerðarsafni og jólasýningu piparkökutrudanna Lauren Charnow og Alice Demurtas í Salnum.

HÁTÍÐIR



LJÓÐSTAFUR JÓNS ÚR VÖR

Ljóðstafur Jóns úr Vör hefur fyrir margt löngu fest sig í sessi sem ein mikilvægasta ljóðahátíð landsins en hún hefur verið haldin ár hvert frá 2002. Frá 2012 hefur samhliða Ljóðstafnum verið efnt til Ljóðasamkeppni grunnskóla Kópavogs en verðlaun og viðurkenningar eru veitt á sömu hátíð. Það gefur viðburðinum mikla vídd að fá að heyra á einni og sömu hátíðinni ljóð frá þaulreyndum skáldum í bland við ljóð barna og unglinga. Verðlaunaljóð og ljóð sem hljóta viðurkenningar í báðum flokkum hafa undanfarin ár verið gefin út í smáriti sem skáld af öllum kynslóðum geta tekið með sér heim til eignar og dreift er ókeypis að viðburði loknum. Líkt og undanfarið var Sigurður Unnar Birgisson fenginn til að gera myndbandsupptöku með sigurskáldinu sem sett var á vefmiðla meko.is en þar er hægt að nálgast flutning allra sigurskálda Ljóðstafsins frá upphafi.

Verðlaunaafhending fór líkt og endranær fram 21. janúar, á afmælisdegi Jóns úr Vör. Dómnefnd skipuðu Kristín Svava Tómasdóttir (formaður), Þórdís Helgadóttir og Þórður Sævar Jónsson. Um 270 ljóð bárust í Ljóðstaf Jóns úr Vör að þessu sinni en ljóðin mega ekki hafa birst áður og skulu send inn undir dulnefni höfundar.

Ljóðstafinn hlaut í þetta sinn Vala Hauksdóttir fyrir ljóðið *Verk að finna*. Önnur verðlaun hlaut Elísabet Dröfn Kristjánsdóttir fyrir ljóðið *Skyggishnignun*

og þriðju verðlaun hlaut Ragnheiður Harpa Leifsdóttir fyrir ljóðið *Deig*.

Að auki hlutu sex ljóð sérstaka viðurkenningu dómnefndar. Í *móðurkviði* eftir Draumeyju Aradóttur, *Straumönd* eftir Elínu Elísabetu Einarsdóttur, *Stríðsyfirlýsing* eftir Höllu Þórðardóttur, *Fálæti* og *Legið yfir gögnum* eftir Jón Knút Ásmundsson og *Segðu mér eitthvað fallet* eftir Ragnar Jónasson.

Rökstuðningur dómnefndar fyrir vali á sigurljóði

Upphafslínur ljóðsins slá tóninn: einföld en áhrifarík mynd af flís sem gengur inn í hold. Myndirnar sem brugðið er upp í ljóðinu af aðskotahlutum sem særa líkamann eru hárnákvæmar, tálgaðar og allt að því óþægilegar. Agað formið kallast á við efniviðinn og ljóðskáldið teflir saman mýkt og hörku af miklu listfengi. Húðin verður tákn fyrir aðlögunarhæfni, þrautseigju og umbreytingarmátt manneskjunnar. Í upphafi ljóðsins er húðin mjúk og næfurþunn og það þarf lítið til að raska ró hennar; flís, sandkorn, nálarodd, en í fyllingu tímans breytist húðin í sigg, ekkert bítur á henni lengur, þar má finna hamingju og sátt. Ljóðið er hugleiðing um líkama og meðvitund, sársauka og erfiði, og þau spor sem lífsreynslan skilur eftir sig. Þetta er texti sem má og þarf jafnvel að lesa ítrekað og leitar lengi á huga lesandans.

Sigurljóð Ljóðstafs Jóns úr Vör 2024

VERK AÐ FINNA
e. *Völu Hauksdóttur*

Hrífuskafstílls
í hengibrúnni milli bendifingurs
og þumals.

Útsaumsnál
undir baugfingursnögl.

Skeljasandur
í hælssæri.

Hrossafælin
sem skýst með þyt undan þúfu
fall

að missa andann -
sortna fyrir augum
í lyngi.

Sælan er skortur
á öllu nema tíma
til verkja.

Hamingjan
er sigg.

Sigurljóð í Ljóðasamkeppni grunnskóla Kópavogs 2024

APPELSÍNUR

Alexander Aron Jörgenson
10. bekk, Lindaskóla

Ég lærði aldrei að afhýða appelsínurnar mínar
mér var aldrei kennt það
þú gerðir það fyrir mig
Ég var vanur að horfa á þig frá eldhúsborðinu þegar þú afhýddir þær

skarst þær í sneiðar
og deildir þeim með öðrum
ég var aldrei hrifinn af eplum, né ferskjum, ekki einu sinni perum
bara appelsínum
þú varst sem appelsína lífs míns
þú afhýddir þykka húð þína
sýndi mér innra með þér
ljúfleika þinn og ást til mín
liturinn þinn var hlýr og aðlaðandi
ég afhýði mínar eigin appelsínur í dag

Við sama tilefni voru veitt verðlaun í
Ljóðasamkeppni grunnskóla Kópavogs og var
dómnefnd sú sama.

Þar hlaut fyrstu verðlaun Alexander Aron
Jörgensson í 10. bekk í Lindaskóla fyrir ljóðið
Appelsínur en Alexander hlaut einnig fyrstu verðlaun
í sömu keppni fyrir réttu ári. Önnur verðlaun hlaut
Inga Bríet Valberg, 5. bekk í Snælandsskóla fyrir
ljóðið *Ég og hún* og þriðju verðlaun hlaut Sigurlín
Viðarsdóttir, 10. bekk í Lindaskóla fyrir ljóðið *Mjöll*,
Fönn og Drífa.

Sérstakar viðurkenningar hlutu þau Angelo Mikael
Korale Arachchige, 9. bekk í Lindaskóla fyrir ljóðið
Batmann, Evelina Sóley Arthur, 7. bekk í Kársnesskóla
fyrir ljóðið *Fuglaljóð*, Elsa Hlín Sigurðardóttir, 9.
bekk í Lindaskóla fyrir ljóðið *Sumarið*, Ríkharður Óli
Brynjarsson, 10. bekk í Lindaskóla fyrir ljóðið *Að vera*
ég, Söldís Anahita Shahsafdari, 6. bekk í Álfhólsskóla
fyrir ljóðið *Úti* og Alexander Aron Jörgensson fyrir
ljóðið *Í öðrum heimi*.

Við athöfnina flutti Skólakór Kársness undir
stjórn Álfheiðar Björgvinsdóttur lag Þóru
Marteinsdóttur, *Hljóð bíður harpan*, við ljóð Jóns
úr Vör sem var pantað sérstaklega fyrir hátíðina
2023. Auk þess fluttu Marína Ósk Þórólfsdóttir
og Sunna Gunnlaugsdóttir nýleg lög Sunnu við
ljóð Jóns úr Vör. Kynnar á hátíðinni voru Elísabet
Sveinsdóttir, formaður lista- og menningarráðs
og meðlimir dómnefndar. Ásdís Kristjánsdóttir,
bæjarstjóri, afhenti sigurvegara ljóðstafinn.



DAGAR LJÓÐSINS

Í framhaldi af afhendingu Ljóðstafsins var efnt til fjölbreyttra viðburða á Dögum ljóðsins í Kópavogi þar sem íslensk ljóð voru sett í alls kyns samhengi á fjölbreyttum tónleikum, ljóðaviðburðum og á sýningum.

Ný ljóð voru í öndvegi á síðdegisviðburði á bókasafninu fimmtudaginn 23. janúar en þá lásu Draumey Aradóttir, Guðmundur S. Brynjólfsson, Harpa Rún Kristjánsdóttir og Melkorka Ólafsdóttir upp úr nýjum ljóðabókum sínum. Á bókasafninu var einnig boðið upp á ljóðaandrymi í Beckmannstofu þar sem hægt var að hlusta á upptökur af ljóðalestri skálda í notalegu umhverfi en skáldin voru Anton Helgi Jónsson, Eygló Jónsdóttir, Eyrún Ósk Jónsdóttir, Gunnhildur Þórðardóttir, Hildur Kristín Thorstensen, Ólafur Sveinn Jóhannesson og Ragnheiður Lárusdóttir. Ljóðaandrymið var opið á meðan Dagar ljóðsins stóðu yfir og á Eyrún Ósk Jónsdóttir, verkefnastjóri á bókasafninu, veg og vanda að þessum viðburðum.

Fyrr hefur verið minnst á fjölskylduviðburði í tilefni af Dögum ljóðsins. Reykjavíkurdætur buðu upp á rappsmíðju í fjölskyldustund þann 20. janúar og Ragnheiður Gröndal og Guðmundur Pétursson buðu upp á laga- og ljóðastund í fjölskyldustund 27. janúar. Hádegisjazzinn, í samstarfi við söngdeild FÍH, var helgaður íslenskum ljóðum, fimmtudaginn 25. janúar. Íslensk ljóð voru einnig í öndvegi á hádegistónleikum þann 24. janúar í Salnum í samstarfi við Myrka músíkdaga þar sem Stirni Ensemble flutti tónlist Kolbeins Bjarnasonar, Egils Gunnarssonar og Hafðísar Bjarnadóttur við ljóð Sigurðar Pálssonar, Einars Braga og texta úr samlesnum auglýsingum Rásar 1 og veðurfréttum.

Óðfræðifélagið Boðn efndi til málþings í forsal Salarins 27. janúar þar sem erindi héldu þau Haukur Þorgeirsson, Ægir Þór Jänke og Soffía Auður Birgisdóttir og skáldin Linda Vilhjálmsdóttir, Þóra Elfa Björnsson, Birgitta Björg Guðmarsdóttir og Vala Hauksdóttir lásu eigin ljóð.

Á skjám bókasafnsins voru upptökur með handhöfum Ljóðstafsins frá árinu 2002 sýnd á meðan dagar ljóðsins stóðu yfir. Öll ljóðin sem bárust í ljóðasamkeppni grunnskóla Kópavogsbæjar voru sýnd á sérstakri sýningu í bókasafninu sem stóð yfir frá 21. janúar og fram yfir Vetrarhátíð.

VETRARHÁTÍÐ

Vetrarhátíð stóð yfir dagana 1. – 3. febrúar en þá fóru fram Sundlauganótt og Safnanótt auk þess sem afhending Gerðarverðlauna fór fram 3. febrúar. Aftakaveður var þessa helgi en dagskráin tókst engu að síður mjög vel og var fjölsótt, ekki síst með tilliti til veðurs.

Sundlauganótt fór fram í Kópavogslaug fimmtudagskvöldið 1. febrúar. Frítt var í sund í tilefni dagsins en fram komu töframaðurinn Einar Aron, Skólahljómsveit Kópavogs undir stjórn Össurar Geirssonar og sundballetthópurinn Eilífðin (systurnar Margrét Erla og Vigdís Perla Maack) sem buðu áhugasömum upp á tíma í vatnaballett og sundfímleikum í innlauginni.

Safnanótt fór fram föstudagskvöldið 2. febrúar. Opið var á Gerðarsafni, Bókasafni og Náttúrufræðistofu til klukkan 23 og tónleikar fóru fram í Salnum. Molinn bauð upp á viðburðadagskrá og opið var í Y gallerýi og á Hljóðbókasafni fram eftir kvöldi auk þess sem ljóslistaverki var varpað á Kópavogskirkju. Ókeypis var á alla viðburði og sýningar.

Eygló Harðardóttir myndlistarmaður var fengin til að gera nýtt vídeolistaverk sem bar titilinn Sviðsmyndir en það var sýnt föstudagskvöldið 2. febrúar og laugardagskvöldið 3. febrúar, frá 18 – 24 bæði kvöldin. Verkinu var varpað á Kópavogskirkju, gert í samtali við samhverf og lagskipt form kirkjunnar og steinda kirkjuglugga Gerðar Helgadóttur. Verkið er byggt upp af fimm sviðsmyndum sem eru lýstar upp og kvikmyndaðar. Sviðsmyndirnar eru unnar á handvirknan hátt, þar sem efniviðurinn er ljós, hreyfing, litað gler og pappír, með skírskotun til marglaga birtingarmynda ljóss og efnis og hreyfinga handanna. Verk Eyglóar vakti mikla athygli og fékk afar góð viðbrögð.

Á bókasafninu hófst dagskráin klukkan 18 með flutningi Eyrúnar Óskar Jónsdóttur á eigin ljóðum við trommuundirleik Akeem Richards og skömmu síðar tók Lúðrasveit verkalýðsins lauflétta lúðrasveitasveiflu. Boðið var upp á perl og barmmerkjasmiðjur fyrir börn og fjölskyldur og önnur hæð safnsins breyttist um hrið í næturklúbb þegar boðið var upp á Silent Disco. Margrét Eir hélt síðkvöldstónleika á bókasafninu ásamt Berki Hrafní Birgissyni gítarleikara þar sem þau fluttu þekkt popplög í ljúfum útsetningum. Kvöldinu lauk svo með bráðskemmtilegu rithöfundaspjalli Friðgeirs Einarssonar og Braga Páls Sigurðssonar.



Í Salnum var boðið upp á tónlist sem líbanska söngstjarnan Fairuz hefur gert fræga um víða veröld en hún er goðsagnarkennd stærð í Mið-Austurlöndum og hefur verið einlæg baráttukona fyrir frjálsri Palestínu. Verkefnið leiddu Sigrún Kristbjörg Jónsdóttir og Thabit Lakh sem skipuðu hljómsveitina ásamt þeim Alexöndru Kjeld, Ásgeiri Ásgeirssyni, Birgi Bragasyri, Kristofer Rodriquez Svöusyni og Erik Quick. Hinn fjölþjóðlega kór skipuðu Ahmed Khaled Rdwan, Amber Lim, Amel Barich, Ása Valgerður Sigurðardóttir, Guðrún Árnadóttir, Inna Bulahova, Konráð Atli Helgason, Maria Alejandra Zerpa Lugo, Mia I. Georgsdóttir, Mouna Monica Nast, Qais Al Nabwani, Ríma Naser og Valeria Cafiso auk hljómsveitarmeðlima. Stappfullt var út úr dyrum á þessum einstaka viðburði; gestir komu úr öllum áttum og ekki síst úr hópi innflytjenda sem tóku undir í mörgum laganna.

Í Gerðarsafni var boðið upp á leiðsögn Joe Keys og Haraldar Jónssonar um verk þeirra á sýningunni Venjulegar myndir sem þá hafði nýlega verið opnuð. Nemendur úr dansdeild LHÍ fluttu spunakenndan dansgjörning inni í Moltu, sýningu Rósu Ómarsdóttur og Cecilie Gaihede bauð upp á leiðsögn um varðveislurými Gerðarsafns. Plötu-snúðurinn Ívar Pétur þeytti svo skífum fram eftir kvöldi á Krónikunni þar sem opið var til klukkan 23.

Á þessum tíma var jarðhæð safnahússins lokuð vegna framkvæmda og breytinga á barnadeild og Náttúrufræðistofu. Sú staða hafði áhrif á dagskrá Náttúrufræðistofu á Safnanótt en boðið var upp á fallegt náttúrubíngó um Borgarholtið. Sævar

Helgi Bragason og Hulda Margrét Birkisdóttir sérfræðingur við stofuna héldu svo afar fjölsótt og vel heppnað erindi um stjörnuskoðun og undur náttúrunnar.

Í Molanum sýndu ungir listamenn úr hópi tónlistafólks, uppistandara, dansara og myndlistamanna brot af fjölbreyttum verkum í vinnslu við frábærar undirtektir. Fram komu Pink X-ray (Iðunn Gígja og Mandý), uppistandarinn Inga Steinunn, tónlistarkonan og dansarinn Krassoﬀ (Kristína Rannveig Jóhannsdóttir) ásamt dönsurum, popp- og raftónlistarhljómsveitin Amor Vincit Omnia (Baldur Skúlason og Erla Hlín Guðmundsdóttir) og myndlistarkonan Lilja María Hönnudóttir sem sýndi verkið Eyrað.

Á Hljóðbókasafni var opið til klukkan 22 en safnið er að öllu jöfnu hulið almenningi. Þar var hægt að prófa að lesa inn sögur, sjá atvinnulesara að störfum og læra fluguþýtingar. Lúðrasveit verkalýðsins lék stuðsyrpu og nemendur úr framhaldsbraut Klassíska listdanssskólans sýndu frumsamið verk. Innblásturinn var tekinn frá hversdagslegum hreyfingum, atburðum og stöðum.

Í Y gallerýi var á Safnanótt opnuð ný sýning með verkum Bjarna Þórs Péturssonar og var aðsókn með eindæmum góð.

Á laugardegnum voru Gerðarverðlaunin veitt Rögnu Róbertsdóttur og lifandi tónlist var í flutningi Davíðs Þórs Jónssonar.



BARNAMENNINGARHÁTÍÐ

Uppskeruhátíð Barnamenningarhátíðar í Kópavogi fór fram laugardaginn 27. apríl. Endurbætur á barnadeild bókasafnsins og náttúrufræðistofu voru enn í fullum gangi og megináherslan því á viðburði í Gerðarsafni og í Salnum þann daginn. Dagurinn tókst vel, veðrið var mjög gott en nokkrir viðburðir fóru fram undir berum himni. Mikil áhersla var lögð á þátttöku barna í dagskránni en mörg hundruð börn úr kórum í Kópavogi tóku þátt í veglegri tónlistardagskrá undir stjórn Álfheiðar Björgvinsdóttur, Ásu Valgerðar Sigurðardóttur, Ástu Magnúsdóttur og Össurar Geirssonar.

Í Salnum fóru sjö tónleikar fram yfir daginn þar sem fram komu kórar Kársnesskóla, Smáraskóla og Hörðuvallaskóla auk Marimbusveitar Smáraskóla og Skólahljómsveitar Kópavogsbæjar sem kom fram á útisvæði. Salka Sól kom fram með sveitinni sem stjórnað var af Össuri Geirssyni og flutti lög sem útsett höfðu verið sérstaklega fyrir tilefnið. Kórarnir komu fram í sitthvorum lagi og héldu svo eina sameiginlega tónleika. Þar voru sérstakir gestir Kjalar Martinsson Kollmar og Íris Rós,

höfundur lagsins Komandi kynslóðir sem hljómað hafði í Krakkaskaupinu 2023 og naut mikilla vinsælda um þær mundir. Kórarnir tóku lagið ásamt einsöngvurunum auk fleiri laga.

Í fræðslurými Gerðarsafns var sett upp sýning á vídeóverki og brúðuskúlptúrum sem nemendur af unglingastigi Kársnesskóla höfðu unnið undir leiðsögn Styrmis Arnar Guðmundssonar og Agötu Mickiewicz. Leitast var við að bjóða nemendum sem höfðu sérstakan áhuga á listum og skapandi starfi að taka þátt en nemendurnir komu í tvær þriggja klukkustunda smiðjur í Gerðarsafni í aðdraganda Barnamenningarhátíðar. Listamennirnir ungu voru Katrín Rós Harðardóttir og Stígur Sær Kjartansson (8. bekk); Bríet Helga Hjartardóttir, Elísabet Agla Nicholasdóttir, Ema Savickyte, María Kristín Elísdóttir (9. bekk) og Emil Aron Guðmundsdóttir, Kató Guðbrandsbur, Milena Bogdanova og Sara Lind Elvarsdóttir (10. bekk).

Á bókasafninu mátti sjá teikningar og textaverk eftir börn úr fjórða bekk í grunnskólum Kópavogs sem unnar voru í kjölfar heimsóknna fyrr um vorið þegar Bergrún Íris Sævarsdóttir mynd- og

rithöfundur tók á móti fjórðu bekkingum og ræddi við þau um sköpunarkraftinn og gildi vináttunnar.

Ljóð sem borist höfðu í ljóðasamkeppni grunnskóla Kópavogs voru sýnd á skjá á bókasafninu á meðan barnamenningarhátíð stóð yfir.

Gerðarsafn, Bókasafn og Náttúrufræðistofa á Barnamenningarhátíð, 27. apríl

13.30 – 15.30	Kórónusmiðja (Bókasafn Kópavogs, 3. hæð). Leiðbeinandi: Sigrún Úa Gunnarsdóttir.
13.30 – 15.30	Málað með mold (Náttúrufræðistofa, á útisvæði). Leiðbeinandi: Örn Alexander Ámundason.
14.00 – 14.40	Krakkajóga (Náttúrufræðistofa, á útisvæði).
14.30 – 16.30	Brúðusmiðja (Gerðarsafn). Leiðbeinendur: Styrmir Örn Guðmundsson og Agata Mickiewicz.

SÝNINGAR

Geimveruslamm | Vídeóverk og brúðusýning eftir nemendur af unglingastigi Kársnesskóla. (Gerðarsafn). Leiðbeinendur voru Styrmir Örn Guðmundsson og Agata Mickiewicz

„Hún skín í hjörtum okkar“ Hugleiðingar um vináttuna eftir börn úr fjórða bekk í grunnskólum Kópavogs (Bókasafn). Verk unnin að loknum heimsóknnum barnanna á bókasafnið þar sem Bergrún Íris Sævarsdóttir ræddi um gildi vináttunnar og sköpunarkraftsins.

„Í öðrum heimi“ Sýning á ljóðum sem bárust í ljóðasamkeppni grunnskóla Kópavogs 2024 (Bókasafn)



Opnun Náttúrufræðistofu og barnadeildar Bókasafnsins

11. maí var blásið til hátíðar í tilefni af opnun nýrrar grunnsýningar Náttúrufræðistofu Kópavogs og opnun endurbættrar barnadeildar Bókasafns Kópavogs. Mikið var um dýrðir á þessum degi og rann hann að sumu leyti saman við Barnamenningarhátíð þar sem barnadeild bókasafns og náttúrufræðistofa höfðu verið lokað 27. apríl þegar hátíðin fór fram. Veður var frábært og hentaði vel fyrir viðburði sem fram fóru undir berum himni.

Börn úr Snælandsskóla spreyttu sig á frásagnarlist fyrir gesti og gangandi inni í nýrri barnadeild en Hannah Rós Sigurðardóttir, listakona, hafði haldið nokkrar sögusmiðjur í Snælandsskóla fyrir hópinn þar sem börnin fengu leiðsögn í að semja eigin sögur og flytja þær. Þátttakendur voru Helgi Jónsson, Kristín Kata Sigurbjörnsdóttir og Magnús Vilhelm Pálsson (úr 5. bekk), Alexander Örn Valdemarsson, Inga Mjöll Pálsdóttir og Rúna Björg Þrastardóttir (úr 6. bekk) og Héðinn Halldórsson, Katrín Ólafsdóttir og Tómas Þór Elmarsson (úr 7. bekk).

Dagskráin 11. maí

12.45 – 13.15	Stuðsveifla með Lúðrasveit verkalýðsins (á útisvæði)
Skólahljómsveit Kópavogs var upptekin á lúðrasveitarmóti og gat því ekki tekið þátt á þessum degi	
13.00 – 16.00	Leiktæki og skemmtun Memmm (á útisvæði)
Smíðavöllur, kúlubraut sem krakkar og fullorðin hanna sjálf, sjálfsmálningarstöð, stórir trékubbar, stultur, risasápukúlustöð, húllahringir og litlir boltar og spaðar	
13.15	Hátíðarávarp Ásdísar Kristjánsdóttur, bæjarstjóra (á útisvæði)
13.30 – 15.30	Teiknihringur. Skapandi smíðja (í Náttúrufræðistofu)
13.30 – 15.30	Málað með mold. Skapandi smíðja með Erni Alexander Ámundasyni (í Náttúrufræðistofu)
13.30 – 15.30	Kórónusmiðja. Skapandi smíðja með Sigrúnu Úu og Ynju Blæ (á Bókasafni)
14.00 – 15.00	Söguhetjurnar. Krakkar úr Snælandsskóla spreyttu sig á frásagnarlist fyrir gesti og gangandi (á Bókasafni).
15.00 – 16.00	Fjölskyldutónleikar með Dúó Stemma. Herdís Anna Jónasdóttir og Steev van Oosterhout buðu upp á sumartónleika (í Salnum).

HEILSUM HAUSTI

Laugardaginn 7. september fór fram haustfögnuður í menningarhúsunum. Boðið var upp á lúðrasveitarsveiflu og skapandi smiðjur auk þess sem hátíðarhljómsveit bæjarlistamannsins Kristófers Rodriguez Svönusonar var á vappi um menningarmiðjuna í upphafi haustsins og spilaði dillandi fjöruga og sjódheita skemmtímúsík.

Í Gerðarsafni, Náttúrufræðistofu og Bókasafni Kópavogs gátu börn og fjölskyldur notið þess að skapa saman úr fjölbreyttum efnivið og á útisvæði var hægt að fara í æsispennandi leiki þar sem við sögu komu risastórar sápukúlur og risastórar stultur, kúlubrautir, körfuboltatunnur og margt margt fleira. Skólahljómsveit Kópavogs bauð upp á kraftmikla lúðrasveitarsveiflu.

Dagskráin

13.00 – 13.25	Haustsveifla með Skólahljómsveit Kópavogsbæjar undir stjórn Össurar Geirssonar. (Útisvæði)
13.00 – 16.00	Fjölskyldusmiðja Memmm. Stultur, sápukúlur, kúlubrautir og margt fleira skapandi og skemmtilegt. (Útisvæði menningarsvæðanna).
13.00 – 15.00	Úkraínsk útsaumssmiðja. (Bókasafn Kópavogs.
13.30 – 15.30	Rannsóknarstofa á jarðhæð). Skjaldbökur og skeldýr. Skemmtileg fjölskyldusmiðja. (Náttúrufræðistofa Kópavogs).
14.00 – 16.00	Listasmiðja í anda Gerðar Helgadóttur með Helgu Páleyju. (Gerðarsafn).

AÐVENTUHÁTÍÐ & JÓL Í KÓPAVOGI

Aðventuhátíð í Kópavogi var haldin laugardaginn 30. nóvember. Boðið var upp á fjölbreyttar aðventusmiðjur frá klukkan 15 – 17. Pólsk brúðusmiðja, fódurkönglagerð fyrir fugla, jólagjafasmiðjur, jólatónlist og lesið var upp úr jóladagatali sem Eygló Jónsdóttir rithöfundur skrifaði upp úr hugmyndum barna í Kópavogi.

Nemendur úr Tónlistarskóla Kópavogs fluttu fallega jólatónlist á aðventutónleikum á bókasafninu. Í forsal Salarins bauð bæjarlistamaður Kópavogsbæjar, Kristofer Rodriguez Svönuson, trommu- og slagverksleikari upp á jóla jazz ásamt Daníel Helgasyni gítarleikara og Hannesi Helgasyni hljómborðsleikara og Kvennakór Kópavogs flutti kyrrláta vetrartóna undir stjórn Margrétar Eirar.

Dagskrá Aðventuhátíðar

Á ÚTISVÆÐI

15.00 – 16.30	Systir jólasveinanna mætti með fullt af tröllafötum úr Grýluhelli og bauð mannabörnum að klæða sig sem tröllabörn.
15.00 – 16.30	Tröllastelpa kenndi krökkum á öllum aldri að dansa við dillandi jólalög.
16.30	Jólagagasveifla með Skólahljómsveit Kópavogsbæjar.
17.00	Ásdís Kristjansdóttir bæjarstjóri tendraði ljósín á jólatré Kópavogsbæjar. Kynnar voru undraverur úr Jólalundi. Kórar úr Smáraskóla og Hörðuvallaskóla sungu jólalög ásamt Ástvaldi Traustasyni á harmonikku. Stjórnendur kóranna voru Ásta Magnúsdóttir og Ása Valgerður Sigurðardóttir. Jólasveinar mættu og slógu upp dansiballi í kringum jólatréð.

BÓKASAFN KÓPAVOGS

15.00-16.30	Skreytum jólatré Gloríu
15.00-16.30	Jóladýr og jólaverur – föndur
15.00-16.30	Jólagjafasmiðja 11+ – Þrívíddarpenningar og perluarmbönd
15.15 / 15.45 / 16.15	Jólasögustund með Eygló Jónsdóttur
16.00	Nemendur í Tónlistarskóla Kópavogs spiluðu jólalög

Jólaratleikur og innpökkunarstöð á opnunartíma safnsins.

GERÐARSAFN

14.00-16.00	Pólsk brúðusmiðja með Styrmi Erni Guðmundssyni og Agötu Mickiewicz
15.00-16.30	Dj. Sunna Ben þeytti jólaskífum og skemmtilegri músík

NÁTTÚRUFRÆÐISTOFA

15.00-16.30	Fóðurkönglar fyrir fugla - Fræðsla og föndur með líffræðingnum Hlyni Steinssyni
-------------	--

SALURINN FORDYRI

15.00	Fönkskotinn jóla jazz með bæjarlistamanninum Kristófer Rodriguez Svönuson, slagverksleikara, Daníel Helgasyni, gítarleikara og Hannesi Helgasyni, hljómborðsleikara
16.00	Vetrartónar með Kvennakór Kópavogs undir stjórn Margrétar Eir



JÓLALUNDUR Í KÓPAVOGI

Jólaundur í Kópavogi fór fram fjóra sunnudaga í röð frá 13 – 15. dagana 1.12., 8.12., 15.12., og 22.12., en um var að ræða fjölskyldudagskrá sem mótuð var af Önnu Bergljótu Thorarensen og Sigsteini Sigurbergssyni úr Jólasveinar.is. Hópurinn hefur frá árinu 2020 verið með sýninguna Ævintýri í Jólaskógi í Guðmundarlundi og þekkir því náttúruperluna vel. Boðið var upp á jólaball Rófu, tengingakapp Hurðaskellis, risastórt jóladagatal, sveimandi ævintýraverur, blaðskellandi jólasveina, rjúkandi heitt kakó, splunkunýja ratleiki, jólaföndur í dásamlegri náttúru og fataskápin í Grýluhelli. Aðgangur var ókeypis.

Jólahús Kópavogsbæjar

Lista- og menningarráð Kópavogs stóð í þriðja sinn fyrir leitinni að Jólahúsi Kópavogsbæjar. Opið var fyrir tilnefningar á vef bæjarins og komu fjöldi tilnefninga. Í kjölfarið var Digranesvegur 69 valið Jólahús Kópavogs enda fékk það langflestar tilnefningar en eigendur þess eru Hildur Elfa Björnsdóttir og Helgi Hafsteinsson.

VERKEFNI SEM HLUTU FRAMGANG LISTA- OG MENNINGARRÁÐS

Fjölmarginir viðburðir fóru fram á árinu sem annað hvort voru styrktir af lista- og menningarráði Kópavogsbæjar eða höfðu hlotið framgang; ráðið var áhugasamt um að af viðburðunum yrði og var verkefna- og viðburðastjóri falið að finna þeim viðburðum sess í dagskránni. Aðgangur var ókeypis á alla viðburði.

Síðdegisjazz í Salnum

Edgars Rugajs var listrænn stjórnandi og leiddi saman íslenska og erlenda jazztónlistarmenn, stefnumótið var skemmtilegt, ókeypis var á tónleikana og fóru fram í fordyri Salarins síðdegis á fimmtudögum.

29.febrúar: Olli Soikkeli og Birgir Steinn Theodórsson
Finnskur jazzgítarleikari og íslenskur bassaleikari

21.mars: Rory Stuart og Sunna Gunnlaugsdóttir
Bandarískur gítarleikari og íslenskur píanóleikari

Skrifað út frá staðsetningu á Bókasafninu

Skáldin og sviðslistakonurnar Eva Rún og Ragnheiður Harpa héldu ritsmiðju þar sem skrifað var út frá staðsetningu, þemað var Kópavogur. Þátttakendur kynntust fjölbreyttum hliðum skapandi skrifa og lærðu að nýta hin ýmsu tól úr verkfærakistum bókmennta og sviðslista. Smiðjan fór fram 14. október og 21. október, þrjá tíma í senn.

Tónlistarsmiðjan Máfurinn á Bókasafninu

Tónlistarsmiðja fyrir börn á aldrinum 8 – 12 ára. Smiðjan fór fram dagana 7. – 9.ágúst, frá 09 – 12 alla daga en í lok smiðjunnar fór fram uppskeruhátíð fyrir foreldra þar sem afrakstur námskeiðsins var sýndur. Sextán börn tóku þátt í smiðjunni. Helsta markmið Máfsins tónlistarsmiðju var að hvetja börn til sköpunar og kynna þau fyrir nýjum aðferðum í listum. Þemað í smiðjunni í ár var hreyfing, hvernig hægt væri að tengja tónlist og hreyfingu saman á skapandi hátt. Kennarar voru Marta og Ólína Ákadóttir.

Jazz er hrekkur

Í tilefni af hrekkjavöku var þriðju bekkingum í Kópavogi boðið á tónleikadagskrána Jazz er hrekkur í Salnum. Dagskráin samanstendur af nýrri og skemmtilegri jazztónlist eftir Leif Gunnarsson sem

leikur á kontrabassa í sýningunni, aðrir flytjendur eru Ingibjörg Friða Helgadóttir söngkona og Sunna Gunnlaugsdóttir píanóleikari. Í sýningunni fléttast saman minni og stef úr íslenskri þjóðtrú við hefðir hrekkjavöku, köngulær, nornir og drauga. Flytjendur í búningum, sviðsetning skemmtileg og grípandi vídeóefni í samtali við tónlistina. Börnin mættu í hrekkjavökubúningum á sýninguna og stemningin var virkilega góð.

Önnur fræðsluverkefni

Bergrún Íris Sævarsdóttir, rit- og myndhöfundur, tók á móti fjórðu bekkingum í mars og ræddi um sköpun og gildi vináttunnar, heimsóknir voru á vegum bókasafnsins en fóru fram í fordyri Salarins vegna framkvæmda á fyrstu hæð bókasafnsins.

Til stóð að níundu bekkingar kæmu á safnið um haustið þar sem þeir hittu listamann. Þær heimsóknir frestuðust til janúar 2025 en þá ræddi Kristinn Óli Haraldsson (Króli) við þá um sköpunarkraftinn, listina og alls kyns áskoranir sem fylgja lífinu.

Menningarkrakkar

Listafólkið Þuríður Sigurbórsdóttir, Þór Sigurbórsson og Óliver Devaney héldu námskeiðið Menningarkrakka, dagana 19. – 22. ágúst frá 9 – 12 alla dagana og lauk því með uppskeruhátíð. Námskeiðið fór fram í fordyri Salarins. Forvitni var höfð að leiðarljósi í vettvangsferðum um menningarhúsin og nágrenni þeirra. Í listasmiðjum var sköpunarkrafturinn leystur úr læðingi með spennandi efniviði, bleki, gifsi og fleiru. 18 börn tóku þátt í námskeiðinu en biðlisti var langur og mikill áhugi á að komast að.

Hamraborg Festival

Hamraborg Festival er þverfagleg, listamannarekin hátíð með áherslu á staðbundna list, gjörninga og félagsleg þátttökuverk. Hátíðin hefur verið haldin árlega í hjarta Kópavogs síðan 2021 en hún óx út úr listamannarekna rýminu Midpunkt sem var starfrækt í Hamraborg 21 á árunum 2018 til 2021.

Allar sýningar og viðburðir hátíðarinnar fara fram í almenningrými, menningarhúsum, kaffihúsum, börum og skrifstofum Hamraborgar og nágrenni.

Hátíðin í ár var haldin 29. ágúst til 5. september með myndlistarsýningum, gjörningum, tónleikum, þátttökuverkum, tiskusýningu og smiðjum fyrir fullorðin og börn svo eitthvað sé nefnt.

Listrænir stjórnendur voru Jo Pawlowska, Agnes Ársælsdóttir og Sveinn Snær Kristjánsson.

Þátttakendur í ár voru Adam Flint & Annahita Asgari, Alda Ægisdóttir, Andrea Ágústa Aðalsteinsdóttir, Anna Wallenius, Anya Shaddock & ÞAU, Antonía Berg, Arnþór Kári, Atli Pálsson & Svanhildur Halla Haraldsdóttir, Berglind Jóna Hlynsdóttir, Berglind María Tómasdóttir, Birgitta Björg Guðmarsdóttir, Birkir Mar Hjaltsted, Bjargey Ólafsdóttir, Bryndís Björnsdóttir, Deepa R. Iyengar, Doro & Matthías Pétursson, DJ Melerito, Dýrfinna Benita Basalan, Elín Dögg Baldvinsdóttir, Emil Gunnarsson, Erik DeLuca, Estelle Pollaert, Fjaðrafok, Ghostigital, Heiðrún Viktorsdóttir, Hildur Elísa Jónsdóttir, Hrefna Lind, INKI, Inga María Brynjarsdóttir, Íris María Leifsdóttir og Vikram Pradhan, Íslenska teiknisetrið, Jorika & Siggi, Jóhanna Ásgeirsdóttir & Ásgerður Heimisdóttir, Kamil Wesołowski, Katla Gunnlaugsdóttir, Kinga Kozłowska, Lauren Charnow, Maria-Magdalena Ianchis, Marie Vesela, MSEA, Miguel Crozzoli, Nina Basdras, Pétur Eggertsson, Rakel Andrésdóttir, Rebekka Ashley, Regn Sólmundur & Logn Blómdal, Sadie Cook & Ynda Eldborg, Serena Dzenis, Sigtýr Ægir Kárasón, Sigþóra Óðins, Steinn Logi Björnsson, Trausti Skúlason/Keztro & Guðni Gunnarsson og Xiupill.

Vetrarfrí og Haustfrí

Vetrarfrí í Kópavogi fór fram 23. – 24. febrúar. Á bókasafni var boðið upp á perlusmiðju og bíómyndina Áfram (Onward). Spilavinir mættu með borðspil og á Lindasafni var haldin armbandasmíðja. Í Gerðarsafni leiddu Auður Ómarsdóttir og Kristín Karólína Helgadóttir grímugerðarsmiðju. Ókeypis var á sýningar í Gerðarsafni fyrir fullorðna í fylgd með börnum. Á Náttúrufræðistofu er hægt að skoða heiminn í gegnum innsetningu ÞYKJÓ, Sjónarspil, og kynnast fjölbreyttum dýrum og lífverum á grunnsýningu Náttúrufræðistofu Kópavogs.

Haustfrí fór fram dagana 26. – 27. október með hrekkjavökuívaði. Á bókasafninu var boðið upp á hrekkjavökuskraut, hrekkjavökuperl og hryllingssögustund en líka bókamerkjasmíðju og fjölskyldujazz með söngdeild tónlistarskóla FÍH. Á Gerðarsafni leiddi Örn Alexander listsmiðju og leiðsögn um sýninguna Skúlpúr/Skúlpúr. Á bókasafninu var gerður nýr skrímslaratleikur fyrir haustfríð en þar var líka búningaskiptimarkaður. Ókeypis var á sýningar í Gerðarsafni fyrir fullorðin í fylgd með börnum í haustfrí.

SUMAR Í KÓPAVOGI

Fjölbreyttir viðburðir fóru fram yfir sumarið í Kópavogi. Þar bar einna hæst hátíðahöld á 17. júní sem og Hamraborg Festival og metnaðarfulla viðburði á vegum Skapandi sumarstarfa.

17. júní

Haldið var upp á 17. júní með glæsibrag í Kópavogi og boðið upp á dagskrá á nokkrum stöðum í bænum. Dagskráin bar svip af 80 ára afmæli lýðveldisins og var boðið upp á hátíðardagskrá í andyri Salarins í tilefni að því. Söngsveitin Fílharmónía kom fram undir stjórn Magnúsar Ragnarssonar og flutti meðal annars glænýtt lag Atla Ingólfssonar, Ávarp fjallkonunnar, við ljóð Þórarins Eldjárns.

Fullveldiskakan stóð gestum til boða um land allt, en hana mátti finna á öllum hátíðarsvæðum.

Fjallkonan flutti ávarp á rútstúni, í ár var það Lilja Sigurðardóttir, rithöfundur. Hún flutti ljóðið Þula frá Týli eftir Jóhannes úr Kötlum

Dagskrá 17. júní í Kópavogi

10.00	Kópavogsvöllur 17.júní hlaup frjálsíþróttadeildar Breiðabliks fyrir börn í 1.til 6. bekk
12.00-17.00	Rútstún og Versalir Hátíðarsvæði opin með hoppukastölum, leiktækjum og andlitsmálun
12.00-16.00	Undirgöngin við Hamraborg Graffiti-djamm
13.00-13.30 Fram komu	Salurinn, andyri Söngsveitin Fílharmónía söng ættjarðarlög og flutti lag Atla Ingólfssonar viðljóð Þórarins Eldjárns, Ávarp fjallkonunnar, sem samið var í tilefni afmælisins. Þar var hægt að nálgast bókina Fjallkonan „Þú ert móðir vor kær,“ sem forsætisráðuneytið gaf út í ritstjórn Silju Aðalsteinsdóttur
13.30	MK Skrúðganga með skólahljómsveit Kópavogs og Skátunum í broddi fylkingar
13.30-16.00 Fram komu	Menningarhúsin í Kópavogi, útisvæði BMX Brós komu fram kl. 13.30. Einnig komu fram Hringleikur, Krakkahestar, Dansskóli Birnu Björns og Skapandi sumarstörf. Þá var Hjálparsveit skáta með tækjasýningu við menningarhúsin.
14.00-16.00 Fram komu	Skemmtidagskrá á Rútstúni fjallkona Kópavogs, leikhópurinn Lotta, Gunnar Helgason og Valgerður Guðnadóttir, Idol stjörnur, Jóhanna Guðrún, Aron Can og VÆB.
Kynnar	Eva Ruza og Hjálmar Örn.

14.00-16.00
Fram komu

Kynnar

Skemmtidagskrá við Versali
leikhópurinn Lotta, Gunnar
Helgason og Valgerður
Guðnadóttir, Idol stjörnur, Jóhanna
Guðrún, Aron Can og VÆB.
Saga Garðars og Snorri Helga

Skapandi sumarstörf

Nokkrir viðburðir fóru fram á vegum Skapandi sumarstarfa yfir sumarið í menningarhúsunum. Nýjar barnasögur eftir Hólmfríði Haflíðadóttur og Ragnhildi Köttlu Jónsdóttur voru kynntar til leiks, tónleikar með hljómsveitinni Slagsmál, lðunni Einars og Tvíeykinu Hreyfingu fóru fram á bókasafninu og í Gerðarsafni og örverk eftir Melkorku Gunborgu Briarsdóttur voru flutt í garðskála Gerðarsafns. Viðburðirnir fóru fram á tímabilinu 6. júlí – 27. júlí en þá fór fram lokahátíð Skapandi sumarstarfa í Molanum.

Hamraborg Festival

Hátíðin Hamraborg festival var haldin í þriðja sinn dagana 23. – 30. ágúst. Sýningar hátíðarinnar voru opnar í vikunni 23. – 30. ágúst en formleg dagskrá hátíðarinnar hófst 25. ágúst og stóð fram á sunnudag, 27. ágúst. Allir viðburðir og sýningar hátíðarinnar voru staðsettar í Hamraborg í hjarta Kópavogs, meðal annars á Catalínu, Gerðarsafni, Euromarket, Krónunni og Bókasafni Kópavogs og kostaði ekkert inn á viðburði hátíðarinnar.

Á hátíðinni er lögð áhersla á myndlist, staðbundin verk (e. site specific), gjörningalist og þátttöku nærumhverfisins. Hátíðin spratt út frá sýningarrýminu Midpunkt sem rekið hefur verið af listamönnum í Hamraborg síðan 2018. Hátíðin er styrkt af Lista- og menningarráði Kópavogs.

Viðburðir hátíðarinnar í ár voru með einstaklega fjölbreyttu sniði en í dagskránni mátti meðal annars finna myndlistarsýningar, kórverk, finnska myndasögusýningu og tónleika. Einn viðamesti viðburður hátíðarinnar í ár var samstarfsverkefni sex japanskra og íslenskra listamanna undir formerkjum Onirisme Collectif sem er næturlangur gjörningur þar sem áhorfendum er boðið í sameiginlega draumaupplifun. Samhliða hátíðinni voru einnig haldnar vinnusmiðjur sem höfðu til allra aldurshópa m.a. smíðja, skynjunarleikir fyrir börn, matreiðslusmiðja þar sem hráefni úr Hamraborg eru nýtt og myndasögudagbókasmiðja. Meðal listamanna sem fram komu voru Úlfur Eldjárns, Ásrún Magnúsdóttir & Benni Hemm Hemm, Mio Hanaoka and Onirisme Collectif (Japan), Elísabet Birta Sveinsdóttir, Egill Logi Jónasson, Miikki Kekkonen (Finland) og Fræbbblarnir.

LISTA- & MENNINGARFRÆÐSLA

Í janúar 2024 var 9. bekkingum í grunnskólum Kópavogs boðið í heimsóknir á Bókasafn Kópavogs þar sem Reykjavíkurdæturnar Steinunn Jónsdóttir og Ragga Hólm spjölluðu við krakkana um sköpun, áræði, hæfileika og þrautseigju. Heimsóknirnar tókust frábærlega og nýjum árgangi 9. bekkinga var boðið í heimsókn í september á Bókasafnið til Steinunnar og Rögggu, tveggja mikilvægra fyrirmynda úr tónlistarsenunni.

Í apríl tók Sirkus Ananas á móti 3. bekkingum í Kópavogi og sýndi glænýja sirkussýningu, Springum út, í Salnum. Sýningin var í anda hinnar klassísku sirkushefðar sem sett er saman af stuttum atriðum með loftfímleikum, trúðalátum og töfrum, boltafimi, jafnvægislistum og akróbatík. Sirkus Ananas skipa þau Urður Ýrr, Daníel og Kristinn Karlsson.

Í maí var nemendum annars bekkjar í Kópavogi boðið á tónleika hljómsveitarinnar BREK. Efnisskráin var unnin fyrir Big Bang tónlistarhátíðina í Hörpu þar sem BREK hélt tónleika fyrir hundruð grunnskólabarna og hlaut frábærar viðtökur. Sveitina skipa þau Harpa Þorvaldsdóttir, söngur og píanó, Jóhann Ingi Benediktsson, söngur og gítar, Guðmundur Atli Pétursson, mandólin og bakraddir og Sigmar Þór Matthíasson, kontrabassi og bakraddir. Belgíski

leikstjórinn Wouter Van Looy, listrænn stjórnandi Big Bang Festival vann og þróaði sviðshreyfingar tónleikanna í samstarfi við hópinn.

Í ágúst var boðið upp á námskeiðið Menningarkrakkar og fór það fram í forsal Salarins. Þór Sigurþórsson og Þuríður Sigurþórsdóttir héldu utan um námskeiðið en vikunni lauk með uppskeruveislu þangað sem foreldrum var boðið. Fjöruferðir, skúlptúrgerð og önnur skapandi verkefni voru á dagskrá en 20 börn tóku þátt í námskeiðinu sem tókst frábærlega.

Í september bauðst fimmtu bekkingum að koma í Salinn á sýningu hjá Góa Karlssyni og Þresti Leó Gunnarssyni. Þar var stóra ævintýrabókin opnuð og mikið var um tónlist, leik, dans og fjör en sýningin sló í gegn hjá krökkunum. Sýninguna vann Gói Karlsson sem bæjarlistamaður hjá Kópavogsbæ árið 2022.

Í desember var börnum í fyrsta og öðrum bekk í grunnskólum Kópavogs boðið á sýninguna Ævintýri á aðventunni. Í sýningunni skarast skáldskapur, ópera, söngleikur og gamanleikhús á stórskemmtilegan hátt. Höfundur og tónskáld er Þórunn Guðmundsdóttir, en aðalsmerki hennar eru frábærlega myndir og hnyttir textar með orðaleikjum.



GESTAFJÖLDI Á VIÐBURÐARAÐIR OG HÁTÍÐIR MEKÓ 2024

	Bókasafn	Gerðarsafn	Náttúruræðistofa	Salurinn	Aðsókn alls 2024
Fjölskyldustundir á laugardögum	386	408	150	50	994
Menning á miðvikudögum	447	185	217	228	1.077
Foreldramorgnar	690	75	-	-	1.455
Barnamenningarhátíð	2.070	80	159	-	2.309
17. júní	551	1.034	-	-	1.585
Haustkarnival	20	33	30	75	158
Aðventuhátíð	1.140	490	500	400	2.530
Vetrarfrí	250	80	-	-	330
Hamraborg Festival	1.217	163	-	50	1.430
Haustfrí	450	33	-	-	483
Aðrir MEKÓ viðburðir	694	425	810	243	2.172
GESTIR ALLS	7.915	3.006	1.866	1.046	14.523



Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08 2026

KYNNINGAR- & MARKAÐSMÁL MEKÓ

Árangur kynningar- og markaðsstarfs fyrir menningarhúsin

Á árinu 2024 náðist verulegur árangur í kynningar- og markaðsstarfi fyrir menningarhúsin í Kópavogi. Samræmd miðlun undir merkjum MEKÓ hefur skilað sér í auknum sýnileika og sterkari ímynd menningarhúsanna. Þetta er aukning um 12% frá fyrra ári og má rekja hana meðal annars til markvissrar samfélagsmiðlamiðlunar, fjölbreyttrar dagskrár og öflugs samstarfs við fjölmiðla og samfélagið. Fjölmenningsviðburðir, sem voru 9,8% af heildarviðburðum, höfðu sérstaklega jákvæð áhrif á þátttöku nýrra hópa og stuðluðu að aukinni fjölbreytni meðal gesta.

Helstu áherslur og verkefni ársins

Samfélagsmiðlar – sýnileiki og þátttaka

Á árinu 2024 var lögð aukin áhersla á markvissa og skapandi notkun samfélagsmiðla til að kynna menningarstarf í Kópavogi. Samfélagsmiðlarnir voru nýttir bæði til að kynna viðburði, segja sögur úr starfi menningarstofnana og virkja íbúa til þátttöku.

Helstu niðurstöður ársins:

- Fylgjendafjöldi jókst um 18% á milli ára á helstu miðlum (Facebook og Instagram).
- Yfir 250 færslur voru birtar á samfélagsmiðlum menningarstofnana, þar af voru 40 myndbönd og 30 myndaálög með hreyfimyndum eða texta.
- Áhorf á myndbönd jókst um 35% frá fyrra ári, með samtals yfir 60.000 áhorfum á helstu myndböndum.
- Samfélagsmiðlaherferðir voru keyrðar í tengslum við 6 stærri viðburði, þar sem náðist til yfir 100.000 einstaklinga í gegnum greidda og lífræna dreifingu.
- Samstarf við áhrifavalda var nýtt í fyrsta sinn í tengslum við Ljósanótt og Barnamenningarhátíð, með góðum árangri í dreifingu og þátttöku.

Áherslur í miðlun

- Notkun á mynd- og myndbandsmiðlun jókst til muna og var lögð áhersla á að sýna fjölbreytileika menningarstarfsins og þátttöku íbúa.
- Sérstök áhersla var lögð á aðgengilegt og fjölbreytt efni, þar sem börn, fjölskyldur og eldri borgarar fengu rödd og sviðsljós.
- Samfélagsmiðlar voru nýttir til skjölunar, með því að miðla beint frá viðburðum og sýningum í rauntíma.

Birting efnis í öðrum miðlum

Á árinu 2024 var unnið markvisst að því að koma menningarstarfi Kópavogs á framfæri í fjölbreyttum miðlum utan eigin samfélagsmiðla.

Helstu niðurstöður ársins:

- Yfir 40 fréttir og umfjallanir birtust í innlendum fjölmiðlum, þar á meðal RÚV, Morgunblaðinu, Fréttablaðinu og Vísi.
- Samstarf var við 6 vefmiðla og menningartengd vefrit, sem birtu greinar og viðtöl við listafólk og verkefnastjóra.
- 12 viðtöl og kynningarþættir voru tekin upp í útvarpi og sjónvarpi í tengslum við helstu viðburði.
- Efni frá Kópavogi birtist í 3 alþjóðlegum netmiðlum í tengslum við samstarfsverkefni á sviði lista og menningar.

Birting efnis í öðrum miðlum gegnir lykilhlutverki í að auka sýnileika menningarstarfs bæjarins og styrkja tengsl við fjölbreyttan hóp áhorfenda og lesenda.

Horft til framtíðar

Áfram verður unnið að því að efla kynningar- og markaðsmál með áherslu á aðgengi, fjölbreytileika og þátttöku. Áhersla verður lögð á að nýta gögn og greiningar til að bæta miðlun og ná betur til ólíkra hópa í samfélaginu. Stefnt er að því að efla samstarf við skóla, listafólk og samfélagsmiðla enn frekar árið 2025.

MEKÓ OG MENNINGARSTOFNANIR Á FACEBOOK 2020 - 2024

	Lok 2020	Lok 2021	Lok 2022	Lok 2023	Lok 2024
MEKÓ	2.126	2.503	3.198	3.290	4.139
Bókasafn	3.336	3.646	4.185	4.601	5.191
Gerðarsafn	4.430	4.687	5.399	5.452	5.961
Náttúrufræðistofa	1.055	1.101	1.225	910	1.457
Salurinn	8.086	8.189	8.571	8.653	9.026
HEILDARFJÖLDI FYLGIJENDA	19.033	20.364	22.578	22.906	25.774

Skjal sótt af '000000000000' dags: 19.08 2026



Stofnanir sviðsins

BÓKASAFN KÓPAVOGS

HLUTVERK

Bókasafn Kópavogs er vettvangur bæjarbúa til að hittast, verja tíma með vinum og fjölskyldu og nýta sér fjölbreyttan safnkost. Meginhlutverk safnsins er fyrst og fremst að bjóða Kópavogsbúum og öðrum aðgengi að þekkingu og stuðla að fjölbreyttri, öflugri og skipulagðri menningarstarfsemi – og fræðslu fyrir samfélagið í heild.

Bókasafn Kópavogs er rekið af Kópavogsbæ og starfar samkvæmt bókasafnalögum nr. 150/2012. Það hefur yfirlýsingu frá UNESCO um almenningubókasöfn frá 1994 og menningarstefnu Kópavogsbæjar að leiðarljósi í starfi sínu. Bókasafn Kópavogs rekur tvö söfn, aðalsafn í Hamraborg 6a og útibúið Lindasafn í Núpaland 7.

LEIÐARLJÓÐ

Bókasafn Kópavogs hefur það að leiðarljósi að vera í fararbroddi almenningubókasafna í landinu hvað varðar þjónustu, safnkost og búnað.

MARKMIÐ

Að vera bæjarbúum „heimili að heiman“ í daglega lífinu.

- Bjóða fjölbreytta og góða þjónustu sem nær til allra hópa samfélagsins óháð staðsetningu.
- Veita aðgengi að fjölbreyttum og lifandi safnkosti og hlýlegu umhverfi.
- Bjóða fjölbreytta viðburði, námskeið og klúbba sem höfða til allra aldurshópa og allra hópa samfélagsins.
- Nýta og styrkja samstarf og nálægð við aðrar menningarstofnanir í Kópavogi í þágu gesta safnsins.
- Að vera í fararbroddi almenningubókasafna í landinu.
- Bjóða starfsmönnum sí- og endurmenntun og gott vinnuumhverfi til að auka færni, þekkingu og ánægju í starfi.
- Innleiða nýjustu tækni, búnað og miðlun í starfsemi safnsins hverju sinni.
- Styrkja samstarf við önnur söfn innanlands og erlendis.
- Fylgjast með nýjungum og nýsköpun í hlutverki bókasafna bæði innanlands og á alþjóðavísu.
- Fylgjast með nýjungum og nýsköpun í hlutverki bókasafna bæði innanlands og á alþjóðavísu.

STARFSEMI 2024

Opnunartími og aðgangseyrir

Bókasafn Kópavogs er starfandi á tveimur stöðum í bæjarfélaginu. Aðalsafn er í Hamraborg 6a og útibúið Lindasafn er í Núpaland 7.

Hefðbundinn afgreiðslutími aðalsafns:

Mánudaga – föstudaga	kl. 08 – 18
Laugardaga	kl. 11 – 17

Hefðbundinn afgreiðslutími Lindasafns:

Mánudaga – föstudaga	kl. 13 – 18
Laugardaga	kl. 11 – 15

Á sumrin er lokað á laugardögum (júní–ágúst).

Enginn aðgangseyrir er inn á söfnin.

Breytingar á gjaldskrá voru gerðar þrisvar sinnum yfir árið 2024. 1. janúar, 1. júlí og 1. október. Voru þær breytingar vísitölutengdar, blanda af vísitölu neysluverðs og launavísitölu.

ÞJÓNUSTA

Þjónustan er einn af lykilþáttunum í starfsemi safnsins. Safnið er í stöðugri þróun og endurskoðun og reynir eftir fremsta megni að halda góðri þjónustu og bæta hana eins og hægt er.

Sjálfsafgreiðsla var áfram einn af áherslupáttum þjónustunnar á báðum söfnum og var mikil aukning í notkun hennar á árinu líkt og verið hefur á undanförnum árum. Í byrjun október tók safnið sjálfsafgreiðsluþjónustuna skrefi lengra og opnaði Bókabox. Bókaboxið er hið fyrsta sinnar tegundar á Íslandi og virkar eins og póstboxin sem hafa verið að spretta upp út um allt land á undanförnum árum þar sem hægt er að sækja pakka í box. Þetta er einföld leið fyrir lánþega safnsins til að nálgast nýjustu og vinsælustu bækurnar, en í boxinu eru alltaf tíu nýir titlar, eins er hægt að skila lánsbókum. Hægt er að taka frá bók og sækja hana í boxið. Bækurnar eru þá fráteknar á leitir.is og kemur starfsfólk bókunum í Bókaboxið. Bókinni verður haldið í fjóra sólarhringa eftir að hún er komin í boxið. Bókaboxið er staðsett í Vallakór 4 (í sama húsi og velferðarsvið Kópavogsbæjar og Krónan) og er opið kl. 09.00–21.00 alla daga vikunnar.

Safnið var áfram með samstarfssamning um eitt lánþegaskírteini við almenningubókasöfn á höfuðborgarsvæðinu. Var samstarfið á þá leið að hafi lánþegi gilt skírteini í einu safnanna getur hann nýtt sér þjónustu þeirra allra, m.a. fengið lánað og skilað gögnum á hverju þessara safna. Gjaldskrá miðast við það safn sem notað er hverju sinni og sektir og önnur gjöld eru greidd á viðeigandi safni. Fyrirkomulagið hefur mælst mjög vel fyrir hjá lánþegum.

Bókasendingar milli samstarfssafnanna þriggja í Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi eru farnar þrisvar sinnum í viku og sendingar milli aðalsafns og Lindasafns eru farnar tvisvar sinnum í viku.

Á aðalsafni er boðið upp á aðgang að gestatölvu þar sem aðeins er hægt að skoða internetið og með tilkomu nýrrar prentþjónustu er einnig hægt að prenta út úr þeirri tölvu.

Áfram var prentþjónustan Princh notuð með miklum ágætum. Princh er danskur hugbúnaður sem, m.a. er notaður á bókasöfnum Borgarbókasafns Reykjavíkur, á Norðurlöndunum og víðar um heim. Hugbúnaðurinn gerir fólki kleift að fá aðgang að prentara safnsins úr hvaða tæki sem er, þ.e. sínum, spjaldtölvum, fartölvum, gestatölvu o.s.frv. og fólk er því ekki lengur bundið við aðgang að gestatölvu eða aðstoð starfsfólks.

Áfram heldur vinna í nýjum Gegni, bókasafnskerfinu Alma frá Ex Libris. Landskerfi bókasafna hf. sér um rekstur á kerfinu á Íslandi. Fyrsta árið eftir skiptin reyndi mikið á starfsfólk og lánþega en með meiri reynslu, uppfærslum og aðlögunum hefur vinna í kerfinu orðið betri og starfsfólk á hrós skilið fyrir metnað og æðruleysi í þessari miklu vinnu.

Hringrásarsafnið hefur gengið vel frá því það opnaði í lok árs 2021, en safnið er fyrsta safn sinnar tegundar á Íslandi. Safnið virkar ekki ósvipað og bókasafn og gerir notendum sínum kleift að fá lánaða ýmsa nytsama hluti eins og til dæmis ísvél og verkfæri. Notendur hringrásarsafnsins greiða árgjald og fara útlánin fram með sjálfsafgreiðslu. Verkefnið hefur gengið mjög vel og hafa íbúar Kópavogsbæjar sem og aðrir tekið vel í þessa nýjung á safninu. Hægt er að sjá frekari upplýsingar um safnið á vefnum [www.munasafn.is](#).

Fjölnotasalið og fundaherbergi aðalsafns hafa verið vel nýtt á árinu og leigð út til marga, einstaklinga og fyrirtækja og stofnana. Fjölnotasalið er leigð út gegn gjaldi og er alltaf að verða vinsælla og vinsælla hjá samtökum og stofnunum í Kópavogi

og víðar. Mikil ánægja hefur verið meðal leigutaka á þjónustunni í kringum leiguna og á sölunum sjálfum. Fundaherbergi eru leigð út án endurgjalds í þrjá tíma.

GESTIR OG ÚTLÁN

Á árinu komu samtals 203.468 gestir á bæði söfn, þar af 167.886 gestir á aðalsafn og 35.582 gestir á Lindasafn. Er þetta tæplega 1,0% hækkun frá árinu 2023. Aldrei hafa jafn margir gestir sótt safnið heim á einu ári frá upphafi. Er það mikið fagnaðarefni.

Útlánnum fjölgaði um tæplega 3,0% á milli ára en þau voru 156.442 á árinu 2024.

Öll töluleg gögn um safnið eru nú sett í miðlægt Vöruhús gagna Kópavogsbæjar þar sem fram koma upplýsingar safnsins um heimsóknir í safnið, útlán gagna, fjölda gesta á viðburðum, fjölda skólahópa sem koma í fræðsluheimsóknir, upplýsingar um heimsóknir á samfélagsmiðla ásamt fleiri gagnlegum upplýsingum.

STYRKIR

Safnið hlaut tvo styrki úr Bókasafnasjóði vorið 2024. Annars vegar fyrir verkefnið Bókasafnið í fjölmenningarlegu samfélagi og hins vegar fyrir Ungmennin í forgrunni. Bæði verkefni voru unninn haustið 2024 og halda áfram vorið 2025. Þá hlaut safnið einnig styrk frá Nordplus fyrir fjölmenningarverkefni, í samstarfi við bókasöfn í Svíþjóð og Eistlandi.

Verkefnið Bókasafnið í fjölmenningarlegu samfélagi snýr að því efla þátttöku innflytjenda í bókasafnssamfélaginu. Fjölmarginir viðburðir tengdir fjölmenningu litu dagsins ljós á safninu, má þar nefna Get together sem er opið hús fyrir flóttafólk og hælisleitendur á föstudögum frá 11.00-13.00, sögustundir á erlendum tungumálum, s.s sögustund á ukráínsku og spænsku, venesúelsk menningarhátíð, ukráínsk jólahátíð, tónleikaröð þar sem innflytjendur fluttu tónlist frá sínu upprunalandi og fyrirlestrar um mismunandi menningu undir yfirskriftinni Flóra mannlífs, og margt fleira.

Verkefnið Ungmennin í forgrunni sneri að því að bjóða upp á erindaröð fyrir foreldra unglinga og ungmenna um ýmis málefni sem snúa að þeim og fékk erindaröðin nafnið Haltu mér - slepptu mér. Erindaröðin var vel sótt og var haldin á þriðjudagskvöldum mánaðarlega og bauð safnið upp á fyrirlestra um m.a bókaval ungmenna, miðlalæsi,

kvíða og orðræðu ungmenna. Verkefnið heldur áfram 2025 með fyrirlestrum um hinseginleikann, svefn ungmenna, tölvuleiki og ofbeldi meðal ungmenna.

Þá hlaut safnið styrk frá Barnamenningarsjóði fyrir verkefnið Blásam lífi í þjóðsögurnar. Þetta var skemmtilegt verkefni þar sem voru skipulagðir ýmsir viðburðir til þess að halda á lofti þjóðsögum Jóns Árnarsonar. M.a var haldin skrímslasmiðja í kringum hrekkjavökuna þar sem krakkar gátu teiknað skrímslin úr íslensku þjóðsögunum og hengt þau upp. Það var haldin draugasögustund þar sem krakkar fengu að heyra draugasögur úr íslensku þjóðsögunum. Þá bauðst börnum að senda inn hugmyndir að jólasögu þar sem þau fengu að velja hvaða þjóðsagnapersónur kæmu fram í sögunni. Þátttakan fór fram úr björtustu vonum og sendu 125 börn inn tillögur. Eygló Jónsdóttir rithöfundur skrifaði sögu úr þeim tillögum sem bárust og var hún gefin út sem bók. Börnin fengu nafn sitt getið sem meðhöfundar bókarinnar. Þá var slegið til heljarinnar útgáfuveislu. Í sögustundum fyrir leikskólana fengu svo börn að heyra íslenskar þjóðsögur. Á þrettándanum 2025 kom síðan Ragnheiður Gröndal til okkar og hélt þjóðsögu-tónleika og söng lög sem byggðu á þjóðsögum Jóns Árnasonar fyrir börn og fengu börnin að syngja með.

STARFSMANNAMÁL

Árið 2024 voru að jafnaði 14 starfsmenn í 14,0 föstum stöðugildum á safninu fram til 25. apríl, þar af 12,25 stöðugildi á aðalsafni og 1,75 stöðugildi á Lindasafni. Einn starfsmaður fór í fæðingarorlof í maí og var ráðinn inn starfsmaður tímabundið í hans stað. Tímavinnustarfsmenn voru að jafnaði 10 yfir árið. Sumarstarfsmenn voru í samtals fimm stöðugildum á báðum söfnum. Auk þess komu þrjú ungmenni í gegnum Vinnuskóla Kópavogs í sex vikur, tvö á aðalsafn og eitt á Lindasafn.

Sí- og endurmenntun

Starfsfólk var duglegt að sinna sí- og endurmenntun af ýmsum toga. Fjórir starfsmenn fóru í fræðsluferð til Hässleholm í Svíþjóð vorið 2024. Þá fóru fimm starfsmenn á Ninja – Nordic IFLA Network ráðstefnu sem haldin var í Helsinki haustið 2024. Þá fóru þrír starfsmenn einnig til Hässleholm í Svíþjóð haustið 2024 til að taka þátt í alþjóðlegu samstarfsverkefni í tengslum við Nordplus styrkinn sem safnið hlaut. Forstöðumaður fór í fræðslu- og símenntunarferð til Boston í nóvember ásamt öðrum forstöðumönnum menningarhúsanna og forstöðumanni menningarmála. Starfsfólk sótti

að auki bæði fræðslufundi og námskeið innan vinnutíma og utan og hluti starfsfólks í hlutastarfi er í háskólanámi meðfram vinnu svo vinnustaðurinn er í góðum tengslum við skólasamfélagið sem er hverju almenningubókasafni mikilvægt.

Félagsstörf

Gréta Björg Ólafsdóttir, deildarstjóri barnastarfs, var fulltrúi Upplýsingar í nefnd um Gerðubergsráðstefnu. Brynhildur Jónsdóttir, deildarstjóri þjónustu, situr í stjórn Aleflis. Sigurlaug Jóna Hannesdóttir, útibússtjóri Lindasafns stýrir nýstofnuðum vinnuhópi um tímaritahluta rafbókasafnsins. Sigurlaug Jóna, er jafnframt trúnaðarmaður starfsfólks hjá Bandalagi háskólamanna og situr í stjórn Upplýsingar - félags bókasafns- og upplýsingafræða. Íris Dögg Sverrisdóttir, bókavörður, er trúnaðarmaður starfsfólks hjá Stéttarfélagi Kópavogsbæjar.

HÚSNÆÐI OG BÚNAÐUR

Innkaup

Í lok árs 2023 voru keyptar fjórar nýjar sjálfsafgreiðsluvélar frá fyrirtækinu Bibliotheca. Voru þær allar teknar í notkun í byrjun árs 2024, þrjár á aðalsafni og ein á Lindasafni. Einnig voru keyptar tvær snertiskjástölvur sem „kiosk“ eða viðbót við sjálfsafgreiðslu safnsins og með þeim geta lánþegar sjálfir náð í rafræn bókasafnskort, sett nýtt PIN númer á kortið og greitt árgjald og sektir í sérstakri greiðslugátt. Greiðslugáttin var unnin í samstarfi við UT deild Kópavogsbæjar og Sensa og standa vonir til að gáttin verði aðgengileg fyrir önnur almenningubókasöfn á árinu 2025. Með haustinu færðist greiðslugáttin og þeir möguleikar sem henni fylgja inn í sjálfsafgreiðsluvélarnar og í framhaldi voru “kiosk” skjáirnar teknar úr notkun.

Bókaboxið sem nefnt er í kaflanum um þjónustu var keypt með sjálfsafgreiðsluvélunum og einnig var keyptur birgðasproti. Birgðasprotinn er þráðlaus skanni sem nemur örgjörva í safnkosti úr rúmlega metra fjarlægð. Þegar sprotanum er rennt yfir hillur safnsins getur hann meðal annars látið vita ef gögn eru í rangri deild, á röngu safni, ennþá lánuð á lánþega, skráð týnd o.fl. Sprotinn hefur nýst vel á safninu við yfirferð á safnkosti og með kaupum hans hlaut mikill tímasparnaður fyrir starfsfólk.

Endurbætur

Stórar breytingar áttu sér stað á aðalsafni á árinu. Í byrjun árs hófust framkvæmdir á 1. hæð safnsins þar sem barnadeild safnsins og grunnsýning Náttúrufræðistofu Kópavogs eru til húsa. Hæðin var tekin alveg í gegn og endurnýjuð frá grunni. Theresa Himmer arkitekt var fengin til að teikna upp nýja barnadeild með það að leiðarljósi að fá nýtt upplifunarrými á 1. hæðinni sem tengir saman bókmenntir, myndlist, náttúruvísindi og tónlist fyrir börn og fjölskyldur. Í barnadeildinni var lögð áhersla á samveru gesta, kósihorn og hugguleg svæði til lestrar. Barnadeildin og ný grunnsýning Náttúrufræðistofu Kópavogs voru opnuð með pomp og prakt þann 11. maí á afmæli Kópavogsbæjar. Skemmst er frá því að segja að nýja hæðin sló í gegn og var metaðsókn á árinu og hafa aldrei jafn margir gestir sótt safnið heim frá upphafi.

Þar sem aðsóknin eftir opnun barndeildar var það mikil var ákveðið gera breytingar á fjölnotasal á 1. hæð og taka hann einnig undir fyrir barnadeild. Honum var því breytt með litlum tilkostnaði og stækkaði barnadeildin til muna við það.

Þar sem mikil orka, tími og fjármagn fóru í endurnýjun á barnadeildinni voru engar aðrar stórar breytingar á aðalsafni.

SAFNEIGN OG SAFNKOSTUR

Safnkostur Bókasafns Kópavogs sem skráður er í Gegni var 78.171 eintök í árslok 2024 og nær bæði yfir aðalsafn og Lindasafn. Sérstök áhersla var lögð á að kaupa inn vinsælt og fjölbreytt efni til að koma til móts við lánþega og frátektarlista.

Innkaup og gagnaflæði er í höndum aðfangateymis sem hittist einu sinni í viku. Í jólabókaflóðinu hittist teymið þó að jafnaði tvisvar sinnum í viku. Við innkaup, gagnaflæði og grisjun er stuðst við aðfangastefnu safnsins sem gildir í eitt ár í senn en hana má finna á vefsíðu safnsins.

Á safninu fer fram skráning, flokkun og tenging innlendra og erlendra bóka, tímarita, hljóðbóka og mynddíska auk annarra gagna. Þunginn af þessari vinnu fer fram hjá deildarstjóra aðfanga á aðalsafni en útibússtjóri Lindasafns sér um innkaup og tengingu safnkosts sem er keyptur fyrir Lindasafn.

Stafræn og rafræn göng

Sem almenningsbókasafn Kópavogsbæjar greiðir Bókasafn Kópavogs fyrir landsaðgang að rafrænum áskriftum á Hvar.is fyrir Kópavogsbæ. Hvar.is veitir öllum sem tengjast netinu um íslenskar netveitur aðgang að tímaritsgreinum.

Lánþegar Bókasafns Kópavogs hafa aðgang að Rafbókasafninu, sem starfrækt er í samvinnu við Landskerfi bókasafna og önnur almenningsbókasöfn á landinu. Raf- og hljóðbækur eru lánaðar út í gegnum Rafbókasafnið en safnkostur þess er eins og er mestmegnis á ensku. Vonir standa til að efni á íslensku bætist við á næstunni. Í upphafi árs 2024 var keyptur inn tímaritapakki í Rafbókasafnið og geta lánþegar nú nálgast fjölbreytt úrval tímarita. Bókasafn Kópavogs stýrir verkefnateymi tímaritahlutans, en teymið samanstendur af fulltrúum frá bókasöfnum Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Reykjanesbæjar og Amtsbókasafnina á Akureyri. Tímaritin eru kærkomin viðbót við Rafbókasafnið sem er í stöðugri þróun.

Gjafir

Bókasafn Kópavogs fær margar góðar bóka- og hljóðbókagjafir á hverju ári frá velunnurum sínum og eru þeim færðar kærar þakkir fyrir hugulsemi og örlæti.

Þema og útstillingar

Allt árið er bókum og öðrum safnkosti stillt fram í tengslum við ákveðin þema eða viðburði á safninu. Á árinu voru m.a. eftirfarandi útstillingar: “Dagar ljóðsins” í tengslum við Daga ljóðsins í janúar, “Goodreads Choice” verðlaunin 2024 í lok árs og ýmsar litaútstillingar, s.s. gular bækur í gulum september, bleikar bækur í bleikum október og hrekkjavökuútstillingar á hrekkjavökunni. Að auki voru ýmsar aðrar útstillingar tengdar rithöfundum eða málefnum líðandi stundar á einhvern hátt “Bækur sem láta hárin rísa”, “Kósí krimmar”, “Eðalbækur”, “Leslyndi - sumarlestur fullorðinna” fyrir sumartímann, “Tiltekt - skipulagsgleðin”, “Paul Auster 1947-2024”, “Skrásubækur”, “Agatha Christie”, bækur Salman Rushdie þegar hann hlaut Alþjóðleg bókmenntaverðlaun Halldórs Laxness.

Verk í almenningssými og stofnunum

Á aðalsafni stendur skúlptúr eftir fyrsta bæjarlistamann Kópavogs, myndhöggvarann Wilhelm Beckmann. Skúlptúrin heitir Kona og var gerður á árunum 1950-1965. Efni skúlptúrsins er viður og var styttnar gjöf til bróður Wilhelms, Georgs Beckmann. Verkið Kona er í eigu Stofnunar Wilhelms Beckmann.

Á aðalsafni er einnig fallett glerlistaverk eftir Bjarna Snæbjörnsson myndlistarmann en hann gaf safninu verkið stuttu eftir opnun þess í nýju húsnæði að Hamraborg 6a árið 2002.

Í fundarherberginu Holti er tvö falleg verk án titils eftir Valgerði Briem án titils úr myndaröðinni Landlit. Myndaröðin eru abstrakt teikningar sem unnar eru með blandaðri tækni og virðast tjá margbreytileika náttúrunnar. Valgerður skapar sterka dýptartilfinningu í verkinu og er líkt og horft sé niður í hraunbreiðu, á innviði gróðurs eða yfir bergmyndanir landsins.

SAMSKIPTI

Kynningarmál

Kynningarmál hafa verið í góðum farvegi undanfarin ár og samvinna við önnur Menningarhús í Kópavogi hefur aukist jafnt og þétt. Sú samvinna hefur gengið vel og er safninu til bóta. Kynningarmálin snúast að mestu um viðburði, þjónustu og safnefni safnsins.

Aprílgabb ársins reyndist ein besta kynning á safninu og rataði í fjölda fjölmiðla og vakti mikla athygli hjá almenningi. Gabbið snerist um það að Bókasafn Kópavogs væri farið að raða bókum eftir nýju litakerfi. Einfalt og gott.

Vefsíða og samfélagsmiðlar

Á vefsíðu safnsins og samfélagsmiðlum er lögð áhersla á kynningu stakra og fastra viðburða, auk þess sem ýmis fróðleikur og skemmtun er sett inn. Safnið er með virka Facebook-síðu, Instagram-aðgang og aðgang á TikTok sem allir hafa gengið mjög vel á árinu.

Útgáfa

Safnið gaf út Jólaævintýri Glóri, sem var jólasaga í 24 köflum, eins og jóladagatal, sem var skrifuð af Eygló Jónsdóttur rithöfundu upp úr tillögum 125 barna. Bókin var einnig myndskreytt af börnum og vakti mikla athygli.



Fjölmiðlar

Bókasafn Kópavogs hefur lagt áherslu á að senda inn fréttatilkynningar í þá Kópavogsmiðla sem út koma hverju sinni og fréttabréf með því sem er að gerast á safninu er sent út á póstlista hálfsmánaðarlega. Markaðs- og kynningarstjóri Menningarhúsanna í Kópavogi heldur að mestu utan um önnur fjölmiðlatengsl.

SAMSTARF

Samstarfssöfn Bókasafns Kópavogs eru Bókasafn Garðabæjar og Bókasafn Hafnarfjarðar og gildir eitt lánþegaskírteini á öllum þremur söfnum. Hægt er að skila safngögnum á Bókasafn Kópavogs og á samstarfssöfnin Bókasafn Hafnarfjarðar og Bókasafn Garðabæjar. Samstarf við önnur almenningabókasöfn á höfuðborgarsvæðinu er enn um eitt lánþegaskírteini sem gildir á öllum almenningabókasöfnum á höfuðborgarsvæðinu.

Bókasafn Kópavogs hefur verið í miklu og nánu samstarfi við skólabókasöfnin í Kópavogi í mörg ár og bauð safnið m.a. öllum safnstjórum skólabókasafnanna í heimsókn í spjall tvisvar sinnum á árinu.

Í kjölfar heimsóknar forstöðumanns og útibússtjóra Lindasafns til Svíþjóðar í byrjun árs 2023 hófst samstarf við almenningabókasafnið í Hässleholm í Svíþjóð og almenningabókasafnið í Haapsalu í Eistlandi. Samstarfsnetið nefnist LISE og er megináhersla þess að stuðla að endurmenntun og fræðslu starfsfólks milli landanna þriggja. Fengu söfnin þrjú Nordplus-styrk til að vinna sameiginlega að fjölmennningarverkefni og heimsækja hvert annað og læra hvert af öðru.

VIÐBURÐIR

Fjölmarginir viðburðir eru orðnir fastir liðir í starfsemi bókasafnsins og eru vel sóttir af gestum safnsins á öllum aldri.

Bókamarkaður

Bókamarkaður hefur verið fastur liður í starfsemi safnsins í mörg ár og er á aðalsafni fyrstu heilu vikuna í hverjum mánuði. Þar er fjölbreytt efni til sölu á lágu verði og er þar ýmist að finna bækur, tímarit, mynddiska og geisladiska.

Foreldramorgnar

Foreldramorgnar voru áfram fastur liður á aðalsafni og voru þeir 12 talsins á árinu. Viðburðirnir eru hugsaðir fyrir foreldra yngstu barnanna og eru börnin velkomin með á safnið.

Árið hófst með því að Ólafur Ingi Grettisson slökkviliðsmaður kom og hélt erindi um skyndihjálp. Þurfti að færa viðburðinn í anddyrið á salnum þar sem yfir hundrað manns mættu og var mikil ánægja með erindið. Þá kom Karen Lind Gunnarsdóttir, sálfræðingur á heilsugæslunni með erindi um skjátíma og þroska barna. Arna Skúladóttir hjúkrunarfræðingur hélt erindi um svefn ungbarna. Ingibjörg Pálmadóttir lestrarfræðingur hélt fyrirlestur um lestur fyrir ung börn. Heilsugæslan var með fræðslu um ungbarnanudd. Þá kom Anna Dóra Frostadóttir sálfræðingur í heimsókn og hélt erindi um sjálfsmildi og samkennd í eigin garð. Að lokum kom Ebba Guðný og hélt erindi um holla fæðu.

Á haustmánuðum fékk safnið aftur Ólaf Inga til að vera með skyndihjálparnámskeið. Kristín Flygenring hjúkrunarfræðingur hélt erindi um svefnvenjur ungbarna. Heilsugæslan var með kennslu í ungbarnanuddi, Ingibjörg Pálma lestrarráðgjafi var með erindi um að lesa fyrir ung börn, og við enduðum árið með Valgerði Halldórsdóttur félagsráðgjafa sem kom og hélt erindi um stjúp tengsl.

Bókamenntaklúbburinn Hananú

Bókmenntaklúbburinn Hananú er elsti starfrækti klúbbur safnsins. Hann er opinn öllum og hittast meðlimir klúbbsins hálfsmánaðarlega yfir vetrartímann. Umsjón með honum hafa Eyrún Ósk Jónsdóttir, verkefnastjóri fræðslu og miðlunar, og Bjarni Ólafsson cand.mag., formaður klúbbsins. Hananú fær reglulega til sín rithöfunda í heimsókn sem

jafnan vekja mikla lukku. Á árinu heimsóttu klúbbinn höfundarnir Steinunn Sigurðardóttir, Nanna Rögnvaldardóttir, Einar Lövdahl og Gerður Kristný.

Haltu mér - slepptu mér

Haltu mér – slepptu mér er fyrirlestraröð fyrir foreldra ungmenna á aldrinum 12-18 ára um ýmis málefni sem tengjast þroska og uppeldi unglinga með áherslu á áskoranir í nútímasamfélagi. Erindaröðin hlaut styrk úr Bókasafnssjóði í maí 2024 og hóf göngu sína í september. Fyrirlestrararnir eru í boði mánaðarlega og hafa verið vel sóttir. Fyrirlesarar haustannar voru Skúli Bragi Geirdal sem fjallaði um miðlalæsi, Þorsteinn V. Einarsson sem fjallaði um karlmennskuhugmyndir, Berglind Brynjólfssdóttir sem fjallaði um kvíða og Jón Geir Jóhannsson sem fjallaði um bókaval ungmenna. Fleiri erindi eru á dagskrá árið 2025.

Hannyrðaklúbburinn Kaðlín

Hannyrðaklúbburinn Kaðlín er starfræktur vikulega allt árið um kring og er opinn öllum. Klúbburinn fær reglulega til sín góða gesti með fræðslu um þrjón og aðrar hannyrðir og er almennt mikil ánægja með kynningarnar.

Hannyrðahópurinn Garn og gaman

Klúbburinn er starfræktur vikulega allt árið um kring og er opinn öllum.

Bókaklúbburinn Lesið á milli línanna

Síðan á vetrardögum árið 2019 hefur bókaklúbburinn Lesið á milli línanna hist mánaðarlega á aðalsafni. Klúbburinn er ætlaður öllum hressum konum sem vilja hittast, lesa á milli línanna og spjalla um yndislestur á léttu nótunum. Klúbburinn hittist fyrsta fimmtudag í mánuði yfir vetrartímann.

Lesið fyrir hunda

Lesið fyrir hunda er einn vinsælasti viðburður bókasafnsins og hefur verið fastur liður í viðburðadagskrá aðalsafns í mörg ár. Verkefnið var áfram unnið í samstarfi við samtökin Vigdís, vini gæludýra á Íslandi. Fullbókað var í lestrarstundirnar á árinu en viðburðirnir voru níu talsins og komust sex börn að í hvert skipti.

Sögustundir

Sögustundir fyrir yngri börnin hafa í áraraðir verið fastur liður yfir vetrarmánuðina bæði á aðalsafni og Lindasafni. Um er að ræða sögustundir fyrir leikskólahópa og dægradvöl sem eru á dagskrá fyrri hluta dags. Ein sögustund er á aðalsafni og tvær á Lindasafni, ein fyrir leikskólahópa og ein fyrir frístund. Í ár var lögð sérstök áhersla á að kynna þjóðsögur fyrir börnunum og var því lesin ein þjóðsaga og svo önnur bók til.

Þá voru haldnar þrjár sögustundir á erlendum tungumálum. Ein á spænsku á venesúelsku menningarhátíðinni Sól í sinni, og tvær á úkraínsku, sú fyrir í jólahátíð Úkraínnumanna og sú síðari á laugardegi á barnadeild á aðventunni.

Tala og spila

Tala og spila var samstarfsverkefni GETA og Bókasafns Kópavogs. Verkefnið snerist um að hjálpa fólki af erlendum uppruna að æfa sig í að tala íslensku í gegnum spil og leiki. Ráðnir voru íslenskukennarar sem héldu utan um kennsluna og sjálfboðaliðar frá GETA komu og aðstoðuðu einnig. Viðburðurinn var haldinn hvern laugardag, 10 skipti á vorönn og 15 skipti á haustönn. Verkefnið gekk mjög vel og var vel sótt.

Flóra mannlífs

Á haustdögum vorum við með erindaröðina Flóra mannlífs, sem var styrkt af bókasafnasjóði. Þetta voru fyrirlestrar um ólíka menningu. Eyrún Ósk Jónsdóttir reið á vaðið með fyrirlestur um búddisma, þá kom Sali Salem Alazzani með fyrirlestur um austræna menningu og að lokum var Jasmina Vajzovic með erindi um menningu Bosníu og Hersegóvínu. Erindaröðin heldur svo áfram vorið 2025 með tvö erindi til viðbótar.

Heimstónlist á bókasafninu

Einnig styrkt af Bókasafnasjóði var tónleikaröðin Heimstónlist á bókasafninu. Fyrstu tónleikarnir voru með Elham Fakouri, hún spilaði persneska tónlist á persneska hljóðfæri Ney. Ney er yfir 3000 ára gamalt hljóðfæri og er það elsta í heiminum sem enn er spilað á. Í nóvember komu svo venesúelsku tónlistarmennirnir Algleidy Zerpa Canas og Alfredo Flores og spiluðu fyrir okkur venesúelska þjóðlagatónlist. Tónlistarröðin heldur svo áfram vorið 2025 með þrem tónlistarmönnum til viðbótar.

Fjöltyngdar smiðjur

Nokkrar smiðjur voru haldnar undir merkjum fjölmennningarverkefnisins sem voru styrktar af Bókasafnasjóði. Fyrst héldum við úkraínska útsaumssmiðju, sem var kennd á bæði úkraínsku, ensku og íslensku. Svo buðum við Dans Afríka að koma til okkar og halda afríska dans og trommusmiðju. Fleiri smiðjur í þessara erinda röð verða haldnar vorið 2025.

Menningarhátíðir

Haldnar voru tvær menningarhátíðir undir merkjum fjölmennningarverkefnisins. Fyrst var haldin venesúelsk menningarhátíð í nóvember, Sól í sinni. Hún var haldin í samstarfi við GETA. Það komu um 150 manns á hátíðina. Boðið var upp á smiðjur, safnið var skreytt í fánalitum Venesúela, boðið var upp á sögustund á spænsku, venesúelska þjóðlagatónleika, mat og drykki frá Venesúela. Gleðin var við völd og mikið sungið og dansað.

Þá héldum við úkraínska jólahátíð í samstarfi við sendiráð Úkraínu. Það mættu um 100 manns á jólahátíðina. Boðið var upp á veitingar og dansað var í kringum jólatréð og sungin úkraínsk jólalög. Þá buðum við upp á sögustund á úkraínsku og úkraínski jólasveinninn kíkti í heimsókn.

Vísindakakó

Vísindakakó var viðburður fyrir forvitna krakka sem var haldin í Bókasafni Kópavogs í september og nóvember þar sem vísindafólk mætti og ræddi við börn um hvernig er að starfa í vísindum. Þetta var hluti af viðburðarröð sem hlaut styrk frá Vísindum og velferð og var haldin á bókasöfnum víðsvegar um höfuðborgarsvæðið.

Skiptimarkaðir

Sumarið 2024 stóð Garðyrkjufélag Íslands fyrir plöntuskiptadegi og í framhaldi af því bauð safnið upp á plöntuskiptamarkað á aðalsafni þar sem gestir fengu tækifæri til að gefa plöntum nýtt heimili og taka aðrar með heim í staðinn. Markaðurinn mæltist vel fyrir og fáar plöntur stöldruðu lengi við áður en þær fengu nýja eigendur.

Í tengslum við öskudag og hrekkjavökuna var haldinn búningaskiptimarkaður. Þar gátu gestir komið með gamla búninga og fengið aðra í staðinn.

Á aðventunni var á aðalsafni skiptimarkaður jólasveinsins þar sem jólasveinar gátu skilið eftir notað dót og tekið annað í staðinn. Heppnaðist skiptamarkaðurinn mjög vel og var mikið notaður.

Get together

Haustið 2024 var farið af stað með tilraunaverkefnið Get together, þar sem GETA hjálparsamtök buðu upp á opið hús, fyrst á þriðjudagsmorgnum, en færðist svo yfir á föstudagsmorgna. Þetta er opið hús fyrir hælisleitendur og flóttafólk. Þetta er opið sérstaklega miðuð að barnafólki sem er með börn á leikskólaaldri sem ekki voru komin með pláss á leikskólum. Í hvert sinn var boðið upp á einhvers konar föndurstund eða skapandi smíðju sem börn og fullorðnir gátu unnið saman. Þetta mældist vel fyrir og var viðburðurinn vel sóttur.

Jólaævintýri Gloríu

Í lok nóvember var blásið til útgáfufagnaðar, þegar Jólaævintýri Gloríu eftir Eygló Jónsdóttir og 125 börn leit dagsins ljós. Meðhöfundarnir 125 mættu ásamt fjölskyldum sínum og hlustuðu á upplestur úr bókinni, fengu sitt eintak af bókinni og boðið var upp á veitingar og ljósmyndatöku með höfundu. Ætli þetta hafi ekki verið eitt fjölmennasta útgáfubóð ársins og voru krakkarnir í skýjunum með bókina.

Matjurtagarðurinn

Yfir vor- og sumarmánuðina dafnar matjurtagarður safnsins við Lindasafn. Ræktaðar eru fjölbreyttar tegundir grænmetis og uppskeran nýtt í tengslum við fræðslu og viðburði fyrir gesti safnsins.

AÐRIR VIÐBURÐIR

Aðrir viðburðir á árinu voru þó nokkrir og eru þeir helstu taldir upp hér að neðan.

Lesnæði

Í janúar fór safnið af stað með nýjan viðburð, lesnæði, þar sem fólki gafst kostur á að koma á safnið á þriðjudagskvöldum eftir lokun og lesa í næði.

Hádegisdjass

Einnig hófst samstarf við FÍH um að halda Hádegisdjass tónleika í hádeginu nokkra fimmtudaga. Nemendur úr tónlistarskólanum héldu tónleikaröð sem lífgaði mikið upp á fimmtudagshádegum hjá okkur á bæði vorönn og haustönn, en átta tónleikar voru haldnir allt í allt.



Föstudags-hugleiðsla

Í janúar fórum við af stað með hugleiðsluviðburð í Huldustofu á föstudögum. Telma Björk Jónsdóttir bauð upp á hugleiðslu og tónheilun í hádeginu á föstudögum í Huldustofu á vordögum. Það myndaðist góður hópur sem mætti reglulega alla vorönnina.

Ástarljóð á Valentínusardaginn

Á Valentínusardaginn, 14. febrúar, buðum við nokkrum skáldum að koma á safnið og lesa. Sigurður Skúlason, Sunna Dís og Jakob Stachowiak lásu ljóð um ástina.

Leyndardómur tarotspilanna

Íris Anna kom til okkar á hlaupársdeginum, 29. febrúar, og hélt erindi um tarotspil og sögu þeirra.

Viðburðadagskrá bæjarlistarmanns

Lilja Sigurðardóttir hélt áfram með stórskemmtilega viðburðadagskrá sína. Í febrúar var hún með erindi um íslenskar glæpasögur á pólsku fyrir pólskumælandi fólk. Og í mars hélt

hún ritlistarnámskeið um hvernig á að skrifa glæpasögu. Það var stútfullt á námskeiðið og var því ákveðið að endurtaka leikinn með henni á haustdögum og þá undir merkjum Glæpafársins, glæpasagnahátíðarinnar.

Erindaröð um garðyrkju

Steinn Kára kom til ykkar á vordögum og var með erindaröð um garðyrkju. Fyrsta erindið var um vorverkin í garðinum, það næsta um umhirðu ávaxtatrjáa. , sá þriðji um íslenskar lækningarjurtir og sá síðasti var á Lindasafni og fjallaði um ræktun krydd- og matjurta

Skvísubækur

Á löngum fimmtudegi í apríl kíktu Birgitta Elín og Marta Hlín frá Bókabeitunni í heimsókn til okkar og héldu erindi um skvísubækur. Við buðum upp á bleikar veitingar og var mjög góð stemming.

Rabbað um erfðamál

Í maí hélt Elísabet Pétursdóttir lögfræðingur erindi um erfðamál. Það var húsfullir og spurðu gestir margra spurninga.

Sagnaganga

Á vordögum kom glæpasagnahöfundurinn Emil Hjörvar Petersen til okkar og hélt sína sívinsælu sagnagöngu um söguvið bóka sinna, nú í tengslum við IceCon furðusagnahátíðina.

KonMari

Lísa Z. Valdimarsdóttir sem er alþjóðlegur KonMari ráðgjafi hélt erindi um KonMari aðferðina og hvernig við getum einfaldað líf okkar. Það var fullt út af dyrum og því var ákveðið að endurtaka leikinn í byrjun næsta árs.

Konunglegur fyrirlestur

Á löngum fimmtudegi í september kom Guðný Ósk Laxdal og hélt fyrirlestur um bresku konungsfjölskylduna. Gestir voru hvattir til að vera með hatta og boðið var upp á te, enskt kex o.fl. Gríðarlegur áhugi var fyrir efninu og mættu margir.

Alþjóðlegi dagur jóga

Á alþjóðlegum degi jóga í júní kom Indverska sendiráðið til okkar og boðið var upp á jóga fyrir gesti og gangandi.

Ráðstefna um barna- og unglingabækur

Í september var haldin árleg barnabókaráðstefna á Bókasafni Kópavogs, en ráðstefnan er venjulega haldin í Gerðubergi, undir yfirskriftinni Grín í barna-bókum. Ráðstefnan var vel sótt og heppnaðist vel.

Sýrt og pæklað

Súrkálsdrottningin Dagný Hermannsdóttir kom í september á Lindasafn og fór yfir grunnatriði við að sýra og pækla grænmeti. Viðburðurinn var liður í uppskeru úr grænmetisgarði bókasafnsins þar sem gestum gafst kostur á að nýta uppskeruna og útbúa sýna eigin súrkálskrukku.

Glæpafárið - glæpasagnahátíð

Bókasafn Kópavogs tók þátt í Glæpafárinu, glæpasagnahátíð Glæpasagnafélagsins.

Þrír viðburðir voru á bókasafninu. Fyrst var glæpasagna-kviss í september. Síðan var aftur haldin glæpasagna-smiðja með Lilju Sigurðardóttur. Og að lokum var haldið glæpasagnakvöld með Jónínu Leósdóttur og Stefáni Mána sem Lilja Sigurðardóttir stýrði.

Ritsmiðja

Þá var haldin önnur ritsmiðja og það voru þær Eva Rún Snorradóttir og Ragnheiður Harpa Leifsdóttir sem héldu ritsmiðjuna skrifað út frá staðsetningu og var hún haldin tvo mánudaga í október.

Draugasögustund fyrir fullorðna

Á hrekkjavökunni var boðið upp á draugasögustund fyrir fullorðna, en Hannah Rós Sigurðardóttir Tobin stýrði stundinni, og bauðst fólki að koma og deila sinni eigin draugasögu.

Aðventan

Mikið var um að vera á aðventunni.

Í fyrstu ber að nefna stóra jólabókaspjallið sem Guðrún Sóley stýrði að vanda. Rithöfundarnir Guðrún Eva Mínervudóttir, Bjarni Snæbjörnsson og Benný Sif ræddu um bækur sínar. Við buðum upp á hvítt og rautt og konfekt. Það fylltist húsið og voru allir sammála um að kvöldið hefði verið einstaklega vel heppnað.



Tónlistarskólinn kom og hélt sína árlegu aðventutónleika fjóra fimmtudaga á aðventunni. Nemendur héldu litla jólatónleika á 1. hæð, og fengu svo smákökur og djús að lokum.

Leikhópurinn Óhemjur kom og sýndu jólaleikritið Nátttrölíð Yrsa, einmana á jólanótt. Sýningin var í barnadeildinni og var stúfult út að dyrum og allir ánægðir með sýninguna.

Sameiginleg dagskrá Menningarhúsanna í Kópavogi

Ýmsir sameiginlegir viðburðir Menningarhúsanna í Kópavogi fóru fram yfir árið. Má þar nefna fjölskyldustundir á laugardögum, Menningu á miðvikudögum, Vetrarhátíð og viðburði í tilefni af haust- og vetrarfríi í grunnskólum Kópavogs.

Fjölskyldustundir

Í Fjölskyldustundum á aðalsafni og Lindasafni var boðið upp á smiðjur af ýmsu tagi, en á vorönn fóru þær flestar fram á Lindasafni vegna framkvæmda í barnadeild á aðalsafni. Þar á meðal var óróasmíðja með Þykjó á Lindarsafni í janúar. Ragnheiður Gröndal var með fjölskyldutónleikana Mitt er þitt á aðalsafni í tengslum við daga ljóðsins og söng íslenskar ljóðaperlur fyrir börn og fjölskyldur. Vísindasmíðja Háskóla Íslands kom í heimsókn og hélt skemmtilega smíðju á aðalsafni

fyrir forvitna krakka. Anna Henriksdóttir hélt skemmtilega ævintýraföndursmíðju á Lindasafni. Og þá héldu Gunnur Arndís, Ragnheiður Silja og Rán Ragnarsdóttir fjölskyldutónleika á Lindasafni sem nefndust Vinkonur þrjár. Í apríl var haldin föndursmíðjan Lífriki náttúrunnar á Lindasafni þar sem börn fengu að föndra skordýr úr eggjabökkum. Í september á alþjóðlega friðardeginum bauðst fjölskyldum að koma saman og föndra friðardúfur. Og í október var smíðja í kartöflustimplagerð. Síðasta smíðja ársins á Lindasafni var í lok nóvember þar sem galdraðir voru fram fallegir og jólalegir óróar. Þá kom Þykjó aftur í heimsókn á aðalsafn, að þessu sinni með grímusmíðju. Söngkonurnar Bryndís Guðjónsdóttir og Vera Hjördís Matsdóttir voru með söngva- og ljóðasmíðjuna Ljóð fyrir loftslagið. Í tilefni af degi íslenskrar tungu, afmælisdegi Jónasar Hallgrímssonar, héldum við svo luktasmíðjuna Ljós-gjafar, en Jónas Hallgrímsson bjó til orðið ljós-gjafar og í desember var haldin jólaföndursmíðjan könglar og kósí.

Menning á miðvikudögum

Í Menningu á miðvikudögum var boðið upp á fyrirlestraröð sem nefndist Leslyndi þar sem rithöfundar voru fengnir til þess að segja frá uppáhaldsbókunum sínum og hvaða bækur hefðu haft áhrif á þá. Viðburðirnir voru einir af þeim mest sóttu á árinu. Einar Kárason reið á vaðið,

Þá komu Auður Ava, Bragi Ólafsson, Friða Ísberg, Lilja Sigurðardóttir, Sigrún Eldjárn, Bergþóra Snæbjörnsdóttir og Hallgrímur Helgason. Þetta var mjög vel sóttur og gríðarlega vinsæll dagskrárliður.

Dagar ljóðsins og Ljóðstafur Jóns úr Vör

Dagar ljóðsins voru haldnir hátíðlegir dagana 21.-25. janúar, en 21. janúar er fæðingardagur Jóns úr Vör, fyrsta bæjarbókavardar Kópavogs. Árlega afhendir Lista- og menningarráð Kópavogsbæjar ljóðaverðlaunin Ljóðstaf Jóns úr Vör á þeim degi.

Vala Hauksdóttir var handhafi Ljóðstafsins að þessu sinni og hlaut hún viðurkenninguna fyrir ljóðið *Verk að finna*. Alls bárust 270 ljóð í keppnina sem var haldin í tuttugasta og fyrsta sinn á árinu. Í öðru sæti var Elísabet Dröfn Kristjánsdóttir og í því þriðja var Ragnheiður Harpa Leifsdóttir. Alexander Aron Jørgensson var hlutskarpastur í ljóðasamkeppni grunnskólanna, annað árið í röð.

Ýmsir viðburðir voru haldnir á Bóksafninu í tengslum við daga ljóðsins. S.s var Ljóð-innsetning í Beckmannstofu. Ljóðskáldin Anton Helgi Jónsson, Hildur Kristín Thorstensen, Eyrún Ósk Jónsdóttir, Eygló Jónsdóttir, Gunnhildur Þórðardóttir, Ragnheiður Lárusdóttir og Ólafur Sveinn Jóhannesson lásu ljóð inn á upptöku og var upptakan spiluð í rýminu undir hugleiðslutónlist. Á skjánum var varðeldur og var herbergið skreytt með notalegum seríum. Gat því fólk sest inn í andrýmið og átt notalega stund og hlustað á ljóðainnsetninguna. Þá var haldin ljóðakvöld þar sem nokkur skáld stigu á stokk og lásu ljóð. Það voru skáldin Draumei Aradóttir, Guðmundur Brynjólfsson og Melkorka Ólafsdóttir. Harpa Rún átti að lesa en var veðurteppt og hljóp við Eygló Jónsdóttir í skarðið fyrir hana. Þá voru ljóðin úr ljóðasamkeppni grunnskóla hengd upp í barnadeild. Og ljóðabókum var stillt fram.

Vetrarhátíð

Á safnanótt bauð safnið m.a. upp á silent-diskó, stjörnumerkjaperl, þar sem krakkar gátu komið og perlað stjörnumerkin sín. Þá var Eyrún Ósk Jónsdóttir með ljóðagjöfning þar sem hún flutti ljóð yfir trommuleik Akeem Richard. Margrét Eir var með léttu tónleika. Lúðrasveit verkalýðsins leit við og var með skemmtilega tónleika. Stjörnu-Sævar var með erindi um sólkerfið fyrir forvitna krakka. Og félagarnir Friðgeir Einarsson og Bragi Páll Sigurðsson enduðu kvöldið með léttu bókaspjalli.



17. júní

17. júní var haldinn hátíðlegur og ýmis atriði á vegum bæði Kópavogsbæjar og Menningarhúsanna voru í boði á útisvæði.

Haustkarnival

Haustkarnival var haldið þann 7. september. Hátíðarhljómsveit bæjarlistamannsins Kristófers Rodriguez Svónusonar var á vappi og spilaði dillandi fjöruga og sjóðheita skemmtimúsík.

Fyrir utan safnið var skapandi smíðja þar sem hægt var að skapa saman úr fjölbreyttum efnivið og hægt að fara í æsispennandi leiki þar sem við sögu komu risastórar sápukúlur og risastórar stultur, kúlubrautir, körfuboltatunnur og margt fleira. Skólahljómsveit Kópavogs bauð upp á kraftmikla lúðrasveitasveiflu.

Haust- og vetrarfrí

Haustfrí grunnskólanna var 24. og 25. október, sem var rétt fyrir hrekkjavöku. Það var því ákveðið að bjóða upp á hrekkjavökuperl og japanska manga- og animesmiðju fyrir unglingana. Þá var boðið upp á leðurblökusmiðju þar sem krakkarnir fengu fyrst fræðslu um leðurblökur frá Náttúrufræðistofu og fengu síðan að föndra sínar eigin origami-leðurblökur undir leiðsögn starfsfólks bókasafnsins.

Þá kom Sævar Helgi og var með kynningu á bók sinni Kúkur, piss og prump. Skrímslaleit fór fram á fyrstu hæð þar sem börn fræddust um leið um íslensku skrímslin og fengu límmiða í verðlaun. Þá var sett upp smíðja þar sem krökkum gafst tækifæri til að teikna íslensku skrímslin og líma þau upp á vegg til sýnis. Varð því til hin flottasta sýning á íslensku skrímslunum sem fékk að hanga uppi þangað til jólaskeytingarnar tóku við. Helga Ragnarsdóttir fræddi unglinga um manga og anime og bauð þeim svo að skrifa nafnið sitt í katakana með japönsku öskubleki.

Aðventuhátíð

Fyrsta laugardag í desember var haldin aðventuhátíð hjá menningarhúsunum í Kópavogi. Börnum stóð til boða að skreyta jólaóskakúlur og hengja á jólatré Gloríu í barnadeild og föndra jóladýr og jólaverur. Í ungmennadeildinni var boðið upp á jólagjafasmiðju þar sem hægt var að teikna með þrívíddarpenna og búa til perluarmbönd. Eygló Jónsdóttir, höfundur Jólaævintýris Gloríu, las tvisvar sinnum upp úr sögunni og nemendur Tónlistaskóla Kópavogs héldu aðventutónleika.

Sófaspjall um andleg málefni

Í september og fram í desember var boðið upp á sófaspjall um andleg málefni á annarri hæði í handavinnuhorninu alla mánudaga og var það Sigurlaug Guðmundsdóttir sem stýrði spjallinu.

Sumar

Árlegt sumarlestrarátak bókasafnsins stóð yfir frá 21. maí til 22. ágúst. Þátttaka var sem áður ókeypis og hugsuð fyrir 5-12 ára börn til að viðhalda þeirri lestrarleikni sem þau tileinka sér í skólanum. Á sérstakri sumarlestrargleði sem haldin var á aðalsafni í tilefni af lestrarátakinu las Eygló Jónsdóttir rithöfundur úr bókum sínum og hvatti krakkana til að taka þátt í sumarlestrinum. Skráning í sumarlesturinn fór fram með rafrænum hætti á vefnum sumarlestur.is en fengu börnin einnig afhentar sumarlestrardagbækur í skólanum sínum. Þá var hægt að nálgast dagbækur á báðum söfnum. Þátttakendur skráðu lesturinn og tóku þátt í happaleik með því að fylla út rafrænan miða eða skila miða á safnið og fá stimpil fyrir hverjar þrjár lesnar bækur. Dregið var úr happamiðum vikulega og fengu heppnir þátttakendur vinning. Þátttakendur í sumarlestri fengu þar að auki sendar rafrænar lestrarhvatningar frá bókasafninu. Árleg uppskeruhátíð var haldin hátíðlega í lok sumars við góðar undirtektir. Gunnar Helgason ræddi við krakkana um lestur og læsi og las upp úr nýjustu bók sinni fyrir börnin. Þá var boðið upp á popp og djús og



fengu allir krakkarnir endurskinsmerki með Gloríu fyrir þátttökuna.

Skapandi sumarstörf í Kópavogi voru með tvo viðburði á safninu sumarið 2024, Íris Eva Ellenardóttir Magnúsdóttir sýndi skúlptúra innblásna af álfum og huldufólki og bauð upp á álfateiknismiðju og Bacterial Girls buðu upp á sólarprent þar sem fólk gat komið með eigin bol og fengið myndir af bakteríusýnum úr helstu kennileitum Kópavogs prentaðar á hann.

Mávurinn, tónlistarsmiðja fyrir börn, var haldin 7.-9. ágúst í Tilraunastofunni. Leiðbeindur voru Ólína og Marta Ákadætur.

SKÓLAHEIMSÓKNIR OG SAFNFRÆÐSLA

Síðustu ár hefur bókasafnið, ásamt Menningarhúsunum í Kópavogi, unnið markvisst að því að auka samstarf við grunnskóla Kópavogs og bókasafnið lagði svo sannarlega sitt af mörkum til að auka áhuga á lestri meðal yngri kynslóðarinnar.

Barnamenningarhátíð

Barnamenningarhátíð var haldin 24. apríl - 12. maí og náði hámerki með opnun nýrrar barnadeildar og náttúrufræðisýningar á 1. hæð.

Nemendur í 4. bekk í grunnskólum Kópavogs unnu vináttuverkefni eftir 4. bekkjaheimsókn með Bergrúnu Írisi. Krakkarnir fengu ramma þar sem

Þau máttu teikna eða skrifa hvað vinátta væri í þeirra huga. Verkin voru svo sett upp á safninu á Barnamenningarhátíð undir yfirskriftinni Hún skín í hjörtum okkar.

Þá var boðið upp á skemmtilegar smiðjur eins og dúfusmiðju, þar sem krakkar gátu komið og föndrað dúfur og ævintýrakórónur.

Stærsti viðburðurinn var svo opnun nýrrar barnadeildar og náttúrufræðisýningar.

Hópur barna úr Snælandsskóla spreytti sig í frásagnarlist og sögðu gestum og gangandi sögur sem þau höfðu unnið með sagnakonunni Hönnuh Rós Sigurðardóttur Tobin.

Bergrún Íris rithöfundur kom og las barnasögu í nýju barnadeildinni.

Þá var boðið upp á ýmsar smiðjur.

Heimsókn grænleuskra barna

Í september tók safnið á móti skólakrökkum frá Grænlandi sem voru hér á landi til að læra sund. Þau fengu að perla og teikna og spila og leika sér á útisvæðinu. Við buðum þeim upp á veitingar og kynntum fyrir þeim starfsemi menningarhúsanna.

SÝNINGARHALD

Dagar ljóðsins

Á Dögum ljóðsins sem haldnir eru til heiðurs Jóni úr Vör var blásið til sýningar á þeim ljóðum sem bárust í ljóðasamkeppni grunnskóla Kópavogs. Sýningin kom vel út og vakti mikla lukku. Alexander Aron Jörgensson var hlutskarpastur í ljóðasamkeppni grunnskólanna.

Hamraborg Festival

Hamraborg Festival er árleg listahátíð sem haldin er í Kópavogi í lok ágústmánaðar og voru ýmsir viðburðir á hátíðinni í boði á safninu.

Queer Situations

Bókmenntahátíð Queer Situations í samstarfi við garg útgáfu opnaði hinsegin bókasafnið Loud Cows: A Queer Library á Bókasafni Kópavogs. Um var að ræða óhefðbundið bókasafn en á því var að finna hinsegin ástarbréf, ritgerðir, nemendaverkefni o.fl.

HELSTU VERKEFNI 2025

Framtíðarsýn

Bókasafn Kópavogs mun festa sig enn frekar í sessi sem hjarta menningarstarfs í Kópavogi með jákvæða ímynd í samfélaginu og trausta stöðu. Einnig er mikilvægt að safnið nái að þjónusta alla íbúa bæjarins með markvissari hætti en nú er gert með útibúi eða menningarhúsi í efri byggðum.

Þjónusta

Útlán í sjálfsafgreiðsluvélum verða áfram í brennidepli og áframhaldandi þjónusta í bókaboxinu í Vallakór.

Áfram vinnum við í nýju bókasafnskerfi, sem sífellt er verið að aðlaga og betrumbæta, til að þjónusta við lánþega verði enn betri bæði á safninu og á vef.

Þá höldum við áfram vinnu okkar við sjálfbærnivæðingu og stefnum á að greiðslugátt safnsins fari inn í íbúagátt Kópavogsbæjar.

Viðburðir, fræðsla og sýningarhald

Fræðslutengdir viðburðir og kynningar á áhugaverðum viðfangsefnum verða áfram í boði. Fastir viðburðir verða á sínum stað og með haustinu er von á ýmsum nýjungum hvað varðar staka viðburði eins og erindaraðir um málefni líðandi stundar og fleira. Áhersla verður áfram á fjölmenningu og fjölmennningarlega viðburði, ungmenni, skiptimarkaði og umhverfissvæna dagskrá. Styrkur frá jafnréttis- og mannréttindaráði Kópavogsbæjar var veittur safninu til að halda áfram með verkefnið Get together á árinu 2025. GETA hjálparsamtök halda utan um verkefnið sem er opið hús fyrir flóttafólk og hælisleitendur alla föstudaga kl. 11.00-13.00. Á Lindasafni munu tveir nýir dagskrárliðir hefja göngu sína; hannyrðaklúbbur og lesklúbbur. Hannyrðaklúbburinn verður á dagskrá vikulega en lesklúbburinn mánaðarlega. Lindasafn mun halda áfram með matjurtagarð safnsins og sem fyrir verður uppskeran nýtt til fræðslu og viðburða á haustdögum.

Samstarf bókasafnsins við aðrar menningarstofnanir Kópavogsbæjar mun halda áfram og þar á meðal eru viðburðir sem hafa fest sig rækilega í sessi eins og Menning á miðvikudögum og fjölskyldustundir á laugardögum. Stefnt er að því að tengja saman viðburði með þemum og jafnframt tengja viðburði við þema á samfélagsmiðlum hvenju sinni.

Safnfræðsla í samstarfi við aðrar menningarstofnanir í safnfræðsluröðinni Menning fyrir alla heldur áfram, meðal annars með stefnumóti við rithöfunda fyrir 4. bekk í apríl þar sem árgangurinn mun hitta Ævar Þór Benediktsson. Fræðsla fyrir 9. bekk verður á haustönn og einnig verður 1. bekkjar heimsókn á sínum stað að vori. Að hausti er stefnt að því að bjóða áfram upp á fasta liði á borð við leitina að jólakettinum fyrir leikskólanemendur.

Húsnæði og búnaður

Farið verður í breytingar á 2. og 3. hæð aðalsafns á árinu. Afgreiðslan á 2. hæð verður færð, nýjar einingar fyrir sjálfsafgreiðsluvélar keyptar og bókahillur færðar til til að fá betra birtuflæði inn á hæðina. Einnig verður keypt svið sem verður frístandandi og hægt er að færa ef þarf. Á 3. hæð verða hillur færðar til og fleiri borðum og stólum bætt við.

Einnig standa vonir til þess að nýtt gólfefni verði sett á 2. hæð.

Á Lindasafni verða starfsmannarými- og aðstaða endurskoðuð ásamt afgreiðslu safnsins.


Markaðs- og kynningarmál

Samfélagsmiðlar og vefsíða safnsins verða áfram notuð í markaðs- og kynningarstarfi og sífellt í auknum mæli. Samstarf milli menningarhúsanna blómstrar í markaðs- og kynningarmálum og er óspart nýtt.


Safnkostur

Gagnafl, innkaup og grisjun safnkosts verður í samræmi við aðfangastefnu safnsins og enn meiri áhersla lögð á eftirspurn lánþega. Áhersla verður lögð á að grisja „dauðan“ safnkost og mikilvægi þess að nýta hilluplássið með safnkosti sem er virkur. Farið verður í geymslur og grisjað og tekið til. Fleiri borðspil verða keypt á safnið og skoðað að bæta við enn fleiri tegundum safnkosts.


GESTIR ALLS



FJÖLDI VIÐBURÐA



ÚTLÁN ALLS



LYKILTÖLUR

	Fjöldi viðburða 2022	Gestafjöldi 2022	Fjöldi viðburða 2023	Gestafjöldi 2023	Fjöldi viðburða 2024	Gestafjöldi 2024
Gestafjöldi á Bókasafn Kópavogs		180.242		201.582		203.468
- þar af á Aðalsafn		151.432		165.572		167.886
- þar af á Lindasafn		28.748		36.010		35.582
Viðburðir á Bókasafni Kópavogs	224	12.541	208	11.824	363	15.279
- þar af sérvíðburðir Bókasafns Kópavogs	168	2.523	135	2.947	300	5.331
- þar af viðburðir Menningarhúsanna í Kópavogi	56	10.018	73	8.877	93	10.012
Skólaheimsóknir á Bókasafn Kópavogs	202	4.278	202	4.256	290	5.398
- þar af menningarfræðsla MEKÓ	42	1.196	42	780	24	627
- þar af óskipulagðar heimsóknir	77	2.085	77	2.303	169	3.493
- sögustundir	83	997	83	1.173	97	1.278
		Fjöldi 2022			Fjöldi 2023	Fjöldi 2024
Útlán		153.709		152.110		156.442
- þar af á Aðalsafni		134.835		128.821		131.530
- þar af á Lindasafni		19.204		23.289		24.912
Eintök í Gegni		80.555		83.158		79.674
- þar af á Aðalsafni		65.064		66.600		63.688
- þar af á Lindasafni		15.491		16.558		15.986

FJÁRMÁL 2022-2024 OG ÁÆTLUN 2025

	2022 í þús. kr.	2023 í þús. kr.	2024 í þús. kr.	Áætlun 2025 í þús. kr.
Tekjur				
<i>Rekstrartekjur</i>	11.815	-11.204	-13.525	-12.722
Gjöld				
<i>Laun og launatengd gjöld</i>	179.714	185.592	187.289	167.745
<i>Annar rekstrarkostnaður</i>	111.491	105.867	111.673	106.404
REKSTRARNIÐURSTAÐA	279.390	280.255	285.437	261.427

Skjal sótt af '000000000000' dags: 19.08.2026



GERÐARSAFN

LISTASAFN KÓPAVOGS

Gerðarsafn er framsækið nútíma- og samtíma listasafn í Kópavogi. Í Gerðarsafni er boðið upp á fjölbreytt sýningarhald á verkum íslenskra og erlendra samtímalistamanna samhliða sýningum úr safneign. Starfsemi safnsins endurspeglar stöðu þess sem eina listasafn landsins stofnað til heiðurs listakonu, Gerði Helgadóttur (1928-1975). Gerður var fjölbreytt myndlistarmaður sem fékkst við skúlpúr, steint gler og mósaík. Með geómetrískum járnverkum á sjötta áratugnum ávann Gerður sér sess sem frumkvöðull þrívíðrar abstraktlistar á Íslandi.

HLUTVERK

Í Gerðarsafni er lögð áhersla á að efla áhuga, þekkingu og skilning á myndlist með sýningum, fræðslu og annarri miðlun. Safnið stendur fyrir öflugri og metnaðarfullri sýningardagskrá sem ætlað er að endurspegla strauma og stefnur samtímans samhliða sýningum á verkum úr safneign. Metnaður, listrænt gildi, aðgengileg og upplýsandi fræðsla og þjónusta er höfð í fyrirrúmi í tengslum við alla starfsemi safnsins.

Gerðarsafn hefur það að meginhlutverki að hafa umsjón með listaverkæign Kópavogsbæjar, safna, miðla og varðveita. Gerðarsafn starfar samkvæmt stofnskrá og í samræmi við menningarstefnu Kópavogsbæjar, safnalög og siðareglur Alþjóðaráðs safna (ICOM).

LEIÐARLJÓS

Gerðarsafn hefur það að leiðarljósi að vera lifandi vettvangur fyrir listir. Listrænt starf Gerðarsafns miðar að því að kynna fjölbreytileika myndlistar og auka skilning á menningarlegu samhengi listaverka og listamanna. Sköpunarkraftur og tilraunastarfsemi Gerðar Helgadóttur er leiðarstefið í sýningargerð, viðburðum og fræðslustarfi. Verk hennar og arfleifð er virkjuð í samtali við samtímalist og hugðarefni samtímans.

Gerðarsafn er vettvangur fyrir virkt samtal og öflugt samstarf. Gerðarsafn leitast við að tengjast gestum sínum á nýjan hátt; dýpka samtal, áhuga og skilning á myndlist og menningu. Gerðarsafn er staður til að doka við og njóta samverustunda, vettvangur til íhugunar og uppfyllingar, og farvegur fyrir áskoranir og ögrandi hugmyndir.

MARKMIÐ

Gerðarsafn leggur áherslu á að vera leiðandi safn og vettvangur samtímalistar á Íslandi. Með fjölbreyttu sýningarhaldi er ekki einungis ætlunin að endurspegla og veita nýja sýn á mikilvæga þætti listasögunnar, heldur einnig að varpa ljósi á lifandi tungumál samtímalistarinnar.

Markmið safnsins er að blása krafti og forvitni í safnfræðslu með skapandi og persónulegri nálgun á viðfangsefnið hverju sinni. Að efla samband við nærumhverfið með fjölbreyttum viðburðum og fræðslu í tengslum við sýningar safnsins. Jákvætt og opið viðmót gagnvart öllum gestum er eitt af grunngildum safnsins og gestir eru leiddir til samtals á eigin forsendum.

Frumkraftur og frumkvöðlastarf endurspeglast í starfsemi Gerðarsafns og er sérstaða safnsins leiðandi í allri ímynd og kynningu.

Gerðarsafn starfar í alþjóðlegu samhengi myndlistarinnar og hefur það að markmiði að efla tengsl og samvinnu við listamenn, sýningarstjóra og samstarfsaðila á alþjóðavísu.

REKSTUR

Gerðarsafn er í eigu Kópavogsbæjar og leggja eigendur fram stærstan hluta rekstrarfjár samkvæmt fjárframlögum Kópavogsbæjar. Árið 2024 hlaut Gerðarsafn 15.800.000 krónur í heildarstyrki. Safnið hlaut styrki frá Safnasjóði fyrir 30 ára afmælishátíð Gerðarsafns (2.000.000), Alþjóðlegri ráðstefnu á mótum myndlistar og náttúru (2.200.000), Varðveislur listaverka úr safneign (1.200.000). Gerðarsafn og Náttúrufræðistofa hlutu sameiginlegan 10.000.000 Öndvegisstyrk fyrir fræðsluverkefninu "Náttúran í gegnum linsu myndlistar" sem hófst í janúar 2024 og stendur út árið 2026; styrkuppshæð ársins 2024 er 2.000.000. Auk þess hlaut Gerðarsafn tvo 300.000 ferðastyrki frá Safnasjóði fyrir vistskiptum við söfn Í Stokkhólmi og til símenntunarferðar á Feneyjartvíæringinn vorið 2024. Safnið hlaut þrjá styrki frá Myndlistarsjóði fyrir sýningar árið 2024: Venjulegir staðir (600.000), Einkasýningu Sóleyjar Ragnarsdóttur (700.000) og einkasýningu Finnboga Péturssonar (700.000). Safnið hlaut einnig styrk frá danska

myndlistarsjóðnum fyrir sýningu Sóleyjar Ragnarsdóttur (1.000.000) og styrk frá Nordisk kulturfond fyrir alþjóðlegri ráðstefnu á mörkum myndlistar og náttúru (4.000.000).

Á árinu hlaut Gerðarsafn 3.500.000 styrk frá Lista- og menningarráði Kópavogs til listaverkakaupa, viðbótarstyrk 2.000.000 til kaupa á verki eftir Gerði Helgadóttur og 1.000.000 kr til að veita Gerðarverðlaunin. Aðrir tekjuliðir voru aðgangseyrir, vörusala og útleiga.

Stjórn

Lista- og menningarráð Kópavogsbæjar fer með stjórn Gerðarsafns og skal ráðið vinna að viðgangi þess í samræmi við siðareglur Alþjóðaráðs safna (ICOM).

Ráðgjafanefnd

Ráðgjafanefnd Gerðarsafns tók til starfa árið 2016 og er eitt af meginhlutverkum nefndarinnar að veita faglega ráðgjöf um listræna starfsemi og stefnumótun safnsins í samvinnu við forstöðumann safnsins. Í nefndinni 2024 sátu Eggert Pétursson, Sindri Leifsson og Katrín Elvarsdóttir.

Húsnæði

Gerðarsafn er í jaðri Borgarholtsins í Kópavogi og var opnað árið 1994. Benjamín Magnússon arkitekt teiknaði húsið. Tveir 200 m² sýningarsalir eru á efri hæð. Á neðri hæð safnsins er fjölnotasalur, listaverkageymsla, verkfærageymsla, fræðslurými, skrifstofuaðstaða og snyrtingar. Að sunnanverðu á neðri hæð er kaffistofa undir glerhýsi. Safnið hefur afnot af geymslurými fyrir sýningarbúnað í kjallara Safnaðarheimilis Kópavogskirkju.

Opnunartími

Opnunartími Gerðarsafns er 12.00-18.00 alla daga vikunnar. Lokað er yfir hátíðardaga, t.a.m. páska og jól og á frídegi verslunarmanna. Hægt er að óska eftir aðgangi utan opnunartíma og er gjarnan tekið á móti nemendum og öðrum hópum á morgnana fyrir opnun safnsins.

Aðgangseyrir

Aðgangseyrir á sýningar Gerðarsafns er eftirfarandi:

1.200 kr. fyrir almenna gesti.

600 kr. fyrir námsmenn og aldraða.

Ókeypis er fyrir börn og ungmenni yngri en 18 ára og öryrkja.

Félagar í SÍM, ICOM, FÍMK og FÍSOS fá ókeypis aðgang gegn framvísun skirteinis. Nemendur í Listaháskóla Íslands fá frían aðgang.

Árskort fyrir almenna gesti kostar 2.800 kr.

Árskort fyrir nema og eldri borgara kostar 1.800 kr.

Aðgangur er ókeypis á ákveðnar sýningar og viðburði, ókeypis er á sýningaropnanir, Fjölskyldu-stundir á laugardögum, Menningu á miðvikudögum og sérstaka viðburði sem auglýstir eru sérstaklega, t.a.m. Safnanótt og Aðventuhátíð Kópavogs. Auk þess er að sjálfsögðu ókeypis að njóta allra viðburða sem fara fram rafrænt og streymt er frá safninu eða í samstarfi við safnið.

Safnbúð

Safnbúð Gerðarsafns býður upp á hönnunar- og gjafavöru með áherslu á vörur tengdar safneigninni, íslenska hönnunarvöru, listaverkabækur og tímarit ásamt umhverfisvænum heimilisvörum og leikföngum. Sérstök áhersla var lögð á að vera með vörur sem tengdust yfirstandandi sýningum s.s. bækur og póstkort með verkum eftir listamenn og sem dæmi mán nefna að fyrir Hamraborg Festivali var tekinn inn varningur tengdur hátíðinni. Einnig var vöruúrvalið breikkað og teknar inn fleiri nýjar vörur eftir íslenska hönnuði. Þar má m.a. nefna töskur frá merkinu Gælu, fatnað frá endurvinnslumerkinu Repup, þrykktar servíettur frá listakonunni Hönnu frá Jaðri og ullarteppi frá íslenska hönnunarmerkinu Ernu.

Bókin Leitað í tómið - Listsköpun Gerðar Helgadóttur kom út á árinu og var seld í safnbúðinni frá og með opnun sýningarinnar Hamskipti. Bókinni var vel tekið og seldist afar vel.

Veitingarekstur

Veitingarekstur á neðri hæð Gerðarsafns er leigður út til rekstraraðila. Nýr rekstraraðili tók við veitingarekstrinum árið 2023 en áður hafði Reykjavík Roasters rekið kaffihús í safninu. Veitingastaðurinn Krónikan opnaði í lok sumars 2023 og eru það systkinin Sigrún Skaftadóttir og Bragi Skaftason sem eru eigendur staðarins. Þau hafa bæði mikla reynslu úr veitingageiranum.

Krónikan er opin 11.30 – 18.00 sunnudaga til miðvikudaga og 11.30 – 21.00 fimmtudaga til laugardaga. Krónikan er veitingastaður með áherslu á smurbrauð, léttu rétti og gott úrval kaffi- og vínveitinga.

STARFSMANNAMÁL

Föst stöðugildi árið 2024 voru 3,75 í Gerðarsafni en safnið er samrekið Náttúrufræðistofu Kópavogs og eru heildarstöðugildi safnanna tveggja 6,75. Starfsmenn í föstu stöðugildi fyrir sófnin tvö eru Brynja Sveinsdóttir, forstöðumaður, í 100% starfi; Hallgerður Hallgrímsdóttir, verkefnastjóri sýninga, í 60% starfi; Þorgerður Þórhallsdóttir, verkefnastjóri fræðslu og viðburða, í 100%; Cecilie Gaihede, verkefnastjóri safneigna, í 100% starfi; Signý Þórhallsdóttir, verkefnastjóri safnbúðar og sértekna, í 50% starfi; Sævar Helgi Bragason, sérfræðingur, í 100% starfi og Hulda Margrét Birkisdóttir, verkefnastjóri fræðslu og viðburða, í 70% starfi; Katrín Helga Guðmundsdóttir, móttaka og miðlun, í 60% starfi; Brynjólfur Guðmundsson, móttaka og miðlun, í 40% starfi. Brynjólfur lauk störfum í ágúst 2024 og tók þá Halla Einarsdóttir við starfi hans.

Sí- og endurmenntun

Starfsmenn Gerðarsafns fóru í tvær fræðsluferðir á árinu með tilstuðlan styrkja frá starfsþróunarsetri BHM og Safnasjóði: Brynja Sveinsdóttir og Cecilie Gaihede fóru á Feneyjartvíæringinn í lok apríl 2024 og Brynja, Cecilie, Hallgerður, Signý og Þorgerður fóru í fræðsluferð til Stokkhólms í byrjun september 2024. Heimsótt voru söfnin Moderna Museet, Marabouparken, Bonniers Konsthall og Tensta Konsthall. Cecilie Gaihede sótti Farskóla félags íslenskra safna og safnamanna á Akureyri í október 2024.



SAFNEIGN

Skipuleg söfnun listaverka í Kópavogi hófst á tíu ára afmæli bæjarins árið 1965 þegar samþykkt var að stofna Lista- og menningarsjóð og verja til hans fastri árlegri fjárhæð í safneign.

Safneign Gerðarsafns telur um 4.250 verk. Uppistaðan er um 1.400 verk eftir Gerði Helgadóttur, um 300 verk eftir hjónin Barböru og Magnús Á. Árnason og 1.640 verk eftir Valgerði Briem, aðallega teikningar. Önnur verk sem ýmist hafa verið keypt eða gefin til safnsins eru um 650 að tölu.

Innkaup

Forstöðumaður Gerðarsafns í samráði við ráðgjafarnefnd vann að nýrri söfnunar- og innkaupastefnu safnsins 2016. Stefnan var lögð fyrir og samþykkt af lista- og menningarráði Kópavogsbæjar sem hefur veitt 3.500.000 kr. til listaverkakaupa frá árinu 2018.

Árið 2024 voru keypt verk eftir sjö samtímalistamenn, sum hver sem höfðu sýnt í Gerðarsafni það árið en önnur sem sýndu á öðru safni eða sýningarstað. Tvær ljósmyndir eftir Ívar Brynjólfsson úr röðinni Gagnsæir litir frá árinu 2013, sem sýnt var á sýningunni Venjulegir staðir í Gerðarsafni í ársbyrjun 2024. Þrjú servíettuverk eftir Sóleyju Ragnarsdóttur úr röðinni Napkins for the end of my world frá 2021-22, tengd verkum á einkasýningu hennar Hjartadrottning í Gerðarsafni vorið 2024. Blekverkið Varðeldur eftir Styrmí Örn Guðmundsson frá árinu 2021 af sýningunni lðavellir í Listasafni Reykjavíkur sama ár. Tveir skúlptúrar eftir Helga Þórsson af einkasýningu hans í Ásmundarsal 2024. Þrjú verk úr innsetningu Amöndu Rizzo af einkasýningu hennar House of Purkinje í Nýlistasafninu 2024. Vídeóverkið Dettur í gegn eftir Emmu Heiðarsdóttur af sýningu hennar í Y gallery 2024. Skúlptúrparið Svanir eftir Arnar Ásgeirsson af sýningu í Nýlistasafninu 2024.

Safneign og aðbúnaður

Unnið er að því að mæta niðurstöðum úr matsskýrslu sem safnið fékk árið 2017 í kjölfar eftirlits safnaráðs. Heildarmat er að ástand á listaverkageymslu sé almennt mjög gott. Hafið er vinna við að skipuleggja sérþrymi fyrir járnskúlptúra í listaverkageymslu safnsins og hefur smiður verið fenginn til verksins. Safnið þarf að bæta sig á nokkrum sviðum sem hugað verður að.

Helstu tillögur til úrbóta eru eftirfarandi:

Huga að þáttum er varða umhverfisþætti (ljósamál, mælingar á hita og raka, skordýraeftirlit).

Útbúa þarf skriflegar húsreglur fyrir starfsfólk, sérstaklega um aðbúnað og aðgengi að húsi (húsverðir).

Verklagsreglur um aðgang, umgengni og frágang listaverka í geymslum.

Útbúa skriflegt verklag fyrir starfsmenn sem sjá um þrif.

Í maí 2023 var stigið mikilvægt skref í aðbúnaði listaverka í safneign með opnun grunnsýningar á skúlptúrum Gerðar Helgadóttur. Í sýningunni var útbúið rakastýrt sérrými fyrir járnverk Gerðar sem er þá jafnframt sýning og framlenging á listaverkageymslu.

KYNNINGARMÁL

Fjölmiðlar

Öflugt markaðsstarf og virk útgáfustarfsemi er Gerðarsafni nauðsynleg til að safnið nái til safngesta, listamanna, safnara, hagsmunasamtaka, skóla og stuðningsaðila. Virkni á samfélagsmiðlum og ferskt og aðgengilegt kynningarefni eru hornsteinar þess að Gerðarsafn sé lifandi vettvangur fyrir listir. Allt markaðsstarf er unnið með það í huga að það sé hvetjandi fyrir áhugasama. Gerðarsafn vinnur markvisst að því að efla samtöl við öll skólastig í Kópavogi og stofnanir í Kópavogi og nærliggjandi sveitarfélögum með því markmiði að það sé áhugavert og eftirsóknarvert að koma í Gerðarsafn.

Sýningar og viðburðir í Gerðarsafni hafa hlotið athygli fjölmiðla og má greina mikinn áhuga á því starfi sem unnið er.

Sýningar ársins fengu allar umfjöllun í Víðsjá á Rás 1, og í prent- og netmiðlum svo sem Morgunblaðinu, Fréttablaðinu og Stundinni.

Kynning á Gerðarsafni hélt áfram í formi auglýsinga, bæði á safnbúð Gerðarsafns og sýningum, á strætóskýlum, prentmiðlum og samlesnum auglýsingum á RÚV. MEKÓ keypti auglýsingaborða á vef Heimildarinnar og í prentútgáfu blaðsins fyrir öll húsin haustið 2023 fyrir viðburði og mun það halda áfram á árinu 2024.

Ný heimasíða fyrir Gerðarsafn var sett í loftið vorið 2023 og þykir hafa tekist vel til. Efni er sett inn reglulega og Safneign á sunnudegi er sett þar inn líka.

Samfélagsmiðlar

Gerðarsafn heldur úti Facebook-síðu með 5900 fylgjendur og Instagram-síðu með 3377 fylgjendur. Á miðlunum eru viðburðir á vegum safnsins auglýstir og sýningum safnsins miðlað til fylgjenda. Vinsæll liður á samfélagsmiðlum safnsins er Safneign á sunnudegi, sem farið var af stað með 2020. Á hverjum sunnudegi er sett inn færsla um valið verk úr safneign og fjallað stuttlega um verkið og listamanninn á bakvið það. Framtakið hefur vakið lukku og er liður í veita fræðslu og innsýn í safnið, á skemmtilegan og aðgengilegan hátt.

Safnbúð Gerðarsafns er með sérstaka Facebook-síðu, með 799 fylgjendur, og Instagram-síðu með 701 fylgjendur. Síðurnar eru lifandi og þar eru settar inn færslur reglulega.

Útgáfa

Sýningarskrár eru gefnar út samhliða sýningum í Gerðarsafni. Í sýningarskrám er að finna inngang sýningarstjóra og texta um listamenn og listaverk á sýningunni.

Árið 2024 gaf Gerðarsafn út sýningarskrár fyrir sýningarnar Venjulegir staðir/Venjulegar myndir, Hjartadrottningu, Tölur | Staði, Hamskipti Gerðar Helgadóttur, Parabólu og Óstöðugt land.

Að auki gaf Gerðarsafn út bókina Leitað í tómið - Listsköpun Gerðar Helgadóttur samhliða opnun sýningarinnar Hamskipti. Gerður var frumkvöðull innan höggmyndalistar á Íslandi og tók þátt í mótun nútímalistar bæði á innlendri og erlendri grund. Leitað í tómið fylgir listakonunni í hringiðu módernismans í París, skoðar tengsl hennar við aðra listamenn og veltir upp stöðu hennar í samtíma sínum. Ritið er safn fræðigreina sem



setja fram nýjar nálganir á listsköpun Gerðar Helgadóttur. Textahöfundar eru Benedikt Hjartarson, Hallgerður Hallgrímsdóttir, Hanna Guðlaug Guðmundsdóttir og Æsa Sigurjónsdóttir. Ritstjóri er Cecilie Gaihede, og er bókin gefin út af Gerðarsafni Listasafni Kópavogs. Bókin er til sölu í safnbúð Gerðarsafns, Eymundsson og í öðrum safnbúðum.

LISTRÆN STARFSEMI

Gerðarsafn stendur fyrir öflugum og metnaðarfullum listrænu starfi sem ætlað er að endurspeglar strauma og stefnur samtíma okkar. Safnið stendur fyrir metnaðarfullum sýningum á samtímalist og list fyrri tíma sem höfða til breiðs hóps gesta, öflugum viðburðahaldi og faglegu starfi í umsjón safneignar. Megináherslur sýninga Gerðarsafns eru eftirfarandi:

Margbreytileiki samtímalistar: Metnaðarfullar sýningar sem birta hugðarefni samtímans og tengja saman listamenn af ólíkum kynslóðum. Í sýningunum felst öflugt samstarf við listahátíðir, alþjóðleg samstarfsverkefni og kanna mörkin á milli myndlistar og annarra skapandi greina.

Myndlist fyrri tíma í nýju ljósi: Sýningar á verkum úr safneign sem útvíkka skilning okkar á íslenskrum listasögu með nýrri nálgun og óvæntum tengingum.

Sýningar sem styrkja sérstöðu Gerðarsafns: Sýningar sem vísa í arfleifð Gerðar Helgadóttur og forystuna sem hún tók innan höggmyndalistar á við sýningarröðina Skúlptúr / Skúlptúr sem haldin var í fjórða sinn 2023 auk grunnsýningar á verkum Gerðar Helgadóttur.

Samstarf við listahátíðir

Vetrarhátíð í Kópavogi var haldin 1. – 3. febrúar 2024 með leiðsögnum listamanna, leiðsögn um Moltu og innlit inn í varðveislurými safnsins. Gerðarsafn tók þátt í Barnamenningarhátíð í Kópavogi í apríl 2024 með sýningu á brúðum eftir börn á unglingastigi Kársnesskóla sem Styrmir Örn Guðmundsson og Agata Mickiewicz leiddu. Safnið tók þátt í Listahátíð með sýningu á verki eftir Yulíonu Palacios og síðan List án landamæra í október með sýningu á verkum GÍU. Gerðarsafn átti í góðu samstarfi við Hamraborg Festival, listahátíð í Kópavogi sem fór fram í lok ágúst og var sýning í safninu með Jóhönnu Ásgeirsdóttur og Ásgerði Heimisdóttur. Einn af hápunktum hátíðarinnar var gjörningakvöld í Gerðarsafni þar sem fram komu margir gjörningalistamenn og húsið var fullt af gestum.

Rannsókn á ferli Gerðar Helgadóttur

Árið 2021 hlaut Gerðarsafn Öndvegisstyrk Safnaráðs til þriggja ára, til að ráðast í öflugum rannsókn á verkum Gerðar Helgadóttur. Cecilie Gaihede listfræðingur og verkefnastjóri leiðir rannsóknina sem samtvinnar listfræðilega könnun á listsköpun Gerðar, ásamt skráningu á verkum hennar og miðlun í sýningu, útgáfu og viðburðadagskrá í Gerðarsafni. Rannsóknarárið 2022 fór í að kortleggja námsár Gerðar í París á tímabilinu 1951-1953 og setja hana í listfræðilegt samhengi við sína samtímamenn bæði hérlandis og í París. Sýningin Geómetría í Gerðarsafni haustið 2022 er hluti af þeirri rannsókn auk nýrrar grunnsýningar á verkum Gerðar Helgadóttur í sýningarsal á neðri hæð safnsins. Áherslur rannsóknarverkefnisins árið 2023 voru í að kortleggja bréfasamskipti Gerðar við ættingja og vini. Grunnöggnin voru þannig skrásett, rannsökuð og gerð aðgengileg fyrir rannsakendur. Unnið var að undirbúningi bókar og sýningar sem lokaútkomu rannsóknarverkefnisins.

Lokaár rannsóknarverkefnisins var 2024 þar sem unnið var að útgáfu bókarinnar Leitað í tómið: Listsköpun Gerðar Helgadóttur og sýningarinnar Hamskipti, sem opnaði á safninu 8. ágúst 2024. Í bókinni er veitt nýtt sjónarhorn á listrænan feril Gerðar með greinum fræðimanna um okannaðar hliðar á listsköpun Gerðar. Benedikt Hjartarson, menningarfræðingur, fjallaði um tengingar Gerðar við dulspeki og fræði Gurdjieff; Hanna Guðlaug Guðmundsdóttir fjallaði um feril Gerðar út frá feminískri listfræði; Æsa Sigurjónsdóttir sem kannaði snertifleti hennar við alþjóðlega listamenn í París á 6. áratugnum. Sýningin Hamskipti var yfirlitssýning á verkum Gerðar Helgadóttur þar sem lögð er áhersla á þær stökkbreytingar sem áttu sér stað í listsköpun hennar. Samhliða útgáfu og sýningu þá opnaði skúlptúrgarður vestanmegin við Gerðarsafn með þremur höggmyndum eftir Gerði. Á sýningunni Hamskipti var auk þess haldið málþing þar sem Benedikt Hjartarson, Hanna Guðlaug Guðmundsdóttir og Æsa Sigurjónsdóttir lögðu út frá greinum sínum.

Alþjóðlegt samstarf og ráðstefnan Myndlist & náttúra

Gerðarsafn hóf samstarf við leiðandi listasöfn í Evrópu árið 2022 með áherslu á samtvinnu myndlistar og náttúru í fræðslustarfi. Söfnin sem eru hluti af samstarfsverkefninu eru Louisiana Museum í Danmörku, Moderna Museet í Svíþjóð, Beyeler Foundation í Belgíu og Kunst und Natur í Þýskalandi.



Samstarfið er mótað á milli fræðsludeilda safnanna með löngun til að kynnast og skiptast á þekkingu á fræðslu sem tvinnar saman nálgun og kennslu í myndlist við umhverfisvitund og náttúruvísindi. Á árinu 2024 hélt Gerðarsafn alþjóðlega ráðstefnu þar sem tuttugu aðilar úr samstarfinu komu til landins og kynntu starfsemi sína auk þess sem fræði- og listafólk hérlandis kynntu sína nálgun á mótum myndlistar og náttúru.

Fræðierindi ráðstefnunar voru haldin af Ole Sandberg, heimspekingi, um innbyggðis samband náttúru, listar og vísinda og af Heiðari Kára Rannversssyni, listfræðingi, um pólitíska vistfræði í verkum listakvenna á Íslandi. Myndlistarmenn sem kynntu nálgun sína og tengingu við náttúru voru Rúní, sem flutti einnig gjörning og Þorgerður Ólafsdóttir og Gunndís Ýr Finnbogadóttir. Sigríður Sunna Reynisdóttir, listrænn stjórnandi hönnunarteymisins Þykjó kynnti nálgun þeirra á samruna hönnunar og náttúru. Erindin frá söfnum og samstarfsaðilum voru Elisabeth Bodin hjá Louisiana Museum, Philippa Couch hjá Moderna Museet, Janine Schmutz frá Foundation Beyeler og Kristine Preuss frá Kunst und Natur auk Þorgerðar Þórhallsdóttur hjá Gerðarsafni og Huldu Margréti Birkisdóttur hjá Náttúrufræðistofu, sem leiddu smiðju út frá fræðsluverkefninu Myndlist og náttúra.

Gerðarverðlaunin

Gerðarsafn setti á fót ný myndlistarverðlaun árið 2020 til stuðnings við höggmyndalist hérlandis. Verðlaunin eru til heiðurs Gerði Helgadóttur myndhöggvara og eru veitt árlega framúrskarandi myndlistarmanni sem vinnur í skúlptúr og rýmisverk. Lista- og menningarráð Kópavogs samþykkti að stofna til verðlaunanna og nema þau einni milljón króna. Stefnt er að því að veita verðlaunin árlega.

Verðlaunahafi Gerðarverðlaunanna 2024 var Helgi Hjaltalín Eyjólfsson fyrir ríkulegt framlag sitt til höggmynda- og rýmislistar á Íslandi.

Dórnefnd Gerðarverðlaunanna skipuðu: Brynja Sveinsdóttir, forstöðumaður Gerðarsafns, Kristinn E. Hrafnsson myndlistarmaður, tilnefndur af Gerðarsafni og Svava Björnsdóttir myndlistarmaður, tilnefnd af SÍM.

FRÆÐSLA OG VIÐBURÐIR

Viðburðir Gerðarsafns árið 2024 voru 90 talsins. Má þar nefna leiðsagnir listamanna og sýningarstjóra, erindi fræðimanna, tónleika, fyrirlestra, smiðjur og fleira. Viðburðahald í Gerðarsafni tekur mið af yfirstandandi sýningum og straumum og stefnum í samtímalist.

Árið 2024 voru opnaðar 8 sýningar, haldnar 11 fjölskyldustundir, 26 sýningarleiðsagnir og 3 fyrirlestrar. Á árinu var haldið málþing og alþjóðleg ráðstefna, Myndlist og náttúra.

15 smiðjur voru haldnar í safninu (fyrir utan fjölskyldustundir), bæði í tengslum við sýningar og sem sjálfstæðir viðburðir. Sérstakir viðburði fóru fram í tengslum við hátíðir í Kópavogi, til dæmis Barnamenningarhátíð, 17. júní, Karnival, haust- og vetrarfrí og Aðventuhátíð.

Stúdíó Gerðar

Gerðarsafn hefur unnið að metnaðarfullu fræðslustarfi frá árinu 2015 þar sem lögð er áhersla á skapandi viðburði fyrir fjölskyldur, eldri borgara og innflytjendur. Á neðri hæð Gerðarsafns er Stúdíó Gerðar, rými sem helgað er fræðslustarfi. Markmið fræðslurýmisins er að skapa Gerðarsafni sérstöðu sem griðastaður fyrir fólk á öllum aldursskeiðum, til að upplifa samtímamyndlist en einnig til að skapa sjálf og mennta huga og hönd í öruggu og þægilegu umhverfi. Í Stúdíói Gerðar eru haldnar fjölbreyttar smiðjur í tengslum við sýningar safnsins og sem hluti af Fjölskyldustundum Menningarhúsanna í Kópavogi. Þar er einnig tekið á mótí skólahópum í tengslum við leiðsagnir.

Stórir bláir kubbar eru í Stúdíó Gerðar og eru afskaplega vinsælir meðal yngri gesta. Árið 2021 bættist Kyrrðarrými, frá hönnunarteyminu ÞYKJÓ, við í Stúdíó Gerðar þar sem gestir geta “skriðið inn í skel” og slakað á.

Skólahópar

Boðið er upp á sérsniðnar leiðsagnir og heimsóknir í Gerðarsafn fyrir öll skólastig. Skólahópar koma í leiðsagnir um yfirstandandi sýningu safnsins þar sem lögð er áhersla á samtal og túlkun nemenda á verkunum. Fyrir áhugasama hópa, sérstaklega þá yngri, hefur einnig verið boðið upp á sérsniðnar smiðjur í Stúdíói Gerðar í tengslum við sýningarnar hverju sinni.



Mikil áhersla hefur verið lögð á fræðslu í Gerðarsafni síðastliðin ár. Börn af öllum skólastigum komu í fræðslu á safninu árið 2024.

Gerðarsafn tók á mótí samtals 43 skólahópum í skipulagðar heimsóknir árið 2024. Tekið var á mótí 778 nemendum á öllum skólastigum samtals. Þar af voru 271 leikskólabarn, 316 grunnskólanemar, 156 menntaskólanemar og 35 háskólanemar.

SKÚLPTÚR OG SMÖRRE

Í lok október á árinu 2023 var farið af stað með listsmiðjur fyrir fullorðna síðasta fimmtudag hvers mánaðar. Örn Alexander Ámundason leiddi tvær smiðjur fyrir júl árið 2023 og á fyrri smiðjuna mættu 20 gestir og á seinni 12. Árið 2024 var Skúlptúr og smörre haldið 3 sinnum og einu sinni fyrir lokaðan hóp frá fyrirtækinu Auðnast sem báðu um að vera sér. Smiðjan er hugsuð sem skapandi samverustund fyrir fullorðna og kvöldið fer þannig fram að gestir mæta í hús og fá stutta leiðsögn um sýninguna með Erni. Eftir það byrjar kennslan með Erni þar sem gestum gefst færi á að kynnst miðlinum skúlptúr og fá kennslu í því að nota leir og gifs. Um miðbik kvöldsins er tekið hlé og notið veitinga frá Krónikunni. Síðan er haldið áfram og gestir fá tækifæri til að skapa eigin skúlptúra með leir og gifsi.

SÝNINGAR 2024


GERÐUR grunnsýning
25.01.2023 -



Grunnsýning á verkum Gerðar Helgadóttur á neðri hæð Gerðarsafns. Sýningin stendur sem breytileg grunnsýning en kjarni sýningarinnar eru járnverk Gerðar sem verða í rakastýrðu sérrými og tengja því varðveislu við miðlun. Sýningin GERÐUR er í nánú samtali við fræðslurými Gerðarsafns, Stúdíó Gerðar, þar sem gestum gefst færi á að fræðast og skapa myndlist. Stúdíó Gerðar er einnig vettvangur fjölbreyttra viðburða sem haldnir eru í tengslum við yfirstandandi sýningar.

Listamaður	Gerður Helgadóttir
Sýningarstjórar	Brynja Sveinsdóttir Cecilie Gaihede
Sýningarhönnun	Arnar Freyr Guðmundsson Hreinn Bernharðsson

Venjulegir staðir/Venjulegar myndir
13. 01.2024 - 31.03.2024



Sýningin Venjulegir staðir/Venjulegar Myndir birtir ljósmyndir Ívars Brynjólfssonar í samtali við verk Emmu Heiðarsdóttur, Haraldar Jónssonar, Joe Keys, Kristínar Sigurðardóttur, Lukas Kindermann, Ragnheiðar Gestsdóttur og Tine Bek. Listamenn sýningarinnar eiga það sameiginlegt að veita ákveðnum hlutum ítrustu athygli, brengla hversdaginn með því að fletja hann út eða umbreyta með öðrum hætti. Á sýningunni myndast samtal á milli myndaraða Ívars frá árunum 1991-2023 við skúlptúra, vídeóverk, ljósmyndaverk og innsetningar sem einnig spretta úr skynjun mannverunnar á umhverfi sínu. Sýningin opnar í tveimur fösum en á milli sala þróast og breytist umfjöllunarefni og nálgun listamanna sýningarinnar.

Listamenn	Ívar Brynjólfsson Emma Heiðarsdóttir Haraldur Jónsson Joe Keys Kristín Sigurðardóttir Lukas Kindermann Ragnheiður Jónsdóttir Tine Bek
Sýningarstjórar	Brynja Sveinsdóttir Hallgerður Hallgrímsdóttir

MOLTA
25. janúar - 04. febrúar 2024



MOLTA er alltumlykjandi og þverfagleg innsetning og lífandi danssýning. Danshöfundurinn Rósa Ómarsdóttir býr til vistkerfi þar sem náttúrulegir ferlar umbreyta rýminu. Innsetningin bráðnar, lekur, brotnar niður, vex, blandast saman og gufar upp.

Verkið er samstarfsverkefni Rósu og Íslenska Dansflokksins og tekur fjórar klukkustundir í flutningi. Þar veltir höfundur fyrir sér tengslum á milli dans, kóreógrafíu, tónlistar, myndlistar, líkama og efna, áhorfenda og flytjenda. Áhorfendum er boðið í lautarferð innan í innsetningunni. Þar mæta þau flytjendum verksins sem birtast sem skúlptúrar, verur og dýr, náttúra eða öfl og eru hluti af vistkerfi MOLTU.

Listrænn stjórn og danshöfundur Flytjendur	Rósa Ómarsdóttir Saga Sigurðardóttir Karítas Lotta Tuliníus Erna Gunnarsdóttir Andrean Sigurgeirsson Gabriele Bagdonaite Nicolai Johansen
Tónlist	

Hjartadrottning | Sóley Ragnarsdóttir
13. apríl - 21. júlí 2024



Á sýningunni Hjartadrottning birtist áhorfendum heillandi hugar- og efnisheimur myndlistarkonunnar Sóleyjar Ragnarsdóttur. Ofurskrautleg málverk og skúlptúrar af ýmsum stærðum og gerðum, fagurlega málaðir veggfletir og sérhannað veggfóður auk sýningarborða með einstöku servíettusafni skapa hér eina heild svo úr verður malerísk innsetning.

Verk Sóleyjar eru ekki málverk í hefðbundnum skilningi heldur fljóta á mörkum hins tvívíða og þrívíða forms. Grunnur þeirra er heldur ekki strigi heldur tauservíettur hertar með epoxí og akrylmálningu. Í verkum Sóleyjar má finna bæði femíníska og vistfræðilega fleti sem saman mynda marglaga höfundarverk. Í huga listakonunnar hverfist söfnun og sköpun þannig um arfleið, bæði í nútíð og framtíð, og hvernig við getum hlúið að hlutum og stöðum sem við tengist persónulegum böndum um ævina.

Listamaður Sýningarstjóri	Sóley Ragnarsdóttir Heiðar Kári Rannversson
------------------------------	--

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026

Tölur | Staðir | Þór Vigfússon
13. apríl - 28. júlí 2024




Á sýningunni Tölur, staðir má sjá og upplifa nýja innsetningu eftir myndlistarmanninn Þór Vigfússon sem hann vinnur sérstaklega með sýningarsal Gerðarsafns í huga. Sýningin samanstendur af fjölda jafnstórra ferninga úr lituðu gleri sem dreifast um vegg salarins eftir ákveðinni reglu og mynda víxlverkun milli forma, lita og rýmis. Við fyrstu sýn virðist sýning Þórs litillát og óhlutbundin innsetning sem leiðir hugann að verkum í anda geómetríu eða naumhyggju. En þrátt fyrir sparsamt efnisval og framsetningu má við nánari athugun greina flókna hugmyndalega nálgun á sjálft skúlptúrformið. Þór hlaut Gerðarverðlaunin árið 2021 fyrir ríkulegt framlag sitt til höggmynda- og rýmislistar á Íslandi.

Listamaður
Sýningarstjóri

Þór Vigfússon
Heiðar Kári Rannversson

Hamskipti Gerðar Helgadóttir | Sumarsýning
og afmælishátíð 8. ágúst - 20. október 2024



Í sýningunni Hamskipti er list Gerðar sett í sögulegt samhengi og verkin skoðuð út frá stefnum og straumum í samtíma hennar. Sjónum er einkum beint að örum breytingum í listsköpun Gerðar og innsýn er veitt í hvernig leit Gerðar var bæði á andlega sviðinu og í listinni. Sýningin leggur ríka áherslu á skúlptúr og varpar ljósi á sköpunarkraft, framúrstefnu og tilraunamennsku lista-konunnar, margbreytileika verkanna og fjölbreyttan efnivið.

Tilraunakennd, stórhuga og framúrstefnuleg nálgun Gerðar markaði henni sess sem einn helsti myndhöggvari þjóðarinnar og kallast sterkt á við myndlist samtíma okkar. Listaverkin standa eftir sem ummerki um reynslu listamannsins og könnun hennar á umhverfinu, og auka skilning okkar á tilvistinni þá og nú.

Samhliða var opnaður skúlptúrgarður við vestanvert Gerðarsafn með þremur listaverkum eftir Gerði.

Listamaður
Sýningarstjórar

Gerður Helgadóttir
Brynja Sveinsdóttir
Cecilie Gaihede

Óstöðugt land | Gunndís Ýr Finnbogadóttir og Þorgerður Ólafsdóttir
30. október 2024 – 19. janúar 2025



Óstöðugt land er sýningarverkefni og listrannsókn Gunndísar Ýrar Finnbogadóttur og Þorgerðar Ólafsdóttur sem byggir á viðtölum við einstaklinga sem hafa ferðast til Surtseyjar. Í gegnum fyrirbærafræðileg viðtöl við vísindamenn, listamenn og tímabundna íbúa sem hafa átt samskipti við eyjuna, fangar Óstöðugt land skynræna upplifun þeirra af umhverfinu. Í hjarta þessarar sýningar eru hugmyndir um að koma og fara, sem endurspeglar hvernig Surtsey er sífellt mótuð af náttúruöflunum. Myndun eyjarinnar með eldgosi og rofið sem fylgir minna okkur á hverfulleika landsins; botnfall, veðrun, jarðskjálftavirkni, áhrif mannsins og í raun loftslagsbreytingar. Líkt og eyjan, förum við líka um rými í stöðugri þróun, þar sem hver kynni einkennast af viðkvæmu jafnvægi milli komu og brottfarar.

Listamenn Þorgerður Ólafsdóttir
Sýningastjóri Gunndís Finnbogadóttir
 Becky Forsythe

Parabóla | Finnbogi Pétursson
30. október 2024 – 19. janúar 2025



Einkasýning Finnboga Péturssonar en hann var þriðji handhafi Gerðarverðlaunanna 2022. Finnbogi býr yfir einstakri sýn á heiminn og eðli hans. Í áratugi hefur hann leitast við að gefa hljóðbylgjum sjónrænt form. Til þess hefur hann notað vatn, ljós, rafmagn í alltumlykjandi innsetningum. Verk hans vekja áhorfandann til meðvitundar og fá hann til að velta fyrir sér eigin skynjun, veru sinni í rýminu, náttúrunni og alheiminum.

Listamaður Finnbogi Pétursson
Sýningarstjóri Brynja Sveinsdóttir
 Hallgerður Hallgrímsdóttir

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026

SÝNINGAR 2025

Stara
25.janúar 2025 - 19. apríl.2025

Sýningin Stara er með verkum átta listamanna sem má út skilin á milli þess hver er höfundur og hver er viðfang listaverka. Sýningin er með verkum fimm ljósmyndara sem mynda sjálf sig og fólkið nærri sér í tilraun til að skilja hvert sjálf þeirra er, hver staða þeirra er í samfélaginu og hvernig flokkarnir sem við höfum skapað, eins og kyngervi og sambönd, markar þeirra veru; auk verka þriggja myndlistarmanna sem vinna í video, gjörninga, teikningu og textílverk sem eru eins tjáning á eigin reynsluheim og samböndum á berskjaldaðan hátt.

Listafólk	Adele Hyry Dýrfinna Benita Basalan Jenny Rova JH Engström Jói Kjartans Kristinn G. Harðarson Michael Richardt Sadie Cook
Sýningarstjórar	Brynja Sveinsdóttir Hallgerður Hallgrímsdóttir

Guðrún Bergsdóttir
30.apríl 2025 - 10.ágúst 2025

Yfirlitssýning á verkum Guðrúnar Bergsdóttur. Verk Guðrúnar má út manngerð landamæri listheimsins, þar sem múrar hafa verið reistir og verk eru vegin og metin eftir ósögðum en vel þekktum reglum um gildi ólíkra verka og skapara þeirra. Guðrún Bergsdóttir hefur markað spor í listasöguna og með verkum sínum og nálgun hefur hún haft áhrif á samtímafólk sitt í listinni.

Sýningarstjóri	Hildigunnur Birgisdóttir
----------------	--------------------------

Corpus
16.ágúst 2025 - 02.september 2025

Samsýning alþjóðlegra listamanna með fókus á efnis-kennd, skúlptúr og ljósmyndun þar sem listamennirnir kanna hugmyndir um líkamann og manneskjuna. Með „líkamann“ sem stærra samhengi, skiptist sýningin í þrjú konsept - þá sérstaklega kynjahlutverk og kvenleika, kynþátt og svartleika, og tengsl líkamans við náttúruna og hið ómannlega.

Listamenn	Arvida Byström Hertta Kiiski Jeanette Ehlers Klavs Liepiņš & Renāte Feizaka Sunneva Ása Weissappel
Sýningarstjóri	Darja Sól Andrews

Skúlptúr/skúlptúr performans
16.september 2025 - 25.janúar 2026

SKÚLPTÚR / SKÚLPTÚR er sýningaröð sem haldin verður í sjötta sinn í Gerðarsafni sem er ætlað að draga fram skúlptúrinn í samtímanum. Sýningaröðinni heiðrar Gerði Helgadóttur um leið og dregnar eru saman tengingar við íslenska sýningarsögu og hreyfingar í samtímaskúlptúr. Sýningin 2025 verður með öðru móti þar sem verður búið til samtal á milli skúlptúrsins og gjörningalistar.

FRAMTÍÐARSÝN

Gerðarsafn er lifandi áfangastaður fyrir áhugamenn um myndlist á ólíkum aldri og virkur samverustaður fyrir fjölskyldufólk og nærumhverfi safnsins. Í Gerðarsafni er unnið markvisst að því að höfða til fjölbreyttra hópa í gegnum margbreytilegt sýningarhald og fræðslu sem miðar að því að bjóða nýja gesti velkomna á safnið. Framtíðarsýn safnsins er að halda áfram uppbyggingu sem hefur orðið til mikillar aukningar á gestum á safnið, stórra sýninga-, fræðsluverkefna og öflugs alþjóðlegs samstarfs og samvinnu við listahátíðir, mennta- og menningarstofnanir.

Framúrstefnuleg myndlist hefur verið leiðandi stef í starfsemi safnsins og eru fræðsla og viðburðir unnir í nánú samtali við yfirstandandi sýningar. Nálgun við safneign Gerðarsafns helst í hendur við þessa stefnu þar sem verk úr safneign eru notuð til að tengjast gestum á nýjan og óvæntan hátt. Unnið er út frá því að vekja forvitni og áhuga gesta safnsins á þeirri list sem er sýnd frekar en að miðla listsögulegum rannsóknnum eða staðreyndum á hefðbundnari máta. Í allri starfsemi safnsins er miðað að því að kynna framúrstefnulega og alþjóðlega myndlist fyrir safngestum á opinn og aðgengilegan hátt þar sem gestir eru leiddir til samtals á eigin forsendum. Í dagskrá safnsins verður áfram lögð áhersla á framúrstefnulega myndlist, alþjóðlegt samstarf og sýningarstýrð verkefni samhliða aðgengilegu og skapandi fræðslustarfi.

Starfsemi listasafna nær ekki aðeins til sýninga og viðburða heldur til heildarupplifunar gesta. Kynning, aðkoma, safnbúð, kaffihús, útisvæði og viðmót skipta sköpum í að gera heimsókn í Gerðarsafn að skapandi áfangastað. Alúð er því lögð við að samþætta ólíkar hliðar starfsemi safnsins og styðja við stöðu þess sem vettvangur fyrir framúrstefnulegar hugmyndir, upplifanir, túlkanir og virkt samtal. Listasafn speglar samfélagið og vinnur markvisst að tengingu við gesti í gegnum viðburði, fræðslustarfi og miðlun sýninga. Listasöfn eiga að vera vettvangur fyrir alla og stuðla að því að auðga mannlífið og virkja ólíka hópa samfélagsins í starfsemi sinni.


LYKILTÖLUR

	Fjöldi viðburða 2022	Gestafjöldi 2022	Fjöldi viðburða 2023	Gestafjöldi 2023	Fjöldi viðburða 2024	Gestafjöldi 2024
Gestafjöldi á Gerðarsafn		49.554		48.760		58.325
Viðburðir á Gerðarsafni	75	2.933	75	2.768	106	7.004
- þar af sérvíðburðir Gerðarsafns	40	1.540	40	1.540	6	96
- þar af viðburðir og hátíðir MEKÓ	35	1.393	35	2.352	67	5.384
Skólaheimsóknir á Gerðarsafn	58	1.471	74	1.426	30	570
- þar af fræðsludagskrá MEKÓ	3	216	3	216	0	0
		Fjöldi 2022		Fjöldi 2023		Fjöldi 2024
Verk í safneign		4.299		4.312		4.325
Verk í Sarpi		4.270		4.270		4.270
Útlán listaverka		5		60		7


FJÁRMÁL 2022-2024 OG ÁÆTLUN 2025

	2022 í þús. kr.	2023 í þús. kr.	2024 í þús. kr.	Áætlun 2025 í þús. kr.
Tekjur				
<i>Rekstrartekjur</i>	23.636	-30.225	-24.139	-8.575
Gjöld				
<i>Laun og launatengd gjöld</i>	55.643	60.617	62.234	64.315
<i>Annar rekstrarkostnaður</i>	116.197	129.908	139.571	124.804
REKSTRARNIÐURSTAÐA	148.204	160.300	177.666	180.544

GESTIR ALLS



FJÖLDI VIÐBURÐA



Skjal sótt af '000000000000' dags: 19.08 2026



NÁTTÚRUFRAÐISTOFA KÓPAVOGS

HLUTVERK

Náttúrufræðistofa Kópavogs er viðurkennt safn á sviði náttúruvísinda. Safnið gegnir veigamiklu hlutverki að stuðla að sýningu, varðveislu og söfnun náttúruminja og standa að fræðslu og miðlun á umhverfismálum og náttúruvísindum.

- Að veita almenningi og skólaæsku fræðslu um náttúrufræði og standa að sýningum um náttúru landsins;
- Að safna náttúrufræðilegum gögnum og heimildum og skrá þau og varðveita með vísindalegum hætti;
- Að stuðla að náttúruvernd og fræðslu um umhverfismál fyrir almenning og skólaæsku;
- Að stunda rannsóknir á safneign sinni og náttúru landsins, meðal annars í samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands, náttúrustofur og aðrar rannsóknarstofnanir á sviði náttúrufræði og umhverfismála.

LEIÐARLJÓS

Á Náttúrufræðistofu Kópavogs er rekið þróttmikið safnastarf með það að leiðarljósi að afla og miðla þekkingu á sem flestum sviðum náttúrufræða. Liður í þeirri viðleitni er að skapa hindrunarlaust aðgengi að náttúrugripasafni stofunnar, óháð þjóðfélagsstöðu, líkamlegri færni og efnahag. Auk hefðbundins safnastarfs er þátttaka í fjölbreyttu viðburðahaldi, þar sem leitast er við að allir finni eitthvað við sitt hæfi til fræðslu eða afþreyingar, órjúfanlegur þáttur í starfseminni.

MARKMIÐ

Meginhlutverk Náttúrufræðistofunnar markast af sviði náttúrufræða og umhverfisverndar (sbr. 4. gr. stofnskrár). Það er meginmarkmið í starfseminni að safnið verði öllum opið, aðgengilegt og gagnlegt almenningi. Safngestir njóti heimsóknar á safnið sem best og upplifi það sem þeir sækjast eftir. Unnið verður að því að efla upplýsingamiðlun og fræðslu í gegnum margmiðlun og afþreyingu. Einnig verður unnið að því að rækta samstarf við öll skólastig í Kópavogi og finna nýja samstarfsmöguleika. Síðast

en ekki síst verður unnið að því að gera safnið aðgengilegra fyrir erlenda ferðamenn sem og nýbúa sem hafa annað tungumál en íslensku að móðurmáli.

STARFSFÓLK

Í kjölfar breytinga á starfsemi Náttúrufræðistofu var ráðist í endurmótun starfsteymis safnsins. Brynja Sveinsdóttir, forstöðumaður Gerðarsafns, tók yfir rekstur Náttúrufræðistofu Kópavogs. Cecilie Gaihede, verkefnastjóri safneignar Gerðarsafns tók við umsjón safneignar Náttúrufræðistofu og er því einnig starfsmaður beggja safna. Haustið 2023 var auglýst eftir tveimur starfsmönnum með sérfræðinþekkingu á sviði náttúruvísinda sem vinna að innra og tra starfi safnsins: sérfræðingi og verkefnastjóra fræðslu og viðburða. Í lok árs 2023 var Sævar Helgi Bragason, jarðfræðingur og stjórnufræðingur, ráðinn í starf sérfræðings og Hulda Margrét Birkisdóttir, líffræðingur, ráðin í starf verkefnastjóra fræðslu og viðburða og hófu þau störf í janúar 2024. Með samrekstri Náttúrufræðistofu og Gerðarsafns varð til grunneining sérfræðinga með ábyrgð á breiðu sviði safnanna tveggja. Sérfræðingar í náttúruvísindum starfa því með og hljóta stuðning frá starfsteymi Gerðarsafns með sérþekkingu á gerð sýninga, fræðslu, viðburða, skráningu, umsjón safneignar, rekstri safnbúðar og kynningarmálum.

ENDURMÓTUN FAGLEGS SAFNASTARFS

Í kjölfar breytinga í starfsemi safnsins var farið í endurmótun í starfsemi safnsins samhliða kortlagningu safneignar og stöðu innra starfs safnsins. Hugsjón Árna Waage, fyrsta forstöðumanns Náttúrufræðistofu, varð leiðarljós í áherslubreytingu í safnastarfinu með stóraukinni áherslu á fræðslustarf safnsins. Árni Waage áleit að stofnunin ætti fyrst og fremst að vera vettvangur til að fræðast, öðlast skilning og væntumþykju fyrir náttúrunni. Í opnunarræðu safnsins segir hann:

Náttúrufræðistofu er ætlað að þjóna einu brýnasta verkefni í nútíma samfélagi, þ.e. að vekja áhuga og skilning almenning á umhverfi okkar og lífríki. Við vonumst til þess að fyrsta heimsókn einstaklings hingað örvi hann til frekari vitneskju um lífið á jörðinni, að stofunni takist að vekja forvitni hans og með nýjum heimsóknum sjái hann ávallt eitthvað nýtt á boðstólum.

Miðlunarhlutverk Náttúrufræðistofu er þannig kjarni að starfsemi safnsins þar sem unnið verður að því að auka náttúrulæsi barna og styðja við uppgötvun þeirra á náttúrunni og umhverfi sínu.

SAFNEIGN OG INNRA STARF

Við endurmótun starfsemi Náttúrufræðistofu var unnið að kortlagningu á safneign, skráningu og frágangi safnmuna. Við kortlagninguna kom í ljós að mikil vinna fyrir höndum í umsjón safneignar Náttúrufræðistofu, sem telur ríflega 6000 náttúruminjar. Þörf er á ítarlegri yfirferð yfir safneignina hvað varðar forvörslu, skráningu og grisjun. Ekki er til heildarskráning yfir safngripi og er stór hluti safneignarinnar óskráður. Frágangur á minjum í safneign Náttúrufræðistofu er ábótavant og þarfnast yfirferð forvarðar og umpökkun safngripa til að stuðla að varðveislu til frambúðar.

Skýr og gagnleg skráning á safneigninni og faglegur frágangur í varðveislurými er grunnforsenda fyrir faglegu innra starfi safnsins og fyrir rannsóknum á safneigninni. Fyrsta skref var tekið í faglegri umsjón með safneign Náttúrufræðistofu með því að sækja um styrk til Safnaráðs í lok árs 2023, sem hlaut í byrjun 2024, til að fá forvörð til ástandsskoðunar, hreinsunar og ráðgjafar við frágang í varðveislurými. Hlaust sá styrkur og vann starfsfólk Náttúrufræðistofu því að forvörslu safngripa í undirbúningi nýrrar grunnsýningar og faglegum frágangi muna í grunnsýningunni undir handleiðslu Natalie Jaquemet forvarðar vorið 2024. Frá opnun sýningarinnar unnu Cecilie Gaihede, verkefnastjóri safneigna og rannsókna, ásamt Natalie að endurskipulagningu varðveislurýmis Náttúrufræðistofu þar sem gripum verður endurráðað til að styðja við faglegan frágang og auðvelda aðgengi og rannsóknir á safneigninni.



NÝ GRUNNSÝNING

Samhliða kortlagningu á safneign og innra starfi safnsins var unnið að endurmótun grunnsýningar Náttúrufræðistofu og ytra starfs safnsins. Sýningin er unnin með það að marki að vera meginkjarni safnsins og uppspretta fræðslu og miðlunar á náttúrunni. Ný grunnsýning Náttúrufræðistofu Brot úr ævi Jarðar var opnuð 11. maí 2024 með pompi og prakt á afmælisdegi Kópavogsbæjar.

Sýningin er vettvangur fræðslu um náttúruna þar sem tekið verður á móti börnum, fjölskyldum og skólahópum til að fræða á lifandi hátt um líffræði, jarðfræði, efnafræði, eðlisfræði og stjörnufræði. Sýningin styður við könnun barna og fullorðinna á náttúrunni með framsetningu sem býður upp á beina þátttöku. Sýningin verður byggð upp af hillukerfi sem býður gestum að opna skúffur og skoða smærri muni úr safneign Náttúrufræðistofu. Framsetningin mun þannig bjóða upp á að meira magn af safneigninni verði aðgengileg almenningi. Sýningin mun einnig styðja við könnun gesta á náttúrunni með rannsóknar- og tilraunarymum þar sem má setja sig í fótspor náttúrufræðinga. Í sýningarrýminu er því aðstaða fyrir börn að setjast niður og rýna í heim hins örsmáa með smásjám og víðsjám. Hefur þetta rými notið mikilla vinsælda.

Grunnsýning Náttúrufræðistofu er hluti af endurhönnun grunnhæðar Hamraborgar 6A sem Náttúrufræðistofa deilir með barnadeild Bókasafns Kópavogs. Arkitektinn Theresa Himmer vinnur að endurhönnun rýmisins og endurhugsun nærumhverfi menningarhúsanna. Sýningarhönnun er í höndum Brynhildar Pálsdóttur, vöruhönnuðar og er grafísk hönnun unnin af Stúdíó Stúdíó (Arnar Freyr Guðmundsson og Birna Geirfinnsdóttir).

STARFSEMI 2024

Gestir

Með endurmótun starfsemi Náttúrufræðistofu með nýrri grunnsýningu, aukinni áherslu á fræðslu og metnaði í viðburðum og miðlun hefur aðsókn á safnið stóraukist frá enduroppun. Heildarfjöldi gesta á Náttúrufræðistofu á árinu 2024 var 47.730 manns. Þar sem safnið var lokað janúar til maí vegna endurbóta þá er sú tala aðeins yfir átta mánaða tímabil eða um 5800 manns á mánuði að jafnaði. Til samanburðar var fjöldi gesta á mánuði var að jafnaði 1650 á árunum 2022-2023.

Árið 2024 tók Náttúrufræðistofa á móti 175 hópum í skipulögðum heimsóknum. Voru leik- og grunnskólanemendur þar í miklum meirihluta. Heildarfjöldi skólabarna í þessum hópum var 3849. Stærsti mánuðurinn var júní þegar 1168 einstaklingar komu í skipulagða heimsókn í safnið.

Opnunartími og aðgangseyrir

Opnunartímar Náttúrufræðistofu fylgir ávallt Bókasafni Kópavogs og árinu 2024 voru opnunartímar eftirfarandi:

Mánudaga til föstudaga 08.00 – 18.00

Laugardaga 11.00 – 17.00

Aðgangur að sýningu Náttúrufræðistofu Kópavogs er gestum að kostnaðarlausu.

SÝNINGAR OG VIÐBURÐIR

Sýningar

Brot úr ævi Jarðar

Grunnsýning Náttúrufræðistofu „Brot úr ævi Jarðar“ var opnuð 11. maí 2024. Á sýningunni fara gestir í ferðalag um tíma og rúm, sólkerfið okkar og sögu Jarðar og skoða merkileg skordýr, fiska, fugla og framandi steina. Sýningin veitir innsýn í sögu plánetunnar okkar, þróun lífsins og samspil dýra og plantna við umhverfið og hvert annað. Á sýningunni er farið í ferðalag um sólkerfið okkar en líkan sem sýnir stærð sólar og reikistjarnanna var sett upp. Stiklað er á stóru um helstu viðburði í ævi Jarðar og þróun lífsins gerð skil. Rýnt er í margbreytileika náttúrunnar og hvernig hún breytist með árstíðunum. Fuglar fá sitt pláss, sem og steindir og berg úr



náttúru Íslands. Líkt og náttúran þá mun sýningin þróast og breytast með tímanum – jafnvel með óvæntum stökkbreytingum.

Í hönnunarteyminu voru Brynhildur Pálsdóttir, Brynja Sveinsdóttir, Cecilie Gaihede, Hulda Margrét Birkisdóttir, Júlía Kristín Kristinsdóttir, Studio Studio, Sævar Helgi Bragason og Theresa Himmer. Teikningar gerði Elín Edda Þorsteinsdóttir. Líkan af sólkerfinu var unnið af þeim Styrmi Erni Guðmundssyni og Agötu Mickiewicz.

Hamraborg festival

Náttúrufræðistofa Kópavogs tók þátt í Hamraborg Festival með sýningum, viðburðum og smíðjum. Í Náttúrufræðistofu voru haldnar þrjár sýningar sem hluti af hátíðinni: Villtir félagar með dýrateikningum eftir Ingu Maríu Brynjarsdóttur; Sólsþýra með skúlptúr og vídeóverki eftir Öldu Ægisdóttur og Þorvald Garðar Kvaran; Ljósbrót með ljósmyndum, vídeóverkum og skúlptúrum eftir Antoníu Berg, Írisi Maríu Leifsdóttur og Víkram Pradhan.

Nýr vefur

Í lok árs 2024 var ráðist í endurnýjun á vefsíðu Náttúrufræðistofu. Verkið er í höndum Studio Studio og verður nýr vefur opnaður í upphafi febrúar 2025.

Fræðsla

Móttaka skólahópa hefur alltaf verið veigamikill þáttur í starfsemi stofunnar. Heildarfjöldi barna í skólaheimsóknum á árinu 2024 voru 3849. Af



Þeim var heildarfjöldi leikskólabarna 300 í tuttugu heimsóknum. Vegna breytinga á safninu, sem varð til þess að það var lokað frá janúar og fram í maí, er sá gestafjöldi sem sótti safnið heim á árinu aðeins á tímabilinu maí til desember.

Haldnar voru nokkrar vel sóttar smiðjur í hverjum mánuði, svo sem eldfjallasmiðja þar sem í kringum 60 manns tóku þátt í og smiðjur sem hluti af fjölskyldustundum á laugardögum og verkefnisins Myndlist og náttúra reglulega yfir árið. Í heildina sóttu 2072 börn smiðjur á vegum Náttúrufræðistofu.

Einn miðvikudag í mánuði stóð safnið fyrir hádegisfyrirlestrum þar sem ýmsir sérfræðingar sögðu frá sínum vísindum. Fjallað var um grænþvott, náttúruvársérfræðinga, loftmengun, mold, jarðvegsmengun, líffræðilegan fjölbreytileika, Surtsey og garðfugla.

Vísindaskólinn hóf göngu sína á árinu. Fyrsta miðvikudag í hverjum mánuði er boðið upp á smiðjur og fróðleik síðdegis. Hefur það verið ákaflega vel sótt. Þar hafa Hulda Margrét Birkisdóttir og Sævar Helgi Bragason fjallað um hljóð og ljós og jólastjörnuna.

Vísindasmiðja Háskóla Íslands kom á fjölskyldustund á laugardögum þann 9. nóvember og vakti mikla lukku. Þá var einnig staðið fyrir leiðsögn um náttúruna í kringum safnið með fræðslu um fléttur í Borgarholtinu og farið í fuglaskoðun í Kópavogsdal. Þá stóð Þykjó hópurinn fyrir haustkórónusmiðju fyrir fjölskyldur.

Myndlist og náttúra

Í upphafi ársins 2023 hlutu Náttúrufræðistofa og Gerðarsafn sameiginlegan styrk fyrir öndvegisverkefninu „Náttúran í gegnum augu myndlistar“.

Verkefnið hófst í byrjun árs 2024 þar sem unnið var að mótun verkefnisins sem miðlar náttúrunni á skapandi hátt þar sem börn fá að verða vísindamenn og listamenn. Öndvegisverkefnið leggur grunn að fræðslustarfi Náttúrufræðistofu þar sem unnið er markvisst að því að efla menningarläsi barna.

Verkefnið er leitt af Huldu Margréti Birkisdóttur, verkefnastjóra fræðslu í Náttúrufræðistofu, og Sævari Helga Bragasyni, sérfræðingi Náttúrufræðistofu, í samstarfi við Þorgerði Þórhallsdóttur, verkefnastjóra fræðslu og viðburða í Gerðarsafni.

Á fyrri hluta árs var þemað málað með mold sem var mjög vel sótt. Elstu börn úr leikskólum heimsóttu safnað og fengu að skoða mismunandi gerðir jarðvegs í smásjá og þreifa á lífrænum og ólífrænum efnum sem á endanum verða jarðvegur. Að endingu gerðu þau sín eigin listaverk með því að mála með mold.

Seinni hluta árs tók þemað Sex ára safnarað við. Fyrsti bekkur kom og safnaði gögnum og flokkaði steina. Örn Alexander Ámundarson kenndi þeim að gegnumþrykkja steina úr nærumhverfi safnsins og föndruðu listaverk úr því.

MIÐLUN

Yfir allt árið stóð starfsfólk Náttúrufræðistofu fyrir náttúrutengdri fræðslu á samfélagsmiðlum. Gerð voru fimm stutt myndskreið þar sem ýmis náttúruundur í Kópavogi voru skoðuð og reglulegir fróðleiksmolar og flóru og fínu Íslands, jarðfræði og himinninn birtir. Vakti það nokkra athygli, sér í lagi fróðleikur um fléttur í Borgarholtinu.

FRAMTÍÐARSÝN

Í endurmótaðri starfsemi Náttúrufræðistofu er lögð áhersla á að styrkja stöðu þess sem viðurkennt safn á sviði náttúruvísinda. Meginþættir þess eru að efla miðlunarhlutverk safnsins og styrkja samspil innra og ytra safnastarfs. Unnið verður að því að styrkja stöðu safnsins sem vettvang til að kynnast náttúru landsins í gegnum grunnsýningu, fræðslu, viðburði og miðlun með það að marki að stuðla að auknu náttúrulæsi. Á safninu verður unnið í auknum mæli að kanna snertifleti náttúruvísinda við skapandi greinar og önnur fagsvið. Verður þannig leitað leiða til að opna á nálgun ólíkra fræðasviða að náttúruvísindum leið að nýrri sýn og skilningi á umhverfi okkar.


LYKILTÖLUR

	Fjöldi viðburða 2022	Gestafjöldi 2022	Fjöldi viðburða 2023	Gestafjöldi 2023	Fjöldi viðburða 2024	Gestafjöldi 2024
Gestir á Náttúrufræðistofu		25.165		16.175		46.528
Viðburðir á Náttúrufræðistofu	18	13.498	17	3.837	22	4.838
- þar af sérviðburðir Náttúrufræðistofu	1	396	4	272	0	0
- þar af sérsýningar á Náttúrufræðistofu	3	4.865	0	0	0	0
- þar af viðburðir og hátíðir MEKÓ	14	8.237	13	3.565	12	2.661
Safnheimsóknir hópa og þátttaka í fræðsluverkefnum	174	4.019	110	4.747	0	6.268
- þar af skólahópar með eða án leiðsagnar (öll skólastig)	136	2.168	102	2.149	0	3.849
- þar af frístunda- og leikjanámskeiðahópar án leiðsagnar	22	689	0	0	0	0
- þar af menningarfræðsla MEKÓ	8	298	0	0	0	296
- þar af aðrir hópar	8	864	0	0	0	2.123
	Fjöldi 2022		Fjöldi 2023		Fjöldi 2024	
Útgefin verk		10				
Safnkostur		7.000				


FJÁRMÁL 2022-2024 OG ÁÆTLUN 2025

	2022 í þús. kr.	2023 í þús. kr.	2024 í þús. kr.	Áætlun 2025 í þús. kr.
Tekjur				
<i>Rekstrartekjur</i>	30.233	-3.888	-617	-1.004
Gjöld				
<i>Laun og launatengd gjöld</i>	65.573	71.814	37.693	42.439
<i>Annar rekstrarkostnaður</i>	42.510	41.623	37.006	36.362
Rekstrarniðurstaða	77.850	109.549	74.082	77.797

FJÖLDI GESTA



FJÖLDI VIÐBURÐA





Skjal sótt af '000000000000' dags: 19.08 2026

Stofnanir sviðsins

SALURINN

HLUTVERK

Meginhlutverk Salarins er að auðga tónlistarlíf í Kópavogi og efla almennan áhuga og þekkingu á tónlist meðal annars með fjölbreyttu tónleikahaldi. Sem og að eiga sem farsælast samstarf við þá aðila sem vinna að skyldum markmiðum, einkum við höfunda og flytjendur tónlistar, einstaklinga, hópa, stofnanir og fyrirtæki.

LEIÐARLJÓS

Leiðarljós Salarins, sem eitt flaggskipa Kópavogsbæjar, er að vera miðstöð tónlistar þar sem allir samfélagshópar eru velkomnir. Hlúð sé að tónlistarmönnum, tónlistarflutningi og nýsköpun í tónlist þannig að börn, unglingar og fullorðnir líti á Salinn sem stað sem gaman sé að heimsækja til að upplifa góðar stundir.

MARKMIÐ

Stefnan er tekin á að:

Bjóða upp á metnaðarfullar tónleikaraðir með afburða tónlistarmönnum.

Bjóða upp á tónleikahald við bestu aðstæður þar sem allur aðbúnaður er til fyrirmyndar fyrir tónlistarmenn, starfsfólk og tónleikagesti.

Efla barna- og fræðslustarf svo að húsið verði lifandi stofnun í samfélaginu um leið og aldar eru upp næstu kynslóðir tónlistarunnenda.

Stuðla að frumsköpun í tónverkagerð.

Ná til sem breiðasta hóps samfélagsins.

STARFSEMI 2024

Opnunartími

Miðasala Salarins er opin þriðjudaga til fimmtudaga kl. 12.00 – 15.00 og klukkutíma fyrir viðburð. Skrifstofan er opin alla virka daga kl. 09.00 – 16.00.

Þjónusta

Starfsmenn Salarins leitast við að veita samstarfsfólki Salarins, hvort heldur um tónlistarmenn, tónleikahaldara, ráðstefnuhaldara eða tónleikagesti er að ræða, góða og persónulega þjónustu.

Starfsmannamál

Fjögur stöðugildi eru í Salnum: forstöðumaður, tæknimaður og tveir verkefnastjórar. Einnig starfa tímastarfsmenn í miðasölu auk húsvarðar sem heyrir undir stjórnsýslusvið Kópavogsbæjar. Á árinu voru ráðnir til starfa nýr forstöðumaður, Axel Ingi Árnason, nýr verkefnastjóri viðburða og markaðsmála, Anna Jóna Dungal, og verkefnastjóri viðburða og rekstrar, Sverrir Páll Sverrisson. Einnig var ráðinn nýr húsvörður til starfa, Sigmundur Karl Kristjánsson.

HÚSNÆÐI OG BÚNAÐUR

Áfram var haldið með endurnýjun og úrbætur á búnaði og aðstöðu Salarins á árinu.

Aðstaða baksviðs var tekin í gegn. Keyptur var sófi fyrir baksviðsaðstöðu listamanna og listaverk fengin að láni frá Gerðarsafni til að fegra rýmið. Komið var fyrir nýjum ískáp, vatnsvél og kaffivél til afnota fyrir listamenn og ráðstefnuhaldara.

Lager, gangur og geymsla voru máluð. Endurskipulagning og tiltekt lagers og geymslu var kláruð.

Þörf var á að endurnýja talsvert af tækniþúnað auk þess sem fjárfest var í tækjum til að auka samkeppnishæfi Salarins. Birgir Jón, tæknistjóri Salarins, hafði yfirumsjón með tækjakaupum og endurnýjun búnaðs. Nýr Allen & Heath SQ6 mixer var keyptur fyrir forsalinn auk smærri monitormixers, einnig var keypt Dante-kort í mixerinn. Bætt var við PZT myndavél fyrir streymi og nýrri hleðslustöð fyrir þráðlausa hljóðnema. Keyptir voru nokkrir hljóðnemar, t.d. fyrir ræðupúlt, akústísk hljóðfæri, trommur o.fl. (DPA 4099 clip-on 4 stk, Beta52, Shure SM7B, DPA 2028 2 stk, Shure MX150). Þörf var á að kaupa ný verkfæri fyrir verkstæði Salarins og fjárfest var í verkfæraskáp.

Á árinu var keypt fallett Yamaha Tour Custom trommusett ásamt fylgihlutum.

Á árinu var fjárfest í fimm stórum plöntum fyrir forsal Salarins og í lok árs var endurnýjun á jólaskrauti.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026

SAMSKIPTI

Ráðinn var til starfa grafískur hönnuður, Helgi Páll Melsteð, til að endurmóta og skýra notkun á kennimerki Salarins og samhæfa útlit markaðsefnis. Áhersla hefur verið lögð á hreyfiefni í fyrsta skipti.

Gerður var samningur við Rúv um að útvarpa upptökum af tónleikum í Tíbrá tónleikaröð ársins í skiptum fyrir auglýsingar. Aðallega var notast við samlesnar auglýsingar á árinu en þó voru nokkrar leiknar auglýsingar auk þess að prófað var að setja auglýsingaskjál í sjónvarpið.

Hefðbundnar kynningarleiðir voru farnar með auglýsingum á samfélagsmiðlum og markpóstar sendir á póstlista Salarins. Áfram var leitast við að fá umfjallanir í blöðum og útvarpi en minna var gert af því að kaupa auglýsingar í prentmiðla. Einnig var notast við auglýsingaskilti á strætóskýlum.

TÓNLEIKAHALD, VIÐBURÐIR OG ÖNNUR VERKEFNI

Árið 2024 var spennandi og fjölbreytt ár. Auk tónleikaraða Salarins voru ýmsir tónleikar, fundir og ráðstefnur á dagskrá. Enn má greina breytta neysluhegðun miðakaupenda eftir heimsfaraldur. Erfiðara hefur reynst að selja miða lengra fram í tímann en þó eru vísbendingar um að kauphegðun muni færast nær því sem var fyrir faraldur.

Tíbrá tónleikaröð Salarins

Auglýst var eftir umsóknum í Tíbrá tónleikaröðina í byrjun árs og rann umsóknarfrestur út 20. mars 2024. Þrjátíu og þrjár umsóknir bárust frá þrjátíu einstaklingum. Átta umsóknir voru valdar í Tíbrá tónleikaröðina fyrir veturinn 24–25. Forstöðumaður Salarins og verkefnastjóri menningarmála hjá Kópavogsbæ mátu og afgreiddu umsóknirnar.

Við val tónleikanna var miðað að því að bjóða upp á fjölbreytta tónleika hvað varðar hljóðfærasamsetningu, efnisskrár og aldur flytjenda. Einnig var litið til nýsköpunar og valdir tónleikar þar sem frumflutt voru ný íslensk tónverk.

Tíbrá tónleikaröð Salarins leitast við að bjóða upp á lifandi tónlistarflutning þar sem hefðbundnum klassískum tónleikum er teft saman við tilraunir, nýja nálgun og jafnvel ögrun við tónleikaformið.

Tíbrá tónleikaröðin veturinn 2024-2025 býður upp á litríka, fjölbreytta og heillandi efnisskrá í meðförum framúrskarandi tónlistarfólks.

Sjö tónleikar með þrjátíu og þrem tónlistarmönnum fóru fram í Tíbrá tónleikaröðinni árið 2024. Áfram var boðið upp á 50% afslátt af miðaverði ef tónleikaröðin var valin í áskrift.

Tónleikatími Tíbrár var áfram sunnudagseftirmiðdaga kl. 13.30. Tónleikakynningar voru fyrir tónleika.

25.02	Sigling og stormur Dúplum dúó: Björk Nielsdóttir, sópran og Þóra Margrét Sveinsdóttir, víola.
17.03	Sundur og saman Jónas Ásgeir Ásgeirsson, harmonikka.
14.04	Upphaf og endir Erna Vala Arnardóttir, píanó, Romain Þór Denuit, píanó, Frank Aarnink, slagverk og Kjartan Guðnason, slagverk.
28.04	Ástir og ásláttur Berglind María Tómasdóttir, flauta og Bergþóra Linda Ægisdóttir, söngur.
29.09	Garún, Garún CAPUT
27.10	Þorpið sefur Hildigunnur Einarsdóttir, sópran og Guðrún Dalía Salómonsdóttir, píanó.
24.11	Óvænt svörun Cauda collective: Björk Nielsdóttir, sópran, Sigrún Harðardóttir, fiðla, Þóra Margrét Sveinsdóttir, víola og Þórdís Gerður Jónsdóttir, selló.



Sumarjazz í Salnum

Ákveðið var að gefa meira í Sumarjazz í Salnum þetta árið, haldnir voru sex tónleikar í júní og júlí 2024.

Markmiðið var sem fyrr að bjóða upp á gæða jazztónleika og að skapa jazzklúbba stemningu í Forsalnum þar sem fólk getur notið tónlistar í fallegu umhverfi í lok vinnudags sér að kostnaðarlausu.

Sumarjazz í Salnum var í boði lista- og menningarráðs Kópavogsbæjar.

13.06	Bogomil Font & hljómsveit
20.06	Ingibjörg Turchi & hljómsveit
27.06	MOVE, kvartett Óskars Guðjónssonar
04.07	Trío Kristjónu Stefánsdóttur
11.07	Kvartett Edgars Rugajs
18.07	Los Bomboneros

Af fingrum fram


Níu tónlistarmenn heimsóttu Jón Ólafsson í Salinn á níu tónleikum í tónleikaröð hans Af fingrum fram. Fimm tónleikar voru að vori og fjórir að hausti. Á þessu ári hófst fimmtánda starfsár tónleikaraðarinnar og var að því tilefni gerð yfirhalning á markaðsefni hennar. Reynt var að gera röðinni sérlega hátt undir höfði í markaðsefni Salarins. Forsala tónleika gekk vel, bæta þurfti við aukatónleikum fyrir Tvíhöfða en fresta þurfti tónleikum KK yfir á árið 2025 vegna veikinda söngvarans.

01.02	Guðmundur Pétursson
15.02	Valdimar Guðmundsson
07.03	Eyþór Ingi
21.03	Kristjana Stefánsdóttir
04.04	Páll Óskar
12.09	Tvíhöfði
18.09	Tvíhöfði - aukatónleikar
03.10	Friðrik Dór
14.11	KK (frestað vegna veikinda)
21.11	Sigga Beinteins



Söngvaskáld

Annað starfsár tónleikaraðarinnar Söngvaskáld hóf göngu sína. Hér er á ferðinni röð innilegra tónleika þar sem söngvaskáld spila lög sín og segja frá tilurð laganna. Röðin beinir athyglinni að þessum listamönnum, varpar ljósi á margvíslegar aðferðir listamanna við lagasmíðar sem gefur þjóðþekktum lögum meiri dýpt. Á árinu komu átta söngvaskáld fram á sjö tónleikum. Í byrjun árs og á vormánuðum voru þrennir tónleikar úr fyrstu röð tónleikanna auk aukatónleika Una Torfa. Að hausti voru þrennir tónleikar en röðin heldur áfram með tvennum tónleikum á árinu 2026. Stefnt er á að þriðja röð Söngvaskálda verði kynnt á vormánuðum 2026.



03.02	Axel Flóvent
10.02	Una Torfa - aukatónleikar
19.04	Klara Elias
24.05	Hildur
28.09	JóiPé x Króli
19.10	JFDR
23.11	Gugusar

Söngleikjastælar

Nýjasta tónleikaröð Salarins er Söngleikjastælar; spennandi röð sprúðlandi söngleikjatónleika þar sem Sigga Eyrún, Bjarni Snæbjörnsson og Karl Olgeirsson ásamt hljómsveit leiða áhorfendur gegnum sannar tilfinningar, fallegar melódíur og háar nótur með magnaðri söngleikjatónlist. Á hverja tónleika mæta einnig tveir mismunandi gestasöngvarar sem flytja sín uppáhalds söngleikjalög svo óhætt er að fullyrða að hver sýning verður ólík.

Í tónleikaröðinni eru fimm tónleikar á dagskrá þar sem tveir mismunandi gestir koma fram ásamt Siggu, Bjarna og hljómsveit Kalla Olgeirs. Fyrstu tvennir tónleikar raðarinnar fóru fram á haustmánuðum 2024 og þrennir til viðbótar verða að vori 2025.

20.09	Gestir: Hansa og Una Torfa
15.11	Gestir: Vala Guðna og Örn Árnason

Klassík í Salnum

Haldið var áfram með klassísku kammertónleikaröðina Klassík í Salnum, sem er samstarfsverkefni FÍT og Salarins. Sjö tónlistarmenn komu fram á þrem tónleikum á vormánuðum. Ný sería af Klassík í Salnum fór í sölu að hausti en fernir tónleikar þeirrar seríu verða á árinu 2025.

18.02	Póstkort og svipbrigði Laufey Sigurðardóttir, fiðla og Elísabet Waage, harpa.
24.03	Vor og regn Eggert Reginn Kjartansson, tenór, Sólveig Steinþórsdóttir, fiðla og Þóra Kristín Gunnarsdóttir, píanó.
21.04	Ljóðrænn og kraftmikill er saxófónninn Guido Baumer, saxófónn og Aladár Rácz, píanó.



Almennir viðburðir með miðasölu

Á árinu fóru 91 viðburður í sölu á miðasöluvef Salarins. Tónleikar með hljóðkerfi voru 65 talsins, 21 tónleikar án hljóðkerfis og fimm viðburðir aðrir en tónleikar. Af tónleikum í sölu fóru fimm fram í forsal, aðrir á aðalsviði. Alls seldust 13.169 miði.

Auk ofangreindra tónleikaraða og samstarfsverkefna voru jafnframt eftirfarandi tónleikar í Salnum.

27.01	FLOTT og fyndið
28.01	Myrkir músíkdagar Contemporary piano currents
01.02	Af fingrum fram Guðmundur Pétursson
02.02	Nætur Fairuz Layali Fairuz
03.02	Söngvaskáld Axel Flóvent
08.02	KLASSÍSKT POPP Páll Óskar og Kristín
10.02	Söngvaskáld Una Torfa - Aukatónleikar
15.02	Af fingrum fram Valdimar Guðmundsson
16.02	FLOTT og fyndið
18.02	Klassík í Salnum Póstkort og svipbrigði
23.02	Ást fyrir tvo Útgáfutónleikar Katrínar Halldóru
24.02	Ást fyrir tvo Útgáfutónleikar Katrínar Halldóru
25.02	Tíbrá tónleikaröð Sigling (& Stormur)
07.03	Af fingrum fram Eyþór Ingi
09.03	Himinn & jörð Dægurlagaperlur Gunnars Þórðarsonar
17.03	Tíbrá tónleikaröð Sundur (& Saman)
17.03	Söngkeppnin VOX DOMINI 2024
20.03	Joni Mitchell 80 Heiðurstónleikar
21.03	Af fingrum fram Kristjana Stefánsdóttir
24.03	Klassík í Salnum Vor og regn
04.04	Af fingrum fram Páll Óskar

07.04	Hjördís Geirs Syngjandi í 65 ár
14.04	Tíbrá tónleikaröð Upphaf (& Endir)
19.04	Söngvaskáld Klara Elías
20.04	Eyjapistlarnir ógleymanlegu Gísli Helgason og Eyjalögin - Fyrir Grindvíkinga
21.04	Klassík í Salnum Ljóðrænn og kraftmikill er saxófónninn
25.04	Sumargleði Bibiar og Mandólíns
28.04	Tíbrá tónleikaröð Ástir (& Ásláttur)
03.05	Ég man þá tíð
04.05	Tveir fjölskyldutónleikar Herra Hnetusmjör
05.05	Fjórir fjölskyldutónleikar Herra Hnetusmjör
24.05	Söngvaskáld Hildur
25.05	Fjórir fjölskyldutónleikar Herra Hnetusmjör
30.05	Davíðsson Þorleifur Gaukur Davíðsson, Davíð Þór Jónsson og Skúli Sverrisson
31.05	Myndlist og náttúra Alþjóðleg ráðstefna Gerðarsafns
31.05	Heill sé þér áttæðum Jónas Ingimundarson
05.06	Vortónar Ásta Dóra Finnsdóttir flytur spennandi efnisskrá á píanó
14.06	Bernskubrek í Kópavogi með Marteini Sigurgeirssyni
19.06	Jazzkonur á kvenréttindadaginn
20.06	Flyglaflug á Jónsmessu Davíð Þór Jónsson og Eyþór Gunnarsson
07.08	Lokahátíð Skapandi sumarstarfa í Kópavogi
11.08	Poulsen-bræður ásamt Óskari Guðjónssyni og Rógva á Rógvu
30.08	Valdimar & Örn Eldjárn
06.09	Belonging? Icelandic Immigrant Stand-up Comedy
08.09	Svanasöngur
12.09	Af fingrum fram í 15 ár Tvíhöfði
14.09	Himinn & jörð Dægurlagaperlur Gunnars Þórðarsonar
19.09	Af fingrum fram í 15 ár Tvíhöfði - aukatónleikar
20.09	Söngleikjastælar Hansa & Una Torfa
26.09	Kjalar Kveðjutónleikar í forsalnum
27.09	Draumur að vera með dáta
28.09	Söngvaskáld Jóipé x Króli

29.09	Tíbrá Garún, Garún
03.10	Af fingrum fram í 15 ár Friðrik Dór
05.10	Tímamót og fögnuður - Salurinn
06.10	TEENS - Questions for Teenagers
08.10	Winther / Andersson / Watts
12.10	Hemp for the Future
13.10	State of the Art: Snorri Sigfús! 70! CAPUT!
19.10	Söngvaskáld JFDR
27.10	Tíbrá Þorpið sefur
31.10	Tómas og við
01.11	Tom Waits 75
02.11	Heim Jón Jónsson
03.11	Ipsa Dixit
15.11	Söngleikjastælar Vala Guðna & Örn Árna
20.11	Már & The Royal Northern College of Music Session Orchestra
21.11	Af fingrum fram í 15 ár Sigga Beinteins
23.11	Söngvaskáld gugusar
24.11	Tíbrá Óvænt svörun
28.11	Friðarjól
29.11	Jóla jazz
04.12	Navidad Nuestra Bóleróar & ballöður með Unnsteini Manúel
05.12	Hýrar hátíðir Hinsegin hátíðartónleikar
06.12	MESSÍAS Jólatónleikar Caudu Collective
08.12	Gömlu góðu jólin
11.12	Navidad Nuestra Þjóðlagahéðir Suður-Ameríku með Sergio Coto & Sólveigu Thoroddsen
14.12	Una Torfa í jóla fötunum
18.12	Navidad Nuestra Suðrænt danspartý með Samúel Jóni Samúelsyni & Óskari Guðjónssyni
19.12	Raddbandið um jólin
20.12	Jól & Næs
21.12	Ljóssprengja í myrkrinu
30.12	Vínartónleikar Elju



Tímamót og fögnuður - Tónverk 24

Árið 2020 setti Aino Freyja Jarvela, fyrrverandi forstöðumaður Salarins, á laggirnar tónskáldaverkefnið Tónverk. Verkefnið hlaut styrk frá Lista- og menningarráði og var markmiðið að styðja við nýsköpun í tónlist með því að greiða tónskáldum fyrir að semja ný verk fyrir Salinn. Á þessu fjórða starfsári verkefnisins var ákveðið að auglýsa eftir umsóknum tónskálda til að semja kórverk fyrir barnakór en í tilefni af 25 ára afmæli Salarins var lögð fram hugvekjan tímamót og fögnuður. Barnakórar Kársnesskóla, Smáraskóla og Hörðuvallaskóla tóku þátt í verkefninu en stjórnendur kóranna eru Álfheiður Björgvinsdóttir, Ása Valgerður Sigurðardóttir og Ásta Magnúsdóttir. Átta tónskáld voru valin úr 15 umsóknum en þau voru: Benedikt Hermann Hermannsson (Benni Hemm Hemm), Ingibjörg Friða Helgadóttir & Ingibjörg Ýr Skarphéðinsdóttir, Jóhann G. Jóhannsson, Kristín Þóra Haraldsdóttir, Lúpína (Nína Sólveig Andersen), Tryggvi M. Baldvínsson, Úlfur Eldjárn og Þóra Marteinsdóttir.

Tónverkin átta voru svo flutt við hátíðlega afmælis dagskrá þann 5. október klukkan 15.00. Ásamt kórnum kom fram hátíðarhljómsveit skipuð Daða Birgissyni á píanó, Rögnvaldi Borgþórssyni á gítar, Guðnýju Jónasdóttur á selló, Alexöndru Kjeld á kontrabassa og Kristófer Rodríguez Svönusyni, trommu- og slagverksleikara. Kynnir á tónleikunum var Ingibjörg Friða Helgadóttir.

Nánar um tónverkin:

Bíddu eftir mér í 100 ár

eftir Benna Hemm Hemm ásamt Skólakór Kársness

Lagið er samtal krakkanna í Skólakór Kársness við jafnaldra sína eftir 100 ár – þau sem verða unglingar árið 2124.

Ég átti marga fundi með kórnum þar sem ég reyndi að fiska eftir því hverju þau myndu vilja breyta til þess að unglingar framtíðarinnar ættu sem besta tilveru. Það kom mér á óvart að það sem var efst á blaði var ekki breyting heldur vildu þau halda í eitt sem þau voru sammála um að þeim fyndist öllum mjög vænt um: íslenskuna.

Þetta hljómar eins og þema sem kennarinn þröngvar upp á nemendur – en þetta er dagsatt, þetta er það sem þau voru sammála um að væri þeim mikilvægast að koma á framfæri við framtíðina. Textinn kemur bæði frá mér og kórnum sjálfum.



Glimmersturta

eftir Ingibjargir ásamt Kórum Smáraskóla

Glimmersturta er óður til gleðinnar sem við finnum þegar við fögnum einhverju í lífinu, stóru jafnt sem smáu. Kór Smáraskóla og Ingibjargir fóru saman í hugarflug um tímamót og fögnuð og úr því komu lykilsetningar í laginu.

Ætli sönggleðin sé ekki bara kjarninn í verkinu – ástæða þess að við erum saman komin hér í dag? Syngjum, dönsum, leikum, lifum og fögnum – með slatta af glimmeri!

Það er fögnuður
allir eru hamingjusamir
Það er fögnuður
þessi hátíð er veisla
Það er gaman að læra eitthvað nýtt
þegar við fögnum þá syngjum við saman

Eins og perla

eftir Jóhann G. Jóhannsson

Á tímum sem þessum, þegar virðing og umhyggja jarðarbúa hver fyrir öðrum og fyrir náttúrunni rýkur æ oftast út í veður og vind, glæðir það vonir okkar að heyra einlægar barnaraddir sameinast í söng og flytja okkur ákall eða bæn um bjarta

framtíð. Í draumsýn barnanna birtist sú von að þeim lánist að búa saman í sátt og samlyndi, hlúa vel hvert að öðru og gera jörðina að betri stað fyrir okkur öll á meðan hún líður áfram á alheims vegum eins og blá og fögur perla.

Skólaganga

eftir Kristínu Þóra Haraldsdóttur

Með mikla löngun til að skapa tónlist fyrir börn og barnið í okkur öllum í anda vísna- og jazztónlistar fékk ég hina fallegu vísnaþók Ásdísar Þulu Þorlákssdóttur, Sólstafr, til að vinna með. Hér er lífið og tilveran séð með augum barnsins og tími er tekinn til að njóta augnabliksins, leika sér og láta sig dreyma og er það innblástur minn að tónefninu og eðli tónlistarinnar.

Lygnir

um lok eftir Lúpínu

Lygnir um lok er lag um hindranirnar og sigrana í lífinu. Ég samdi lagið með alls konar tímamót í huga og varð hugsað til alls þess góða og alls þess erfiða sem leiðir til tímamóta. Lagið er áminning um að hlutirnir eiga það til að leysast á endanum og erfiðleikarnir eru það sem ýtir okkur áfram á betri staði.

Tátupula

eftir Tryggva M. Baldvinsson

Í leit minni að skemmtilegum þulum rakst ég fljótlega á tvær talna-þulur; „Táta, Táta teldu dætur þínar“ og svo þessa, þar sem Táta telur alla bræður sína. Sú fyrri er all þekkt og er lagið t.a.m. að finna í þjóðlagasafni Sr. Bjarna Þorsteinssonar á meðan lög við bræðrapuluna eru meira á reiki, a.m.k. ef marka má þær heimildir sem finna má á hinum ágæta vef ismus.is. Mér fannst því tilhlýðilegt að gera nýtt lag við þessa þulu og vona að einhverjum geti þótt gaman að telja þessa stóru bræðrahjörð.

Tugakerfinu til heiðurs er lagið meira og minna í takttegundum sem ganga upp í tölunni 10.

Raddir vorsins

eftir Úlf Eldjárn

Við tölum oft um að raddir barna þurfi að heyrast betur. Mig langaði til að taka þá hugmynd bókstaflega og gera verk með barnakór, þar sem raddirnar fengju að njóta sín sem hljóðgjafar án þess að leggja þeim orð í munn.

Bjart er yfir hugarheimi

eftir Þóru Marteinsdóttur

Mér finnst svo æðislegt hvað það að syngja saman getur búið til mikla gleði í sálinni. Mig langaði að búa til lag dregur fram þessa gleði og hampar henni. Og vonandi býr það í leiðinni til smá fögnuð og gleði í sálinni. Hjá þeim sem hlusta og hlýða en ekki síður hjá þeim sem flytja lagið.

Samstarf við Tónlistarskóla Kópavogs

Salurinn hefur frá upphafi verið heimili Tónlistarskóla Kópavogs. TK hefur fasta æfingatíma í Salnum alla mánudaga frá kl. 15 auk þess sem nemendur skólans fá reynslu af því að koma fram á tónfundum.

Nýting TK á Salnum miðast við að eiga sér stað þá daga og kvöld sem minna er um að vera í Salnum og er víkjandi fyrir starfsemi Salarins. Skólinn hélt 22 almenna tónleika í Salnum sem voru vel sóttir og ferna framhaldsprófstónleika.

Ráðstefnur, fundir og aðrir viðburðir

Talsvert var um fundi, ráðstefnur og aðar viðburði á árinu 2024.

Að vanda voru veitt verðlaun í ljóðasamkeppni Jóns úr Vör í Salnum þann 21. janúar auk þess sem 25 ára starfsafmælisviðurkenning Kópavogsbæjar var afhent og íþróttahátíð Kópavogsbæjar fór

fram. Forsalurinn var leigður fyrir erfidrykkju, þar fór fram málþing í ljóðavíku og glæsileg ráðstefna BUGL um málefni trans ungmenna fór fram í lok mánaðar og var vel sótt.

Söngvakeppni félagsmiðstöðva Kópavogs fór fram 14. febrúar. Í byrjun mars fór fram ráðstefna um hljóðvist og heyrnarvandamál barna. Stóra upplestrarkeppnin í Kópavogi fór fram 13. mars og páskaskemmtum Waldorfskóla var haldin 21. mars.

Í aprílmánuði fóru fram svæðistónleikar Nótunnar, haldin var fermingarveisla í forsal og kórar leigðu forsalinn fyrir æfingar. Í maí hélt Kópavogsbær glæsilegan fræðsludag fyrir stjórnendur og Kópurinn, menntaverðlaun Kópavogs, voru afhent við hátíðlega athöfn. Forsalurinn var leigður undir útskriftarsýningu tækniskólans og Halla Hrund forsetaframboðandi leigði Salinn fyrir vel sóttan fjölskyldudag. Nokkuð var um leigur fyrir upptökur í maímánuði.

Í júní var Salurinn leigður til einkanota fyrir afmælistónleika og afmælisveislu auk þess sem tvennar útskriftarveislur voru haldnar í forsalnum. Mánuðurinn litaðist að venju af útskriftum skóla og leikskóla bæjarins. Júlí var eins og oft áður rólegur en Skapandi sumarstörf við Kópavogsbæ stóðu fyrir stuttmyndahátíðinni Orðskipti þann 25. júlí og í ágúst hélt sami hópur upp á uppskeruhátíð þar sem afrakstur sumarsins var til sýnis. Bókmenntaráðstefnan Queer Situations lagði svo undir sig Salinn dagana 23. og 24. ágúst og var mjög vel sótt.

Hamraborg festival hélt eina tónleika í forsalnum í byrjun september, skýrsla starfshóps um málefni Salarins var kynnt með pompi og prakt þann 11. september og glæsileg lokaathöfn Sjávarútvegssýningarinnar fór fram í Salnum.

Í október var mikið um upptökur og einkaveislur. Stór fyrirlestur um Svefn var vel sóttur og metnaðarfull ráðstefna um hamp, Hemp for the future, fór fram dagana 11. og 12. október. Í lok október tók landskjörstjórn við framboðum til alþingiskosninga í forsalnum.

Í nóvember var Félag íslenskra bókaútgefenda með barnabókamessu í forsalnum og þann 1. desember fór fram íslensk píanóhátíð, Slagharpan syngur.

Starfshópur um málefni Salarins

Í maímánuði var skipaður starfshópur um málefni Salarins og tók tafarlaust til starfa. Í starfshópnum sátu Védís Hervör Árnadóttir, forstöðumaður miðlunarviðs Samtaka atvinnulífsins og

tónlistarmaður, Halldór Friðrik Þorsteinsson og Davíð Þór Jónsson tónlistarmaður. Védís Hervör var formaður hópsins en starfsmaður hans var Soffía Karlsdóttir, forstöðumaður menningarmála í Kópavogi.

Starfshópurinn fékk það hlutverk að gera úttekt á starfsemi Salarins með það að markmiði að fjölga viðburðum og komu gesta í Salinn. Meðal verkefna hópsins var að skilgreina áherslur í tónleikahaldi og koma með tillögur að tekjuöflunarmöguleikum.

Starfshópurinn skilaði af sér skýrslunni um sumarið og voru niðurstöður hennar kynntar við stóra athöfn í Salnum miðvikudaginn 11. september. Niðurstaða skýrslunnar var margþætt en þar kom meðal annars fram að starfsemi Salarins væri best komin í höndum Kópavogbæjar, þar sem tónlistarmenningarlegt hlutverk hans sé samofið öðru menningarstarfi bæjarins ásamt tónlistarkennslu og barnastarfi. Lyfta þyrfti sérstöðu Salarins sem tónleikahúss, skapa samkeppnisforskot á tónleikamarkaði og endurhugsa starfsemina með ný sóknarfæri í huga án þess að raska því mikilvæga hlutverki sem Salurinn sinnir. Hópurinn taldi mörg sóknarfæri vera í Salnum og nefndi til dæmis nýtingu á forsalnum og tónleikasalnum til ráðstefnu og fundarhalda, endurmörkun, straumlínulögun bókunarferla og kaup á nýjum konsertflygli.

HELSTU VERKEFNI 2025

Tónleikar og tónleikaraðir

Á árinu 2025 verður haldið áfram að tryggja að Salurinn sé aðgengilegur og raunhæfur möguleiki til leigu fyrir tónlistarfólk landsins. Áfram verður hlúð að tónleikaröðum Salarins sem eru einkenni og stolt hússins. Auglýst verður eftir þátttáknendum í Tíbrá í byrjun árs og vonast til að ganga frá valinu fyrir vorið. Söngvaskáldin eru handvalin og er nú þegar búið að handsala samning við tvo listamenn fyrir komandi tónleikaár. Af fingrum fram verður á sínum stað og hefur sitt sextánda starfsár. Stefnt er að því að halda áfram að gera jazz aðgengilegan á sumarmánuðum með fríum tónleikum í röðinni Sumarjazz í Salnum.

Sókn í fundum og ráðstefnum

Ráðist verður í það spennandi verkefni að vekja markvisst athygli á Salnum sem fundar- og ráðstefnusal. Aðstaða og staðsetning Salarins er til fyrirmyndar og tilvalin fyrir hvers kyns viðburði en þörf er á að auka meðvitund um Salinn og kosti hans.

Salurinn er fyrir alla

Mikilvægur þáttur í fræðslu- og barnastarfi Salarins er Menning fyrir alla þegar öllum stigum í grunnskólum Kópavogs er boðið á tónleika í Salnum. Eins er leikskólabörnum boðið á tónleika á Barnamenningarhátíð. Stefnt er á að halda þessum þætti starfseminnar gangandi á komandi ári.

Fjölmenningarviðburðir eru mikilvægur þáttur í að tryggja að menning sé aðgengileg fyrir fjölbreyttan hóp gesta og unnið verður að því á nýju ári að gera upplýsingar um viðburði Salarins aðgengilegar á ensku.

Nýsköpun

Tónskáldaverkefni Salarins, Tónverk, heldur áfram sem nýsköpunarverkefni sem stuðlar að nýsköpun í tónverkagerð og verður kynnt á nýju ári með hvaða hætti verkefnið mun fara fram.

Kaup á flygli

Bæjarstjóri Kópavogs, Ásdís Kristjánsdóttir, tilkynnti í lok árs að ráðist verði í það spennandi verkefni að kaupa nýjan Steinway flygil fyrir Salinn.

Endurmörkun á markaðsefni

Áfram verður haldið að vinna í endurmörkun á kennimerki og markaðsefni Salarins. Heimasíða Salarins verður endurskoðuð og uppfærð í takt við breyttar áherslur og hönnun.

Gott og náið samstarf

Áfram verður unnið að farsælu samstarfi við hin menningarhúsin í Kópavogi og við tónlistarmenn sem vilja koma hugmyndum sínum í framkvæmd og þurfa til þess stuðning og ramma sem Salurinn getur boðið upp á. Sem fyrr verður boðið upp á góða og persónulega þjónustu við samstarfsaðila og gesti Salarins.


LYKILTÖLUR

	Fjöldi viðburða 2022	Gestafjöldi 2022	Fjöldi viðburða 2023	Gestafjöldi 2023	Fjöldi viðburða 2024	Gestafjöldi 2024
Gestir í Salnum		26.284		34.251		30.393
Viðburðir í Salnum	184	23.200	184	23.200	135	27.613
- þar af tónleikar Salarins og samstarfsverkefni	31	3.594	0	2.375	47	6.285
- þar af viðburðir og hátíðir MEKÓ	24	3.229	0	6.547	28	0
- þar af almennir tónleikar (útleiga)	61	11.678	0	13.856	0	0
- þar af ráðstefnur og fundir	21	2.965	0	3.309	18	2.497
- þar af tónfundir Tónlistarskóla Kópavogs	47	1.734	0	2.578	26	1.225
Skólaheimsóknir	15	1.725	15	1.725	0	0
- þar af menningarfræðsla MEKÓ	15	1.725	15	1.725	0	0
- þar af List fyrir alla						
Æfingar	87	1.060	87	1.060	62	1.050
- þar af æfingar Tónlistarskóla Kópavogs	36	560	36	560	37	659
Upptökur	5	24	5	24	9	179


FJÁRMÁL 2022-2024 OG ÁÆTLUN 2025

	2022 í þús. kr.	2023 í þús. kr.	2024 í þús. kr.	Áætlun 2025 í þús. kr.
Tekjur				
Rekstrartekjur	106.775	-112.767	-99.980	-34.302
Gjöld				
Laun og launatengd gjöld	43.222	53.523	57.213	64.377
Annar rekstrarkostnaður	124.503	134.101	129.175	62.940
REKSTRARNIÐURSTAÐA	60.950	74.857	86.408	93.015

FJÖLDI GESTA



FJÖLDI VIÐBURÐA



meko.is

bokasafn.kopavogur.is
gerdarsafn.kopavogur.is
natkop.kopavogur.is
salurinn.kopavogur.is